

allt

ÁSTA HRAFNHILDUR GARDARSDÓTTIR

Stundin mín með kaffi og útvarpi

heimili • tíska • heilsa

í MIÐJU BLAÐSINS ►



GUÐRÚN ÁRNADÓTTIR

Leikhúsunnandi fram í fingurgóma

EKKI MISST AF FRUMSÝNINGU Í 50 ÁR

FÓLK 54 ►



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. september 2005 - 235. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

Blikastúlkur Íslandsmeistarar

Breiðablik tryggði sér Íslandsmeistaratítulinn í fimmtánda sinn með 5-1 sigri á ÍA á Akranesi í gær. Þetta er fyrsti titill Blika í fjögur ár en liðið er taplaust í sumar og á möguleika á að vinna bikarinn líka seinna í þessum mánuði.

ÍPRÓTTIR 36

Olíuverð í uppheimum

Mörgum bregður skiljanlega í brún við að þurfa nú að borga 113 til 120 krónur fyrir hvern bensín-lítra sem kostaði 70 krónur fyrir ekki alls löngu, segir Þorvaldur Gylfason hagfræðingur og veltir fyrir sér hvað sé til ráða.


UMRÆÐAN 24

Mojito ekki sama og mojito

Drykkurinn hefur slegið í gegn á Íslandi en það er ekki sama hvernig hann er búinn til. Stefán Óskarsson, yfirbærþjónn á Salt, veit nákvæmlega hvernig hlutföllin eiga að vera.

MATUR OG VÍN 48

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTAST AUSTAN TIL Rigning eða skúrir á Vestfjörðum, vestan til og sums staðar um suðaustanvert landið, annars yfirleitt þurr að kalla. Hiti 5-12 stig, hlýjast fyrir austan.

VEÐUR 4

LESTUR MEDAL KVENNA 25-54 ÁRA

Fylgstu með tískunni

55%

Fréttablaðið

Tíska o.fl. á fimmtudegi

37%

Mbl.

Tímari Morgunblaðsins

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í ágúst 2005.



ARNÞÓR ÞORVALDSSON MÁVASKYTTA Arnþór skaut mikið af mávum á árum áður í Kollafirði en þar má nú ekki skjóta lengur og hefur mávum fjölgað mjög í Reykjavík vegna þess að mati Arnþórs.

Skjóta sjö þúsund máva á ári hverju

Um það bil sjö þúsund mávar eru skotnir í Reykjavík á hverju ári. Það dugar ekki til og kvartanir aukast ár frá ári vegna ágangs máva. Borgaryfirvöld hvetja íbúa borgarinnar til að ganga snyrtilega um.

VEIÐAR „Við skjótum mest á urðunarstaðnum í Álfsnesi en þangað sækja mávarnir í leit að æti. Við skjótum líka í eyjunum úti á sundunum,“ segir Guðmundur Friðriksson, skrifstofustjóri neyslu- og úrgangsmála hjá Reykjavíkurborg. Hann segir að alls séu skotnir um sjö þúsund mávar á hverju ári en það dugi ekki til því kvartanir berist í síauknum mæli inn á borð borgaryfirvalda.

Á fundi umhverfisráðs Reykjavíkur á dögunum var lagt fram svar umhverfissviðs borgarinnar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins þar sem fram kom að mávum hefði fjölga-

að verulega og til greina kæmi að grípa til aðgerða vegna þess.

„Veiðifélög í borginni hafa til að mynda óskað eftir aðstoð þar sem mávurinn étur seiði sem ganga niður árnar en almennt séð sjáum við meira af mávum núna en áður. Aðgerðirnar virðast ekki duga til. Við brýnum fyrir fólki að ganga snyrtilega um borgina því mávarnir leita í rusl á götum borgarinnar,“ segir Guðmundur.

Arnþór Þorvaldsson mávaskytta segir að skotveiðibann innan borgarmarkanna sé meginástæðan fyrir því að mávum hafi farið fjölgandi. „Áður en Kjalarnes rann inn í Reykjavík sem eitt sameinað

sveitarfélag gat ég skotið máva í uppeldisstöðvum mávins í Kollafirði, Víðinesi og Naustanesi. Þar er mikið varp en eftir að sveitarfélögin sameinuðust er bannað að skjóta. Þess vegna eru mávar sofandi á hverjum ljósastaur í borginni snemma á morgnana og éta allan mat frá öndunum á Tjörninni,“ segir Arnþór. Hann segist sjálfur hafa skotið um fjögur þúsund máva á hverju ári en fái það ekki lengur og telur það meginástæðuna fyrir ástandinu eins og það er í dag. „Síðustu sex árin hefur mávum fjölgað, einmitt vegna þessa,“ segir Arnþór.

- hb

Forstjóraskipti í KB banka:

Ingólfur í stað Hreiðars Más

VIÐSKIPTI Ingólfur Helgason, framkvæmdastjóri Markaðsviðskiptadeildar KB banka, tekur við starfi forstjóra KB banka á Íslandi af Hreiðari Má Sigurðssyni samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Hreiðar Már mun stjórna frekari uppbyggingu Kaupþings banka frá Lundúnum. Er þetta liður í skipulagsbreytingum og frekari hrókeringum æðstu stjórnenda innan fyrirtækisins.

Ingólfur Helgason er viðskiptafræðingur að mennt og hóf störf við einstaklingsráðgjöf hjá Kaupþingi árið 1993. Hann gegndi stöðu framkvæmdastjóra Markaðsviðskipta Kaupþings frá 1997 til 2003 og sömu stöðu hjá KB banka frá árinu 2003.

-jsk

Öngþveiti í Bagdad:

Þúsund manns sagðir látnir

ÍRAK Allt að eitt þúsund manns eru taldir hafa bedið bana í höfuðborg Íraks í gær þegar helgiganga sjá leystist upp í öngþveiti vegna ótta um að sjálfsmorðssprengjumaður væri í hópnum. Flestir hinna látnu tróðust undir í mannþrönginni en einnig drukknuðu margir í ánni Tigris.

„Við heyrðum að maður væri með sprengju í hópnum. Allir tóku að hrópa og því dýfði ég mér í ána og synti til lands. Ég sá konur, börn og gamalt fólk falla á eftir mér ofan í fljótið,“ sagði Fadhel Ali, 28 ára.

Þetta er mannskæðasti einstaki atburðurinn í Írak síðan ráðist var inn í landið vorið 2003.

Sjá síðu 4

HÚN ER KOMIN Í SKÍFUNA!



Leikir. Kvikmyndir. Tónlist. Ljósmyndir. PlayStation Portable. www.yourpsp.com



...skemmtir þér ;)

Þrír af hverjum fjórum vilja engar breytingar á hátíðarhöldunum:

Mikil ánægja með Menningarnótt

SKOÐANAKÖNNUN Mikill meirihluti Reykvíkinga er sáttur við Menningarnótt eins og hún hefur verið haldin, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Rúm 74 prósent þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar sögðu að Menningarnótt ætti að halda að ári, með svipuðu sniði og nú var gert. Rúm 25 prósent töldu að einhverjar breytingar ætti að gera.

Sif Gunnarsdóttir, verkefnis-

stjóri viðburða hjá Höfuðborgarstofu, segist himinlifandi með niðurstöðurnar. „Hins vegar þegar hátíð er orðin tíu ára, eins og Menningarhátíð, er full ástæða til að staldra við og skoða hana aftur, líkt og við höfum verið að gera.“ Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir að alltaf sé hægt að fjölga lögreglumönnum, en það komi þó ekki í veg fyrir þústra. „Ég er á því að færa Menning-

arnótt á sunnudag. Það er slæmt að tengjast inn á þennan laugardag, sem er síðasti laugardagurinn fyrir skólabyrjun.“

Könnun var gerð dagana 27. og 28. ágúst. Hringt var í 800 Reykvíkinga, skipt jafnt milli kynja og valið af handahófi úr þjóðskrá. Spurt var: „Á að halda Menningarnótt að ári með svipuðu sniði og nú var gert?“ og tóku 94,4 prósent svarenda afstöðu til spurningarinnar.

- ss

Nýtt Hagkaupsblað

fylgir Fréttablaðinu í dag*

*á völdum svæðum



SPURNING DAGSINS

Árni, þú vilt ekki vera í einhverju öðru sæti?

„Jú, ég er til í að vera í hvaða öðru sæti sem er.“

Árni Þór Sigurðsson sækist eftir öðru sæti á lista VG fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

EITUREFNAKAFARAR AÐ STÖRFUM Eiturefnakafarar frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins við Krókháls í gærkvöldi.

Eiturefnaleki við Krókháls:

Saltþétursýra lak hjá Össuri

LÖGGÆSLA Töluvert magn af saltþétursýru lak út við húsnæði Össurar við Krókháls á tíunda tímanum í gærkvöldi. Verið var að vinna í húsnæðinu þegar starfsmenn urðu lekans varir og hringdu í Neyðarlínuna.

Eiturefnakafarar frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins voru sendir á vettvang og nærliggjandi götum var lokað. Ekki var talið að neinn hefði andað efninu að sér þannig að skaði hlytist af. - **hb**

Sat inni í 22 ár:

Fær ekki að kæra ríkið

FLÓRÍDA. AP Karlmaður sem sat 22 ár í fangelsi fyrir glæp sem hann framdi ekki getur ekki höfðað skaðabótamál á hendur Flórídaríki. Þannig hljóðar úrskurður dómara í máli Wilton Dedge, sem var dæmdur fyrir nauðgun sem hefur síðan verið sýnt fram á að hann var saklaus af.

Dómarinn sagði mál Dedge sorglegt en að löggjöf Flórída verndaði ríkið frá lögsóknum sem þessari. Því gæti aðeins ríkisþing Flórída tekið á máli hans. ■

Iceland Express fjölgar áfangastöðum frá og með maí á næsta ári:

Flogið til sex nýrra áfangastaða

FERÐAMÁL Flugfélagið Iceland Express mun hefja áætlunarflug til sex borga í Evrópu frá og með maí á næsta ári, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þrír áfangastaðanna eru á Norðurlöndunum og þrír í Þýskalandi.

Borgirnar sem flogið verður til á Norðurlöndunum eru Björgvin, Gautaborg og Stokkhólmur en þýsku áfangastaðirnir eru Hamborg, Berlín og Friedrichshafen. Mun Iceland Express meðal annars ætla að reyna selja ferðir sínar erlendum ferðamönnum á þessum slóðum auk þess sem áfangastaðirnir munu vera valdir þar sem ferðir

Íslendinga til norrænu borganna eru tíðar.

Iceland Express mun taka í notkun þrjár nýjar vélar af sömu gerð og stærð og félagið notar í dag vegna hinna nýju áfangastaða. Má búast við að fargjöld verði á svipuðu verði og þau eru til núverandi áfangastaða félagsins en félagið flýgur til Kaupmannahafnar, Lundúna og Frankfurt í dag. Áætlað er að flug til þessara borga muni standa til boða fljótlega en fyrstu vélarnar halda utan í lok maí á næsta ári. - **hb**

NÝJAR FLUGLEIÐIR Iceland Express ætla að bæta þremur þotum í flota sinn.



Litháinnn hefði mátt sækja sýruna sína

Ófullnægjandi rannsókn lögregluþyrvalda á Keflavíkurflugvelli er harðlega gagnrýnd í sýknudómi yfir Litháa sem ákærður var fyrir smygl á brennisteins-sýru. Litháinnn er farinn úr landi en hefði í raun getað sótt efnið aftur.

DÓMSTÓLAR Litháískur karlmaður á fertugsaldri var í gær sýknaður af ákæru um að hafa smyglað hingað brennisteinssýru til fíkniefnagerðar. Þá var upptökukröfu ákæruvaldsins vísað frá dómi og sakarkostnaður felldur á ríkissjóð.

Sævar Lýðsson, fulltrúi sýslumanns á Keflavíkurflugvelli, sagði eftir að dómurinn hafði verið skoðaður í gær að honum yrði ekki áfrýjað. Litháinnn hafði þá fengið afhent vegabréf sitt og var á leið úr landi.

„Ég bjóst nú frekar við þessari niðurstöðu,“ sagði Guðrún Sesselja Arnardóttir, verjandi Litháans. Dómurinn telur ekki fullar sönnur hafa verið færðar á innihald flaskanna sem teknar voru af honum. „Álit dómsins er að sá vafi nægi einn og sér til sýknu, en bætir svo líka við að efasemdir séu um huglæg refsiskilyrði fyrir brotinu, það er að segja hvort ákærði hafi vitað eða mátt vita að hann væri að flytja brennisteinssýru til landsins,“ bætti hún við.

Dómurinn gagnrýnir rannsókn málsins harðlega og segir sókn þess öðru fremur hafa einkennst af „órökstuddum dylgjum um að ákærði sé bendlaður við alþjóðlega glæpastarfsemi“. Þá er því hafnað að útskýringar mannsins á ferðum sínum hafi verið ótrúverðugar. „Er og alþekkt að menn leggja í langferðir til að leyna framhjáhaldi fyrir maka sínum,“ segir dómurinn.

„Dómurinn er náttúrliga mjög strangur og mikil vonbrigði. Hingað til hefur verið lítið framhjá sögutilbúnaði burðar-



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GUÐRÚN SESSELJA ARNARDÓTTIR LÖGMAÐUR OG LITHÁISKUR SKJÓLSTÆÐINGUR HENNA Lithái var sýknaður af broti á fíkniefnalöggjöf í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Dómurinn taldi skýringar hans á ferð sinni hingað ekki hafa verið hraktar og það sama gildi um fyrri ferðir hans hingað. „Vart má útiloka að hann sé einfaldlega hrifinn af landi og þjóð,“ segir í dóminum.

dýra sem tekin hafa verið með ólögleg efni í tolli og því kemur þetta nokkuð á óvart,“ sagði Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, en hann var í gær staddur í útlöndum. „Ég er ekki fyllilega búinn að kynna mér forsendur dómsins en við tökum til skoðunar og úrbóta aðfinnslur gagnvart okkar vinnu.“

Heimildir blaðsins herma að

innan lögreglu velti menn því nú fyrir sér hvort farin hafi verið rétt leið í vali á ákæru í málinu, því ekkert hafi legið fyrir um tengingu við amfetamínframleiðslu. Þannig hefði ef til vill verið líklegra til sakfellingar að kæra Litháann fyrir að hafa stofnað lífi og limum fólks í hættu með því að vera með sýruna í handfangri í flugvél.

olikk@frettabladid.is



FRÁ FUNDINUM Á ÞRIÐJUDAG Matthías G. Pétursson, formaður sóknarnefndar, ásamt sóknarbörnum í Garðasókn.

Deilur í Garðasókn:

Staða sóknarprests auglýst

GARÐASÓKN Þrír voru kjörnir í sóknarnefnd Garðasóknar á aðalsafnaðarfundum sóknarinnar á þriðjudag en listi með stuðningsmönnum Hans Markúsar Hafsteinssonar náði ekki kjöri. Hans Markús fékk í gær frest til 1. október til að ákveða hvort hann ætli að þiggja nýja stöðu héraðsprests eða óska eftir lausn frá embætti. Staða sóknarprests í Garðasókn verður auglýst á næstunni en sóknarnefnd mun í framhaldinu skipa valnefnd. Sóknarbörn geta þó krafist þess að kosið verði milli umsækjenda ef til þess fást undirskriftir þrjátíu prósent atkvæðisbærra sóknarbarna. - **hb**

Fuglaflensa:

Breiðist líklegast víðar

RÓM. AP Fuglaflensan, sem hefur gert vart við sig víða í Austur-Asíu, mun líklega dreifast til Evrópu, Mið-Austurlanda, Suður-Asíu og Afríku að mati Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Stofnunin hvetur ríkisstjórnir til að auka eftirlit og gera ráðstafanir ef neyðarástand skyldi skapast.

Að mati stofnunarinnar berst veiran líklega langar leiðir með villtum fuglum. Flensan greindist nýlega í Síberíu og getur auðveldlega borist að Kaspíahafi og Svartahafi og átt þaðan greiðan aðgang að Mið-Evrópu. ■



Kristín Gísladóttir sjúkrabjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.



Opið virka daga: 10-18

Reykjavík: Mörkín 4, s: 533 3500

Langlundargeð starfsmanna hjúkrunar- og meðferðarheimila á þrotum:

Verkfall yfirvofandi ef ekki semst

ATVINNUMÁL „Við eigum fund í dag með ríkissáttasemjara og ef ekki næst samkomulag þar er ég ansi smeykur um að það þurfi að koma til verkfalls,“ segir Árni Stefán Jónsson, framkvæmdastjóri stéttarfélagsins SFR, sem í sex mánuði hefur reynt að ganga frá kjarasamningum við Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, SFH, en án árangurs.

Starfsmenn samtakanna, sem eru jafnframt félagsmenn hjá SFR, vinna hjá meðferðar- og hjúkrunarheimilum eins og Hrafnistu, Grund, SÁÁ og fjölda annarra. Því er ljóst að áhrifin yrðu gríðarleg ef til verkfalls kæmi.

Starfsmennirnir héldu fund í gær og segir í ályktun fundarins að langlundargeð þeirra sé á þrotum og því krefjast þeir þess að forsvarsmenn SFH gangi frá kjarasamningum við SFR án tafa



HRAFNISTA Í HAFNARFIRÐI Hrafnista er ein af þeim stofnunum sem yrðu fyrir miklum skakkaföllum ef til verkfalls kæmi hjá starfsmönnum Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu.

svo ekki þurfi að koma til alvarlegra átaka. Einnig var stjórn SFR falið að undirbúa atkvæðagreiðslu um verkfall hjá stofnunum innan samtakanna.

„Í raun er það ságrætilega lítið sem ber á milli og það er því alveg sorglegt að svo lítil þúfa ætli að velta svo stóru hlassi,“ segir Árni Stefán.

- **jse**



SIMPLY CLEVER

Skoda Octavia

1.820.000 kr.



Skoda Octavia

Nýr Skoda Octavia er glæsilegur bíll sem hefur sópað að sér verðlaunum og viðurkenningum. Nýi bíllinn er stærri, öruggari og betur búinn en nokkru sinni og erfir helstu kosti fyrirrennara sinna: áreiðanleika, lága bilanatiðni og frábæra aksturseiginleika.

Og eins og áður er Octavia á verði sem enginn sambærilegur bíll keppir við.



GullnaStýrið

Skoda Octavia hefur meðal annars hlotið Gullna stýrið, einhver eftirsóttustu bílaverðlaun heims.



Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

GENGIÐ			
GENGI GJALDMIÐLA 31.08.2005			
	KAUP	SALA	
 Bandaríkjadalur	USD	62,41	62,73
 Sterlingspund	GBP	112,42	113
 Evra	EUR	76,94	77,41
 Dönsk króna	DKK	10,31	11,38
 Norsk króna	NOK	9,79	9,85
 Sænsk króna	SEK	8,25	8,3
 Japanskt jen	JPY	0,562	0,566
SDR	XDR	90,47	91,08
Gengisvísitala krónunnar			
107,17			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Nýr framkvæmdastjóri KEA:
Á áttunda tug umsókna

ATVINNA Á milli sjötíu og áttatíu umsóknir bárust um starf framkvæmdastjóra Kaupfélags Eyfirdinga en umsóknarfrestur rann út síðastliðinn laugardag. Benedikt Sigurðarson, stjórnarformaður KEA, segir að verið sé að vinna úr umsóknum og í kjölfarið verði rætt sérstaklega við nokkra aðila.

„Stjórnin mun koma saman næstkomandi mánudag og ef vel gengur munum við ganga frá ráðningu nýs framkvæmdastjóra þann dag en annars fljótlega í næstu viku,“ segir Benedikt.

- ók

Úrskurðaður í gæsluvarðhald:
Réðst á fyrrum sambýliskonu

DÓMSTÓLAR Maður sem réðst á fyrrverandi sambýliskonu sína og sló ítrekað í höfuðið með felgulykli síðasta sunnudag hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 20. september. Úrskurðurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Vesturlands í gær, en manningunum er einnig gert að sæta geðrannsókn.

Konan, sem er tæplega þrítug, hlaut verulega áverka af árásinni, en maðurinn komst óboðinn inn á heimili hennar. Hún náði að flýja upp á efri hæð hússins þar sem tvö börn þeirra sváfu og hringja á hjálp, en maðurinn fór af vettvangi. Hann var svo handtekinn og fluttur á geðdeild Landspítalans.

- ók



Maður kærður fyrir að hóta barnsmóður og fyrrverandi tengdafólki:
Stakk lögreglumann í pungstað

DÓMSTÓLAR Fertugum manni er gefin að sök sérlega hættuleg líkamsárás á lögreglumann, auk eignaspjalla og hótana í garð barnsmóður og fyrrverandi tengdafólki. Aðalmeðferð fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Í ákæru kemur fram að í byrjun júní í fyrra hafi maðurinn kastað grjóti í gegnum rúðu á heimili fyrrverandi tengdafólks síns, þannig að auk rúðubrotsins skemmdist parkett, borð og veggur í eldhúsi. Einnig rispaði hann bíl sem stóð við húsið. Þegar lögregla mætti á heimili mannsins í kjölfar skemmdar-

verkana lagði hann til tveggja lögreglumanna með hnífi. Lögreglumennirnir sködduðust ekki en þó náði hann að stinga annan þeirra í pungstað þannig að samfestingur skemmdist. Tvö göt komu á samfestinginn, annað efst á hægri læri innanvert og hitt vinstra megin í nára „og gat kom á nærbuxur þar fyrir innan,“ segir í ákærunni. Maðurinn er sagður hafa stofnað lífi og heilsu lögreglumannsins í „augljósan háska á ófyrirleitinn hátt“. Þá hótaði maðurinn barnsmóður sinni og fyrrverandi tengdafólki lífláti með bréfasendingum og SMS-skilaboðum.

- ók



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR „Hæ [xx] ef ad tú leyfir mér ekki ad sjá [xx] aftur dá skal ég skjóta tig í hausinn 2 eda 3 desember og dá ertu daud og ég líka og dá eiga [xx] ekki pabba eda mömmu bæ bæ,“ segir í hótun manns til barnsmóður sinnar síðasta sumar. Réttad var yfir honum í Reykjavík í gær.

Spornað gegn salmonellu:
Hömlur á innflutningi

NEYTENDUR Umhverfisráðuneytið hefur formlega sett innflutningshömlur á tiltekin matvæli sem hingað koma frá Taílandi sökum þess að í þeim hefur fundist örverumengun, þar með talin salmonella.

Tilkynningin kemur í kjölfarið á hömlum sem Umhverfisstofnun hafði áður sett á gagnvart fersku og frosnu grænmeti frá landinu en geti söluaðili hirlendis ekki sýnt vottorð um ásættanlegt örveruástand verður að taka viðkomandi vöru af markaði.

- aðe



ÓLÝSANLEGAR HÖRMUNGAR /Ettingjar þeirra sem fórust í Bagdad í gær voru niðurbrotnir þegar þeir sáu lík ástvina sinna.

Allt að eitt þúsund manns dóu

Óttast er að allt að eitt þúsund sjíar hafi drukknað eða troðist undir þegar öngþveiti myndaðist á trúarhátið í Bagdad í gær. Þetta er mannskæðasti einstaki atburðurinn í Írak síðan ráðist var þar inn vorið 2003.

ÍRAK Allt að eitt þúsund manns eru taldir hafa bedið bana í höfuðborg Íraks í gær þegar helgiganga sjía leystist upp í öngþveiti vegna ótta um að sjálfsmorðsprengjumaður væri í hópnum. Flestir hinna látnu tróðust undir í mannþrönginni en einnig drukknudu margir í ánni Tígris.

Talið er að rúmlega ein milljón trúaðra sjía hafi tekið þátt helgigöngunni í gær sem var haldin til minningar um dauða Moussa ibn Jaafar al-Kadhím árið 799, eins hinna tólf svonefndu imama sem sjíar hafa í hávegum. Sjö manns höfðu týnt lífi í sprengjuárásum sem gerðar voru við Khadim-

moskuna í gærmorgun, þar sem imaminn liggur grafinn, og því voru margir þátttakenda í göngunni óttaslegnir um að ráðist yrði á þá.

Þegar stór hluti göngunnar var staddur á Al-A'imma brúnni yfir Tígrisfljótið kom upp orðrómur að sjálfsmorðsprengjumaður væri í hópnum. Greip þá um sig mikil skelfing og algjört öngþveiti skapaðist. Stór hluti göngumanna virðist hafa troðist undir en þeir sem áttu fótum sínum fjör að launa stukkum niður í Tígris, sem rennur tíu metrum undir brúnni. Margir þeirra komust ekki upp á bakka

árinna heldur drukknudu í leirgulu fljótinu.

Einn þeirra sem komst upp úr Tígris var Fadhel Ali, 28 ára. „Við heyrðum að maður væri með sprengju í hópnum. Allir tóku að hrópa og því dýfði ég mér í ána og synti til lands. Ég sá konur, börn og gamalt fólk falla á eftir mér ofan í fljótið.“

Fjöldi þeirra sem lést liggur ekki nákvæmlega fyrir en BBC hermír að allt að þúsund manns séu taldir af. Líkhús borgarinnar fylltust á augabragði og því voru lík geymd úti á götu í kæfandi hitanum. Grátandi ættingjar ráfuðu á milli líkana og reyndu að finna

ástvini sína þar á meðal.

Að líkindum var enginn sprengjumaður í hópnum, í það minnsta hefur lögregla ekki fundið nein merki um sprengiefni. Samt sem áður kenndu leiðtogar sjía „öfgamönnum, stuðningsmönnum Saddams og hryðjuverkamönnum“ um harmleikinn. Leiðtogar súnnía hafa hins vegar látið harm sinn í ljós. „Á þessari sorgarstundu vottum við öllum Írókum samúð okkar og sérstaklega foreldrum píslarvottanna sem í dag biðu bana í Kazimiyahverfinu,“ sagði Haith al-Dhari súnníaklerkur.

sveinn@frettabladid.is

VEÐRIÐ Í DAG

HÆGLÆTISVEÐUR VÍÐAST HVAR
Reyndar verður belgingur í honum á Vestfjörðum og á annesjum vestan til, að öðru leyti hægviðri.


SÓL?
Ja, eins og staðan er í kortunum er helst að sjá að hann geti rífið sæmilega eða jafnvel allvel af sér á Austurlandi og austast á Norðausturlandi.

BERJAVEÐUR UM HELGINA?
Því miður er að þróast yfir í rigningu vestan til á landinu en þurr og sumstaðar bjart austan til. Á sunnudag verður að líkindum þurr víðast hvar.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Í dag um hádegis




Veðurhorfur í borgum í dag


Kaupmannahöfn	21°C heiðskirt	Paris	25°C heiðskirt	Alicante	30°C heiðskirt
Ósló	20°C heiðskirt	Berlín	29°C heiðskirt	Milano	28°C hálfskyjað
Stokkhólmur	20°C heiðskirt	Frankfurt	31°C heiðskirt	New York	30°C heiðskirt
Helsinki	17°C heiðskirt	Madrid	35°C heiðskirt	San Francisco	19°C heiðskirt
London	24°C skúrir	Barcelona	29°C hálfskyjað	Orlando/Florida	32°C skúrir

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknud með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Á morgun



Laugardagur



Kannastu við tilfinninguna að fá hærri einkunn á prófi en þú reiknaðir með?

Síðasti dagurinn á morgun

- örfáir bílar eftir!

Það er eins og að fá meiri bíl en maður borgar fyrir og Medion fartölvu í kaupauka.

Á Skóladögum hjá Betri notuðum bílum getur þú valið um **100 bíla** á aldeilis frábærum tilboðskjörum. Nú er tækifærið til að hífa upp mætinguna í skólann í vetur. Komdu og kynntu þér málið. Þeir fyrstu verða ekki síðastir.



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA/IS TOY 2024/5 08/2005

Í samstarfi við



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.

Toyota
Nýbýlavegi 4
KÓPAVOGUR
Sími 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
AKUREYRI
Sími: 460-4300

Bírfreiðaverkstæði Borgþórs
Miðási 2
EGILSSTAÐIR
Sími: 471-2660

Toyotasalurinn
Njarðarbraut 19
REYKJANESBÆR
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn
Fosnesi 14
SELFOSS
Sími: 480-8000



KJÖRKASSINN

Ætlar þú að stunda líkamsrækt í haust?

Niðurstöður gærdagsins á [vísir.is](#)

Já	59%
Nei	41%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Hefur þú farið á Þjóðminjasafnið síðan það opnaði aftur?

Farðu inn á fréttahluta vísir.is og segðu þína skoðun



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

VILL VEGLÝSINGU Eiríkur Bj. Björgvinsson, bæjarstjóri Fljótshéraðs, hefur farið þess á leit við Vegagerðina að vegurinn frá gatnamótum Fagradalsbrautar og Norðfjarðarveggar og að Eyvindarárbrú verði upplýstur. Þetta vill hann að verði gert áður en myrkva fer að ráði í haust enda aukið það öryggi vegfarenda til muna.

HB Grandi ræður yfir mestum fiskveiðiheimildum allra útgerðarfyrirtækja:

Nær helmingur kvótans í höndum tíu fyrirtækja

AFLAHEIMILDIR HB Grandi er með mestar aflaheimildir í upphafi næsta fiskveiðiárs, í þorskígildistönnum talið, en nýtt fiskveiðár hefst í dag. Aflahlutdeild HB Granda nemur 8,87 prósentum af heildarúthlutuninni en þar á eftir kemur Samherji með 7,29 prósent og Þorbjörn Fiskanes með 5,03 prósent. Tíu kvótahæstu fyrirtækin ráða samtals yfir hátt í helmingi aflaheimilda þjóðarinnar eða 47,74 prósentum.

Útgerðarfélag Akureyringa var til skamms tíma á meðal þriggja kvótahæstu útgerða landsins en nú er Brim, eins og

félagið heitir í dag, í nýnda sæti. Útgerðarfélagið Tjaldur, sem er í eigu sömu eigenda og Brim, er sjöunda kvótahæsta sjávarútvegsfyrirtækið og samantlagt nema aflaheimildir félaganna tveggja 7,19 prósentum af heildarúthlutuninni. Samanlagðar aflaheimildir Brims og Tjalds á fiskveiðiárinu sem nú er að ljúka námu 6,68 prósentum af heildarúthlutuninni.

- kk

VILHELM ÞORSTEINSSON EA Enn á eftir að úthluta aflaheimildum utan íslensku lögsögunnar, þar á meðal kolmunna og norsk-íslenskri síld, og ekkert liggur fyrir um aflaheimildir í loðnu.



FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJAN

AKUREYRI

VILJA LÓÐ NÆRRI MIÐBÆNUM Forsvarsmenn Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri hafa óskað eftir viðræðum við bæjaryfirvöld um lóð fyrir stúdentaþúðir nærri miðbæ Akureyrar. Taki bæjaryfirvöld vel í erindið er hugmynd stúdenta að hefja byggingu fjölbýlishúss með þrjátíu til fimmtíu einstaklingsíbúðum næsta vor.

Stoltenberg vill stokka upp opinbera þjónustu

Beinn stuðningur samtaka launafólks í Noregi við Verkamannaflokkinn er þyrnir í augum hægrimanna ellefu dögum fyrir þingkosningarnar. Formaður Verkamannaflokksins vill ekki einkavæða heldur stokka upp í opinberum rekstri.



Norsku
ÞINGKOSNINGARNAR

STJÓRNMÁL Jens Stoltenberg, formaður norska Verkamannaflokksins, hitti tvo helstu leiðtoga samtaka launafólks á ráðstefnu um velferð og valfrelsi í gær, en flokkurinn talar fyrir uppstokkun í opinberum rekstri. „Það stendur sem samþykkt var á landsfundi Verkamannaflokksins að við, sem hlynt erum opinberum umsvifum og þjónustu, viljum jafnframt stokka upp. Hægrimenn tala aðeins fyrir einkavæðingu. Endurnýjun er okkar markmið. Það kemur meðal annars fram í áformum okkar um endurskoðun tryggingabóta sem ætlað er að fækka fólki á framfærslu hins opinbera en fjölga fólki á vinnu-markaði,“ segir Stoltenberg.



JENS STOLTENBERG, FORMADUR VERKAMANNAFLOKKSINS Staða hans virðist sterk þegar ellefu dagar eru til þingkosninganna. Beinn stuðningur samtaka launafólks í Noregi við Verkamannaflokkinn er þyrnir í augum hægriflokkanna.

Hann kveðst andvígur einkavæðingu innan heilbrigðis- og skólakerfisins og í umönnunarþjónustu. „Ég held mig við það sem ég hef áður sagt að markaðslausnir gilda ekki á þessum sviðum.“

Frjálslyndi flokkurinn Venstre, sem stutt hefur hægristjórn Bondeviks, telur koma til greina að þrengja verkfallsréttinn og koma þannig í veg fyrir langvinn verkföll sem hafi haft víðtæk neikvæð áhrif á norskt efnahagslíf síðustu misserin.

Gerd-Liv Valla, forseti norska Alþýðusambandsins, segir að launamunur aukist og réttindi launamanna verði skert nái hægriflokkarnir völdum á nýjan leik.

Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra og formaður Kristilega þjóðarflokksins, heitir auknum stuðningi við þá efna-

minnstu. Hann vill bæta hagörvorkja, gera reglur um vinnutíma sveigjanlegri og skapa þeim aukin tækifæri til að bæta fjárhagslegt öryggi sitt umfram þann beina stuðning sem kemur frá hinu opinbera.

Verkalyðshreyfingin styður Verkamannaflokkinn í kosningarátunni en það er hægriflokkunum mikill þyrnir í augum. Stuðningur samtaka launafólks við Verkamannaflokkinn og „rauðgrænt“ bandalag hans við Sósíalíska vinstriflokkinn og Miðflokkinn hefur skert hugmyndafræðileg átök í kosningarátunni í Noregi. Fréttaskýrendur telja jafnvel að þetta geti stuðlað að nánari samvinnu hægriflokkanna á nýjan leik þótt varla fari þeir í eina sæng fyrir þingkosningarnar 12. september næstkomandi.

johannh@frettabladid.is

Kortasalan stendur yfir!

Opið kort
Gildir á fimm sýningar
Þegar löngunin grípur þig!
Verð: 10.500 kr.

Áskriftarkort á Stóra sviðið
Gildir á fimm sýningar
Þitt sæti!
Verð: 10.500 kr.

Áskriftarkort á minni sviðinu
Gildir á sex sýningar
Frábær kjör!
Verð: 10.500 kr.

[www.leikhusid.is](#)



FlexMusic og Corona kynna:

KING OF THE UNIQUE

FOUR ARMS
TWO HEADS!
ONE BRAIN!

á samt Toybox [Grétar G. & Mr. Goodman]

Föstudagskvöldið 2. sept. á NASA.

Miðoverð 1000 kr. farsala í þrumunni laugavegi 49.

Miðoverð 1500 kr. við dyr

Málið opnar 23:00

[www.kingoftheunique.com](#) / [www.flex.is](#)



Óttast er að hundruð manna hafi farist í hamförunum í Bandaríkjunum:

Ástandið fer stöðugt versnandi

NEW ORLEANS, AP Algert neyðarástand ríkir á hamfarasvæðunum í sunnanverðum Bandaríkjunum. Óttast er að hundruð manna hafi týnt lífi af völdum fellibylsins Katrínar.

Vatnsborð hélt áfram að hækka í New Orleans í gær enda er 150 metra langt skarð í varnargarðinum sem liggur að Pontchartrain-vatni. Ray Nagin, borgarstjóri New Orleans, telur líklegt að þúsundir manna hafi farist í fellibylinum. „Útlit er fyrir að fólk fái ekki að snúa aftur heim fyrr en eftir 3-4 mánuði,“ sagði Ray Nagin, borgarstjóri New Orleans, í sjónvarpsviðtali í gær. Hann bætti því við að lík



GRIPDEILDIR HALDA ÁFRAM Ótíndir ræningjar víla ekki fyrir sér að fara um ráns-hendi.

hefðu sést fljóttandi í vatninu og veruleg hættu væri talin á að af þeim sökum gætu farsóttir breiðst út um hamfarasvæðin.

Staðfest hefur verið að 110 manns hafi farist í Mississippi en yfirvöld grunar að mun fleiri hafi farist. Ekki er farið að skrá fjölda látinna í Louisiana þar sem aðstaður eru einfaldlega of erfiðar. Drykkjarvatn er á þrotum í New Orleans, rafmagnslaust gæti verið í borginni vikum saman og ræningjar láta greipar sópa. Þannig var byssudeild Wal-Mart keðjunnar í New Orleans tæmd í gær.

40.000 manns dvelja í neyðarskýlum Rauða krossins á hamfarasvæðunum. Flytja á 25.000 íbúa Louisiana til Houston í Texas og bandaríski sjóherinn hefur sent fjögur herskip á vettvang með vistir og lyf.

Sjá síðu 20 / - shg

Ótrúlegt verð

Nýtt
í Hagkaupum

1.999*

á mán. í 12 mán.
fullt verð 23.988.-

PSP er nýjasta afþreyingar tölvan frá Sony

Hún spilar tónlist, bíómyndir, leiki, skoðar myndir og vafrar um netið.

Einungis fánlegt í Hagkaupum
Smáralind, Kringlu og á Akureyri.

Þeir sem skrá vélina á www.yourpsp.com
fá sent frítt eintak af Spiderman 2 myndinni á UMD

FYLGIRHLUTIR MEÐ PSP TÖLVUNNI



Kynningar diskur (web browser, myndbönd úr heitustu leikjunum og myndunum)



Klútur til að þurrka af skjánum



Memory Stick 32Mb



Rafhlaða ásamt straumbreyti



Hulstur utan um vélina og festing við úlnlið



Headphones með fjarstýringu



PSP myndir



PSP myndir



PSP myndir



PSP myndir



PSP leikir



PSP leikir



PSP leikir



Legend Overdose (Gericom)
15" XGA skjár
Intel Celeron M 1,5GHz
512MB DDR vinnsluminni
40GB harðdiskur
DVD +/- skrifari
USB þráðlaust netkort
Windows XP PRO
2 ára ábyrgð

Einungis fánlegt
í Hagkaupum Smáralind

Nýtt
í Hagkaupum

Vaxtalaus
verðsprengja!
aðeins
7.499*
á mán. í 10 mánuði
Verð 74.990,-

Gildir til 8. september eða á meðan birgðir endast.
*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Erfitt að fá fólk í vinnu segir eigandi Nýja kökuhússins:

Ekki gengið jafnilla í þrjátíu ár

MANNEKLA „Ég er búinn að vera í þessum bransa í þrjátíu ár svo ég veit það vel að oft er erfitt að fá starfsfólk á þessum tíma en ég man ekki eftir því að þetta hafi nokkur tíma verið svona slæmt,“ segir Birgir Páll Jónsson eigandi Nýja kökuhússins í Kringlunni. Hann sinnir nú afgreiðslustörfum þar sem ekki hefur tekist að manna þau störf hjá fyrirtækinu.

Birgir segir mikið álag á aðra starfsmenn. „Ég er til dæmis ekki með neitt afgreiðslufólk í bakaríinu svo bakarar bæði afgreiða og baka eins og stendur.“

Hann segir að nú vanti fimm



BIRGIR PÁLL JÓNSSON Eigandi Nýja kökuhússins í Kringlunni þarf nú að taka upp svuntuna og sinna störfum sem erfiðlega gengur að manna.

til sex starfsmenn í fulla vinnu hjá fyrirtækinu en um tuttugu og fimm manns starfa þar venjulega svo fimmta hver staða er nú ómönnuð.

„Við sem sinnum þjónustustörfum getum ekki ráðið útlendinga nema þeir tali þokkalega íslensku svo við stöndum svolítið verr hvað þetta varðar en mörg önnur fyrirtæki,“ útskýrir Birgir.

Hann segir að víðast hvar sé svipað ástatt á matsölustöðum. Í veitingasal Kringlunnar er til dæmis auglýst eftir starfsfólki við annan hvern matsölustað.

- jse

Þurftu yfir þúsund manns í 300 störf

Á síðasta ári sinntu 1.036 starfsmenn um 300 stöðugildum hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi. Erfitt er að fá fólk til starfa við umönnun fatlaðra og hafa sambýli þurft að leita eftir aðstoð aðstandenda.

ATVINNUMÁL „Við höfum tekið saman fjölda starfsmanna og á síðasta ári vorum við með 1.036 manns sem er nokkuð mikið miðað við það að við höfum rétt um þrjú hundruð stöðugildi,“ segir Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi. Það þýðir að Svæðisskrifstofan þarf að meðaltali rúmlega þrjá menn til að fylla hvert stöðugildi.

Sigríður og Sæunn Njálsdóttir, forstöðumaður á sambýli fyrir fjölfatlaða, segja að mannekla hafi þegar sett mark sitt á starfseminu og komið niður á lífsgæðum fatlaðra en nú vantar um það bil þrjátíu og sex starfsmenn á sambýli og starfsstöðvar fatlaðra á Reykjanesi. Sæunn segir að hún hafi leitað eftir aðstoð aðstandenda vegna manneklunnar. „Það er ekki svo einfalt mál því það getur þurft að flytja heilu sjúkrahúmin og hjálpartækin með einstaklingnum og svo hefur þetta eðlilega mikil áhrif á líf aðstandendanna,“ segir hún. Hún segir enn fremur að ýmis félagsleg þjónusta við skjólstæðinga sína falli niður meðan staðan er svona. „Starfið snýst að mestu um það að sinna frumþörfum og svo bíður fólk þá bara því ekki er nægur mannskapur til að sinna félagslegu þáttunum sem er mjög slæmt því okkar starf felst einnig í því að koma fötludum út í samfélagið en það starf situr á hakanum þegar svona er,“ segir Sæunn.

Ýmsar leiðir eru reyndar til úr-



Í STARFSÞJÁLFUN Þessir herra menn vinna hjá Örva þar sem manneklan hefur lítið gert vart við sig en lífsgæði fjölmargra fatlaðra eru minni nú en endranær vegna manneklu á sambýlum og starfsstöðvum.

bóta í manneklunni. Til dæmis segir Sigríður að til umræðu hafi komið að lækka lágmarksaldur þeirra sem ráðnir eru til starfa úr 20 árum niður í 19.

Mikill skortur er á fagmenntuðu fólki í þessum málaflokki að sögn Sigríðar en hún segir að störfum við umönnun fatlaðs

fólks hafi fjölgað síðustu ár en ekki hafi verið hugað að því að mennta fólk til starfanna að sama skapi. „Það er ekki svo að fólk vilji ekki mennta sig til þessara starfa,“ segir Sigríður og bendir á að færri komist að en vilji til þess að læra þroskaþjálfun í Kennaraháskólanum.

jse@frettabladid.is

Vandræði vegna manneklu á sambýlum:

Vaxandi óánægja starfsfólks

ATVINNUMÁL „Það getur verið mjög erfitt að halda í starfsfólk þegar það býr við þessa óvissu sem manneklan veldur,“ segir Sæunn Njálsdóttir forstöðumaður á sambýli fyrir fjölfatlaða í Hafnarfirði.

Stöðugar breytingar á vaktatöflum valda óánægju starfsfólks sem vill geta gengið að vöktum sínum vísu minnst einn mánuð fram í tímann, að sögn Sæunnar.

Hún segir enn fremur að álag hafi aukist vegna þess að sambýlin séu oft undirmönnð og því standi starfsmenn í ströngu við að sinna frumþörfum íbúanna.

„Starfmannavelta er líka allt of mikil, maður er heppinn að halda starfsmanni í eitt ár,“ bætir Sæunn við og segir lágu launum um að kenna hvernig komið sé fyrir þessum málaflokki.

Árni Stefán Jónsson, framkvæmdastjóri stéttarfélagsins



SÆUNN NJÁLSDÓTTIR Sæunn er forstöðumaður á sambýli fyrir fjölfatlaða en þar er skortur á starfsfólki farinn að gera starfið afar erfitt.

SFR, tekur undir það að launin séu of lág en segir enn fremur að starfsmenn eigi von á kjarabótum

á næstu tveimur árum vegna kjarasamninga sem samþykktir voru í vor.

- jse

Lambakjöt

og ekkert bull fyrir Villa Naglbít

Pegar Villi Naglbítur er búinn að græja kryddlöginn og skera lambakjötið í hæfilega bita setur hann allt í skál og fer svo að gera eitthvað annað næstu 3 tímana. Síðan þræðir hann kjötið og tilheyrandi grænmeti upp á pinna og grillar á svipstundu.

Grill kebab með kús kús og salati

600 g fituhreinsað lambakjöt, t.d. lambabógur eða fáeinar lærissneiðar, skorið í u.þ.b. 2 1/2 – 3 cm bita
1/2 dl ólífuolía
safi úr einni sítrónu
1 msk. salvía, smátt söxuð
1/2 msk. óreganó (ferskt), saxað
Hoi Sin sósa (kinversk barbecue-sósa, fæst í flestum búðum)
3 msk. sesamfræ

Setjið kjötið í skál ásamt ólífuolíu, sítrónusafa, salvíu og óreganó og látið standa í u.þ.b. 3 klst. Raðið kjötinu upp á pinna og penslið með Hoi Sin sósu og stráið sesamfræjum yfir pinnana.

Grillið í u.þ.b. 8–12 mín. og snúið nokkrum sinnum á meðan. Borið fram með t.d. kús kús og salati.

lambakjöt – léttur réttur

Uppáhald íslensku þjóðarinnar
Fjöldi uppskrifta á www.lambakjot.is



Pitt öryggi

Er þitt heimili öruggt? **Leyfðu okkur að vaka yfir þér**

Fáðu þér heimagæslukerfi frá Öryggismiðstöðinni fyrir 10. október og þú gætir fengið frítt heimagæslukerfi í 10 mánuði. Vertu áhyggjulaus heima og að heiman, viss um að Öryggismiðstöðin hefur auga með þínu heimili.

Heimagæslan innifelur eftirfarandi:



- Innbrotaviðvörðun.
- Nætgæslu.
- Brunaviðvörðun.
- Þráðlausa skynjara.
- Útkallsþjónustu öryggisvarða.
- Engan uppst. kostnaður.
- Fjarstýringu.



Afmælistilboð

10 heppnir fá fría heimagæslu í 10 mánuði. Fáðu þér heimagæslu hjá Öryggismiðstöðinni fyrir 10.10. 2005 og þú kemst í pottinn.

Hringdu núna!
Við erum ávallt á vaktinni
530 2400



ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

BORGARTÚNI 31 • SÍMI 530 2400 • WWW.ORYGGI.IS

Öryggis- og aðgangsstýrikerfi • Myndavélakerfi • Brunavarnir • Öryggisgæsla • Heimagæsla • Vöruverndarbúnaður



BER VIÐ HIMIN Fallhlífahermenn brugðu á leik þegar Tyrkir minntust þess að 83 ár eru liðin síðan stríðinu við Grikki lauk. Tímamótin marka upphaf nútímaríkisins Tyrklands.

Norskir olíuþeningar:

Fjárfest í vopnaðnaði

NOREGUR Samtökin Fremtiden í våre hender hafa upplýst að rúmír 2,5 milljarðar íslenskra króna af olíusjóði Norðmanna hafi runnið í fjárfestingar í vopnaðnaði.

Upplýsingar sínar fá samtök-in frá Mannréttindavaktinni (HRW) sem heldur því fram að hluti hagnaðar af olíusölu Nor-egs hafi verið notaður til þess að fjárfesta í bandarískum vopna-fyrirtækjum sem þróa jarð-sprengjur sem einkum er beint að fólki.

Málið er litið alvarlegum augum enda er Noregur aðili að alþjóðlegum sáttmála um bann við notkun slíkra vopna. Þing-menn Sósíalíska vinstriflokksins hafa krafist skýringa frá fjár-

Nýr viðskiptasamningur Íslands og Færeyja undirritaður:

Stefnt að sameiginlegu efnahagssvæði

EFNAHAGSMÁL Davíð Oddsson utan-ríkisráðherra og Jóhannes Eides-gaard, lögmaður Færeyja, undirrit-uðu í gær samning um að koma á fót sameiginlegu efnahagssvæði Ís-lands og Færeyja.

Samningurinn, sem undirritaður var í Høyvik, kveður á um við-skiptafrelsi með vörur, þjónustu og fjárfestingar. Samningurinn nær meðal annars til viðskipta með land-búnaðarafurðir.

Samkvæmt samningnum skulu íslenskir ríkisborgarar og íslensk fyrirtæki njóta sömu réttinda í Fær-eyjum og Færeyingar og færeysk fyrirtæki. Jafnframt skulu Færey-ingar og færeysk fyrirtæki njóta sömu réttinda hér á landi og íslensk-

ir ríkisborgarar og íslensk fyrir-tæki.

Samkvæmt færeyska útvarpinu snertir samningurinn ekki hags-muni landanna tveggja í sjávarút-vegi. Samningurinn er talinn sá stærsti og viðamesti sem Færeying-ar hafa gert til þessa við erlent ríki.

Davíð Oddsson er í opinberri heimsókn í Færeyjum. Hann og fylgdarlið hans sátu ráðstefnu í Færeyjum í gær um viðskipti og efnahagsmál en dagurinn í dag verður helgaður menningarmálum. Heimsókninni lýkur í kvöld. -jh

DAVÍÐ ODDSSON OG JÓHANNES EIDES-GAARD Samningurinn sem þeir undir-rituðu í gær er talinn sá stærsti sem Færeyingar hafa gert við erlent ríki.



MYND/JENS KR. VANG SOSIALURIN

Síðasti dagur útvarpsstjóra:

Markús Örn kvaddi RÚV

FJÖLMIÐLAR Markús Örn Antons-son lét af störfum sem útvarps-stjóri Ríkisútvarpsins í gær. Hann kvaddi starfsfólk Ríkisút-varpsins í gær og kom starfsfólk saman í mötuneyti stofnunarinn-ar af því tilefni þar sem kaffi-

samsæti var haldið til heiðurs Markúsi Erni. Hann mun nú hverfa til starfa sem sendiherra Íslands í Kanada með aðsetur í Ottawa. Páll Magnússon tekur í dag við sem útvarpsstjóri Ríkis-útvarpsins. -hb



Í ÚTVARPSHÚSINU Í GÆR Markús Örn Antonsson og Bogi Ágústsson.



LAUFEY JÓNSDÓTTIR Laufey lokar gæsluvellinum í Hamravík í Grafarvogi í hinsta sinn.

Tvístrað með hræðsluáróðri

Tregafullar gæslukonur lokuðu gæsluvöllum í hinsta sinn í gær. Tæpur helmingur gæslukvenna hefur enn ekki skrifað undir starfslokasamning.

ATVINNUMÁL Laufey Jónsdóttir, fyrrverandi forstöðumaður á gæsluvellinum í Hamravík í Graf-arvogi, var tregafull þegar hún læsti honum í hinsta sinn í gær en hún hefur starfað þar í sextán ár. Líklega fundu fleiri til trega því níutíu ára sögu gæsluvalla Reykjavíkur lauk í gær.

Laufey segir að gæsluvellirnir hafi haft margt til síns ágætis sem saknað verði. Til að mynda sé lögd mikil áhersla á útivist á gæslu-völlum.

Guðrún Guðjónsdóttir, fyrr-verandi forstöðumaður á gæslu-vellinum Malarási í Arbæ, sagði á sínum síðasta vinnudegi í gær að vissulega hefði dregið úr aðsókn á gæsluvellina en það væri vegna þess að ekki hefði verið hugað að því að láta þá mæta breyttum kröfum og þörfum foreldra í þjóð-félaginu.

Eftir að gæsluvöllum var lokað hittust gæslukonur á gæsluvellin-

um við Njálsgötu en hann er sá elsti. Því næst héldu þær kveðju-fund í húsi BSRB við Grettisgötu.

Guðrún er ein þeirra sem ekki hafa skrifað undir starfslokasamn-ing við Reykjavíkurborg og hyggst hún ekki gera það fyrr en kröfum gæslukvenna verður fyllilega mætt. Tuttugu og tvær konur eru í félagi gæslukvenna og segir Guðrún að rúmlega helmingur þeirra hafi skrifað undir starfslokasamning. „Borginni tókst að tvístra okkur með hræðsluáróðri,“ segir Guðrún og ítrekaði að enginn uppgjafartönn væri í þeim sem ekki hefðu látið hræða sig til að skrifa undir og væru þær nú að ihuga hvað tekið yrði til bragðs í stöðunni.

Laufey starfar hins vegar áfram hjá borginni við starfsmat og var full tilhlökkunar þótt hún segðist eiga eftir að sakna barn-anna og góðs starfsanda á gæslu-vellinum.

jse@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

GÆSLUKONUR KVEÐJAST Gæslukonur komu saman á elsta gæsluvelli borgarinnar eftir sinn síðasta vinnudag.

NISSAN

PATHFINDER

SKIPT_um landslag

200.000 kr. AFSLÁTTUR

KEMSTU ALLRA ÞINNA LEIÐA Í HAUST?

Pathfinder fer allt á fjórhjóladrifinu, er þægilegur í öllum sjö sætum, lipur innanbæjar og rúmar farangur til fleiri mánaða. Pathfinder eyðir einungis 10 dísil-litrum á hundraðið í blönduðum akstri. Hann er öflug listasmíð, traustur og vandaður. En fyrst og fremst sameinar Nissan Pathfinder það grófa og það fina í einum best heppnaða útivistarbil síðari ára.

PATHFINDER SE

Beinskíptur

174 hestöfl

5 dyra

Verð: 4.250.000 kr.

44.227 kr. á mán.*

Sjálfskíptur: 4.450.000 kr.

46.302 kr. á mán.*

STADALBÚNAÐUR

- Pokuljós
- Krómað grill
- Ledurkleitt stýri og gírstöng
- Krómaðar höldur inni í bil
- Hiti í speglum
- Áttaviti í baksýnisspegli
- Litað gler
- 7 sæta
- Bjrtuskynjari í spegli
- Útvarpsfjarstýring í stýri
- Innbygggt loftnet (loftnet í afturrúðu)
- Regnskynjari
- Hraðastíllir (Cruise Control)

250.000 krónum flottari!

Peir sem kaupa Nissan Pathfinder í september fá 32" dekk, krómstígubretti og dráttarkrök í kaupbæti.

Glitnir

*Bílasamningur Glitnis með 30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Hrísmýri 2a

600 Selfossi

492-3100

Eyrarlandi 1

530 Hvammsgata

451-2230

Sæmundargötu 3

550 Sauðárkrúki

453-5141

Holtsgötu 52

260 Njardvík

421-8808

Dalbraut 2b

300 Akranesi

431-1376

Víkurbraut 4

780 Hólin í Hornafirði

478-1900

Búðareyri 33

730 Reyðarfjörður

474-1453

Sindragötu 3

400 Ísafirði

456-4540

Óseyri 5

603 Akureyri

461-2960

27

MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

5 5 5 5 5

Nú er potturinn fimmfaldur!

Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is
fyrir kl. 18.40 á laugardag – þú gætir unnið 27 milljónir.

Það getur allt gerst.



Fínir bílar

Gerðu góð kaup!



→ **2.890** þ.

BMW 330i
Nýskr. 07.2000 3000cc,
2 dyra, sjsk., ekinn 74 þ.



→ **5.400** þ.

BMW X3
Nýskr. 10.2004 3000cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 5 þ.



→ **8.990**

LAND ROVER RANGE ROVER
Nýskr. 10.2003 4400cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 23 þ.



→ **2.790** þ.

PEUGEOT 807 Dísel
Nýskr. 03.2004, 2000 cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 110 þ.



→ **2.450** þ.

RENAULT LAGUNA II
Nýskr. 04.2005, 2000cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 5 þ.



→ **1.390** þ.

TOYOTA AVENSIS
Nýskr. 03.2002, 1800cc,
4 dyra, sjsk., ekinn 73 þ.



Grjóthálsi 1
bilaland.is

Opið mán-fös 10-18
og lau 12-16

575 1230

Kajakmenn ósáttir við að fá ekki að æfa í Ölfusá:

Við megum hvergi vera

FRISTUNDIR Þótt lögreglusamþykkt Árborgar banni umferð farartækja um Ölfusá notar Kayakklúbburinn hana gjarnan fyrir æfingasvæði. Nokkrir ungir félagsmenn frá Hveragerði voru sektaðir fyrir nokkru og hefur klúbburinn nú beðið lögfræðing að kanna lögmæti samþykktarinnar. „Við teljum að þessi lögreglusamþykkt stangist á við Vatnalög-in,“ segir Þorsteinn Guðmundsson, formaður klúbbsins. Félagið hefur áhuga á að sett verði upp æfingasvæði í Ölfusá. „Við megum eiginlega hvergi vera.“

Að sögn Þorsteins eru 50 til 80

manns í félaginu sem leggja stund á straumróður í ám. Það er einkum hópur ungmenna í Hveragerði, á aldrinum 14 til 20 ára sem notar Ölfusána. „En við höfum skotist í hana með þeim.“ Hann segir Ölfusá ekki hættulega fyrir kajakræðara.

Hjá lögreglunni á Selfossi fengust þær upplýsingar að leyfi lögreglustjóra þurfi til þess að fara um ána.

- grs

KAJAK RÓIÐ Í ÖLFUSÁ
Guðmundur Vigfússon úr Kayakklúbbnum sést hér róa kajak sínum í Ölfusá.



Engar reglur um gæslu barna í verslunarhúsum

Engar reglugerðir virðast vera til um einkarekna barnagæslu, nema hjá dagmæðrum sem eru undir nokkuð ströngu eftirliti, í sumarþúðum barna og um barnagæslu í tengslum við skipulagðar hátíðir. Engar opinberar reglur gilda um barnagæslu á líkamsræktarstöðvum eða í verslunum.

BARNAGÆSLA „Ég hef fengið mikið af hringingum frá foreldrum sem eru að spyrja fyrir um þetta,“ segir Herdís L. Storgaard, verkefnastjóri barnaslysavarna hjá Lýðheilsustöð. „Ég veit að Heilbrigðiseftirlitið hefur verið að skoða þetta líka.“ Herdís segist hafa farið á fund Árna Magnússonar félagsmálaráðherra í fyrra og tekið málið upp. „Hann lofaði að reglugerð yrði samin, en ég hef ekkert heyrt frá honum síðan.“

Herdís telur þó ekki endilega að eitthvað sé að, en bendir á atvikið eins og tilkynningar á slysum og hvort þau séu skráð og hvort gera eigi kröfur um það að starfsmenn skili inn sakavottorði.

Hún tekur líka fram að sum fyrirtæki sem annast barnagæslu hafa að eigin frumkvæði sett sér



VANTAR REGLUR UM BARNAGÆSLU
Félagsmálaráðherra hefur ákveðið að láta fara fram úttekt á þörfinni fyrir reglugerð um barnagæslu sem rekin er af einkaaðilum. Myndin er úr safni.

strangar öryggiskröfur.

Hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar fengust þær upplýsingar að það kannaði húsnæði þar sem barnagæsla fer fram. Engin sérstök ákvæði giltu þó nema almenn húsnæðisákvæði um hreinlæti, loftræstingu og þess háttar, en einnig væri gerð krafa um að ekkert væri þar sem hættulegt gæti talist fyrir börn. Eftirlitið hafi ekki þrýst á stjórnvöld um að setja reglugerðir.

„Þetta hefur nokkrum sinnum komið til tals innan ráðuneytisins,“ segir Árni Magnússon félagsmálaráðherra. „Ég hef ákveðið að láta fara fram úttekt á því hvar þetta er og meta í framhaldi af því þörfina á setja sérstakar reglur.“

Árni telur þetta þó ekki vera stórmál. „En þetta er mál sem er ástæða til að fara yfir.“ Hann á frekar von á því að úttektin leiði til þess að einhverjar reglur verði settar.

grs@frettabladid.is



Lotus Professional
Hagkvæm heildarlausn fyrir snyrtinguna

1.591kr
Lotus Marathon
miðapurrruskápur

1.591kr
Lotus sápuskammtari

1.591kr
Lotus WC
Compact statíf

**tilboði í
september 2005**

Lotus Professional skammtarar fyrir snyrtinguna, miðapurrruskur Marathon Soft, enMotion handpurrrur, handsápa mild, WC Compact 2ja laga, setuhreinsir og Tropical ilmur

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



FÁNASTÖNG Á BILDUDAL Virðuleg fánastöng á Bildudal verður eitt af viðfangsefnum væntanlegs flaggara í Vesturbýggð.

Bæjarstjórn Vesturbýggðar:

Auglýsir eftir flaggara

ATVINNA Bæjarstjórn Vesturbýggðar auglýsir á vefsíðu sinni eftir áhugasömum manni til að sjá um að draga fána að hún á fánastöngum á Bildudal og Patreksfirði þegar tilefni er til flöggunar.

Hingað til hafa bæjarstarfsmenn séð um að draga fána að hún og taka þá niður aftur en því getur fylgt nokkur kvöð þar sem oft þarf að vakna eldsnemma á fri- og hátíðardögum að sögn Elínborgar Benediktsdóttur bæjarstafsmanns sem hafði þetta verk með höndum í sumar.

Að sögn Guðmundar Guðlaugssonar bæjarstjóra Vesturbýggðar hafa nokkrir haft samband vegna starfans en frestur til að sækja um rennur út á morgun.

- jse

5 AF 7 BESTU VEGGSJÓNVÖRPU FÁST HJÁ ORMSSON

Samkvæmt könnun Neytendasamtakanna og *ICRT.

*Óháð alþjóðleg heildarsamtök neytendasamtaka.

Gerðu kröfur – við uppfyllum þær!

Plasma og LCD sjónvörp eru vinsæl vegna gæðanna – útlits og upplausnar. Þess vegna er viturlegt að vanda valið þegar kemur að kaupum á þessu veglega heimilistæki.

1. sæti:

Pioneer



PIONEER PDP-435FDE

- Plasma skjár.
- Skjástærð 43" / 109 cm
- Birta 1100cd/M2 - Skerpa 1200:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 1024:768 dlar
- Textavarp m/ 2100 síðna minni
- 2X 20 W magnari
- HDMI - Tengi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Tengibox aðskilið

Verð: 499.900 kr.

2. sæti:

LOEWE.



LOEWE Xelos A-26

- Svartur HD-TFT LCD Skjár.
- Skjástærð 26"
- Birta 450cd/M2 - Skerpa 800:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 1366:768 dlar
- Textavarp m/ 3500 síðna minni
- HDMI - Tengi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Tengibox aðskilið

Verð: 219.900 kr.

3. sæti:

SAMSUNG



SAMSUNG PS-42 S4S

- 42" plasma sjónvarp
- Upplausn: 852 x 480
- Birta: 1000 cd/m2
- Skerpa: 3000:1
- DNle myndleiðrétting
- 2100 síðna textavarpminni
- Líftími 60.000 klst

Verð: 369.900 kr.

4. sæti:

annað merki

5. sæti:

annað merki

6. sæti:

LOEWE.



LOEWE Concept L-42

- Plasma skjár.
- Skjástærð 42" / 106 cm
- Birta 1100cd/M2 - Skerpa 1000:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 852:480 dlar
- Textavarp m/ 2100 síðna minni
- 2X 20 W magnari m / útvarpi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Fánlegt Svart eða Grátt

Verð: 339.900 kr.

7. sæti:

SAMSUNG



SAMSUNG LW26A33


- 26" LCD sjónvarp
- Upplausn: 1280 x 768
- Birta: 500 cd/m2
- Skerpa: 600:1
- DNle myndleiðrétting
- 200 textavarpminni

Verð: 199.900 kr.

SMÁRALIND
Sími 530-2900
SÍÐUMÚLA 9
Sími 530-2800

ORMSSON

GERÐU KRÖFUR – VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR



1. – 11. september

Tískuvika

Ókeypis tískuráðgjöf og frábær tilboð!

Komdu og fáðu tískuráðgjöf

Dagana 1. - 11. september stendur yfir tískuvika í Smáralind þar sem þú getur bókað tíma í **Ókeypis** ráðgjöf hjá tísku- og snyrtiráðgjöfum Smáralindar og Debenhams. Bókaðu tíma á þjónustuborði Smáralindar á 1. hæð.

Nú geta unglingar líka bókað tíma í tískuráðgjöf!

Frábært tækifæri til að kynna sér haustvörurnar í snyrtivöruverslunum í Smáralind.

Nokkur sýnishorn af tilboðum í Tískuviku



Lancome:	Kynning: Mascara- og kremtilboð. Veglegur kaupauki fyrir hverja keypta vöru.
Helena Rubinstein:	Krem sem henta öllum konum. Fagleg ráðgjöf og kaupauki.
Chanel:	Haustritirnir komnir. Ný varagloss og varagloss-blyantar. Kaupauki, sérfræðingur ráðleggur.
Y.S.L.:	Kynnum nýju haustritina. Sérfræðingur leiðbeinir viðskiptavinum í ævintýri litanna. Kaupauki.
Guerlain:	Við leiðbeinum ykkur um val á þessum frábæru vörum. Kaupauki.
Shiseido:	Japanskt ævintýri. Komdu, skoðaðu og fáðu upplýsingar um leyndardóminn. Kaupauki.
Christian Dior:	Við kynnum Dior fyrir ykkur með kaupauka.
La-Prairie:	Svissnesk gæðavara sem við höfum ánægju af að kynna! Kaupauki.
Biotherm:	Kynning með kaupauka!
Svo minnum við á nýjar töskur, tiskuskartgripí, úr og tiskubelti.	

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

Chanel:	Með kaupum á 2 hlutum frá Chanel , þar af einum í Précision kremlínunni fylgir spennandi gjöf.
Marbert:	Uppgötvöðu Marbert . Með kaupum á 30 ml kremi í Pofutura 2000 , Moisturizing cream eða Comfort cream fylgir 30 ml rakamaski og 30 ml hreinsimjól. Marbert Man Pure gefur snyrtibuddu með 2 keyptum hlutum.
Karin Hertzog:	Með kaupum á hverju kremi fylgir 50 ml túpa með Silhouette , vinsælasta líkamskreminu á markaðnum.
Gosh:	Með kaupum á Gosh fyrir 3.000 kr. fylgir bolur.
Roberto Cavalli:	Með kaupum á hverjum ilmi í Roberto Cavalli fyrir dömur, fylgir 30 ml sturtusápa, 30 ml líkamskrem og 2 ml ilmur.
Moschino:	Með kaupum á 50 ml Edt eða 2 hlutum í Moshino , fylgir falleg Moschino taska.
Boss Hugo Boss:	Gjafakassar í Boss herrailum með glæsilegum kaupauka.
Kynningar:	Givenchy kynnir nýjan ilm fyrir herra. Versace kynnir nýja ilmi fyrir dömur og herra.



Rifka förðunarskóli kynnir skólann og býður konum ráðgjöf og léttu förðun dagana 1. 2. 3. 4. 9. 10. 11. september frá kl. 14 - 18.

DEBENHAMS

Nemendur á snyrtibraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti bjóða léttu förðun á nk. laugardag kl. 12 - 16.

Dior:	Þegar keyptir eru 2 hlutir í Diorshow línunni fylgir so cheek kinnalitir.
Lancome:	Fjöldi tilboða í kremum, möskurum og fl. Boðið verður upp á handarnudd með Absolute handáburði, augnförðun með nýju augnskuggunum og rakamælingu húðar.
Helena Rubinstein:	Burstabudda og burstar fylgja með hverjum keyptum augnskugga. Boðið verður upp á léttu förðun.
Biotherm:	Fjöldi tilboða.
Kanebo:	Kynning á nýja 38° maskaranum og eylinum. Kaupauki fylgir ef verslað er fyrir 3.900 kr.
MAC:	Flottir nýir litir eru komnir.
Clinique:	Tilboð á Total turnaround kremi. Kaupauki fylgir þegar keyptir eru 2 hlutir í Clinique.
Estee Lauder:	Kynning á nýju haustritunum. Kaupauki fylgir ef verslað er fyrir 3.200 kr.
Shiseido:	Kynning á herralínu, snyrtitaska og ferðasett fylgja með 2 keyptum vörum.
Kynningar:	Ralph Lauren-Romance Silver. Cacharel. Hugo Boss. Davidoff-Silver Shadow. Chopard-Infiniment. Allir sem kaupa I Love, Love frá Moschino fara í pott og dregið verður um veglegan vinning!



Body Shop býður upp á förðunarráðgjöf og skemmtilegan kaupauka: Séu förðunarvörur keyptar fyrir 2.990 kr. eða meira fylgir nýtt **Passionate Berry "glimmer"**-varagloss með í kaupbæti.

ISIS

ISIS býður upp á skartráðgjöf. Elín María Björnsdóttir sölustjóri **ISIS Pilgrim** tekur á móti viðskiptavinum 10. og 11. september, tímapantanir bókast á þjónustuborði Smáralindar á 1. hæð.



Tískusýning fyrir utan tiskuvöruverslunina **Zink** laugardag og sunnudag kl. 14.00. Komið og gerið góð kaup á tiskufatnaði fyrir börn og unglinga – glæsileg tilboð alla helgina!

ENNEM / SIA / NM17860



Gerhard Schröder kanslari reynir að snúa vörn í sókn:

Vandar kristilegum ekki kveðjurnar



Pýsku
ÞÍNGKOSNINGARNAR

BERLÍN. AP Gerhard Schröder Þýska-landskanslari réðist harkalega á frambjóðendur Kristilega demókrataflokkksins í ræðu í gær. Forskot kristilegu flokkanna er enn mjög mikið og ólíklegt þykir að jafnaðarmönnum takist að vinna það upp.

Schröder flutti níutíu mínútna langa ræðu sína á flokksþingi Jafnaðarmannaflokksins í gær og hlaut dynjandi lófatak fyrir vikið. Hann ásakaði kristilegu flokkana um að ætla að koma á þjóðfélagi



FRÉTTABLAÐIÐ/AR

HEITT Í HAMSÍ „Það sem þeir vilja er kalt sundrungsamfélag,“ sagði kanslarinn um hugmyndir kristilegu flokkanna um hækkun virðisaukaskatts og breytingar á vinnumálalöggjöf.

Þar sem ekkert rúm verði fyrir samstöðu og réttlæti. „Það sem þeir vilja er kalt sundrungsam-

félag.“ Schröder beindi því næst spjótum sínum að Paul Kirchof, fjármálaráðherraefni kristilegu

flokkanna, sem á dögunum lagði til að 25 prósentu flatur tekjuskattur yrði lagður á landsmenn. „Þessi maður hefur ekki hugmynd um kjör venjulegs fólks,“ þrumaði kanslarinn. Angela Merkel, kanslaraefni kristilegra demókrata, hefur raunar sagt að hún hafi engin áform um slíkan skatt.

Enda þótt kristilegu flokkarnir hafi umtalsvert forskot á jafnaðarmenn í skoðanakönnunum bindur Schröder vonir við að óákveðnir fylki sér um sinn flokk, eins og gerðist árið 2002. Stjórn mála-skýrendur telja það hins vegar ólíklegt.

- shg

LÖGREGLUFRÉTTIR

HÚSBÍLL ÚT AF Í ROKI

Húsbíll fauk út af veginum við Hof í Örfasveit um hádegisbil í fyrradag. Þrennt var í bílnum, erlendir ferðamenn sem sluppu með smávægilegar skrámur. Samkvæmt vindmælum Vega-gerðarinnar fór vindhraði þarna upp í um 34 metra á sekúndu. Bifreiðin er talin ónýt.

DÓMSTÓLAR

NÝR DÓMARI SKIPADUR Ragnhildur Bragadóttir héraðsdómslögmaður hefur verið skipað hér- aðsdómari við Héraðsdóm Austurlands. Skipunin gildir frá og með 15. september.

Kjartan Magnússon vill upp um tvö sæti:

Stefnir á þriðja sæti

PRÓFKJÖR Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, gefur kost á sér í þriðja sætið í prófkjöri sjálfstæðismanna fyrir komandi borgarstjórnarkosningar.

„Ég vil bara taka þátt í því verkefni að bæta vinnubrögðin í borgarmálum eftir ellefu ára valdatíð R-listans þar sem



KJARTAN MAGNÚSSON Var í fimmta sæti á lista sjálfstæðismanna fyrir síðustu kosningar.

stöðnun hafi verið ýmsum sviðum í Reykjavík og afturför á öðrum. Þrátt fyrir stórauknar tekjur borgarinnar hafa skuldir margfaldast og skattar á borgarbúa stöðugt hækkað og til að snúa þessu við þarf að tryggja að borgarstjórn verði frjór akur nýrra hugmynda.“

MYNZA WUSU / SIA



FRÉTTABLAÐIÐ/AR

PUNGT HALDINN Heilabólgu fylgir mikill hiti og uppköst og stundum falla sjúklingarnir í dá. Auðveldlega má koma í veg fyrir veikina með bóluefni en engir fjármunir eru til úttar Pradesh fyrir slíku.

41 barn dó í gær af völdum óhugnanlegs sjúkdóms:

Ríflega þrjú hundruð látnir úr heilabólgu

LUCKNOW. AP 41 barn dó í gær í Uttar Pradesh-héraði á Indlandi af völdum heilabólguferaldurs sem þar geisar.

Veikin leggst einkum á börn en síðan hún kom upp í héraðinu í júlílok hafa 308 látist af hennar völdum, þar af þrír fullorðnir. Sjúkdómnum fylgja uppköst og háir hiti og algengt er að fórnarlömbin falli í dá og deyi í kjölfarið. Moskitóflugur valda sjúkdómnum en krökkt er af þeim á þessum árstíma þegar monsun-rigningarnar standa yfir.

Yfir 1.100 sjúklingar eru nú til meðhöndlunar á sjúkrahúsum héraðsins. „Látnum fjölgar hratt og sjúklingarnir streyma hingað inn,“ sagði D.P. Misra, embættismaður í Uttar Pradesh, í samtali við AP-fréttastofuna.

Hægt er að koma í veg fyrir veikina með bólusetningu en Uttar Pradesh-hérað er svo fátækt að engir peningar eru til fyrir bóluefni. Þar búa 180 milljónir manna en fæstir þeirra hafa aðgang að viðunandi læknisþjónustu.

- shg

Svandís Svavarsdóttir sækist eftir fyrsta sæti:

Vill vinstra samstarf með grænu ívafi

SVEITARSTJÓRNARMÁL Svandís Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, ákvað í gær að gefa kost á sér í fyrsta sæti V-listans í forvali flokksins sem fram fer 1. október næstkomandi.

„Margir flokksmenn hafa hvatt mig til þess að bjóða mig fram. Eftir að Árni Þór Sigurðsson, oddviti Vinstri grænna í borginni til margra ára, sýndi þá djörfung og stórlyndi að bjóða sig fram í annað sæti listans hafa enn fleiri orðað þetta við mig. Því hef ég nú ákveðið að taka þátt í forvalinu og þar með er það undir félögunum komið að ákveða hvort ég sé vel til þess fallin að leiða listann,“ segir Svandís.

Svandís hefur í kjölfar þessa ákveðið að losa sig frá þeim trúnaðarstörfum fyrir Vinstri græna sem tengst geta undirbúningi forvalsins. „Ég vinn meðal annars með félagaskrá Vinstri grænna og



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR „Ég vil stefna að vinstra samstarfi með grænum áherslum í borginni.“

verð að vera hafin yfir allan vafa. Gæta þarf jafnræðis gagnvart öðrum sem taka þátt í forvalinu.“

Svandís segist vilja stefna að vinstra samstarfi með grænum áherslum eftir borgarstjórnarkosningarnar næsta vor.

- jh

BURÐARÁS HF. – HLUTHAFAFUNDUR


Hluthafafundur í Burðarási hf. verður haldinn á Hótel Sögu þann 15. september 2005 og hefst hann kl. 13.00.

Á dagskrá fundarins verða eftirtalin mál:

1. Tillaga í eftirfarandi liðum:



a. Að samþykkt verði kaup félagsins á hlutum í Keri hf. og Eglu hf. af Fjárfestingarfélaginu Gretti hf.



b. Að hlutafé félagsins verði hækkað um 385.677.837 kr. að nafnverði með útgáfu 385.677.837 nýrra hluta sem afhentir skulu sem greiðsla vegna kaupa félagsins á hlutum í Keri hf. og Eglu hf. af Fjárfestingarfélaginu Gretti hf. Lagt er til að hluthafar falli frá forgangsrétti sínum vegna hlutafjárhækkunarinnar skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

c. Að samþykkt verði skipting félagsins og samruni þess við annars vegar Straum Fjárfestingarbanka hf. og hins vegar Landsbanka Íslands hf. í samræmi við skiptingar- og samrunaáætlun, dags. 1. ágúst 2005.

2. Önnur mál, löglega upp borin.



Tillögur frá hluthöfum, sem bera á upp á hluthafafundi, skulu vera komnar skriflega í hendur stjórnar félagsins eigi síðar en sjö dögum fyrir hluthafafund.

Samruna- og skiptingaráætlun, ásamt ársreikningum allra samrunafélaganna síðustu þrjú árin, endurskoðuðum efnahags- og rekstrarreikningum þeirra fyrir fyrri hluta ársins 2005, greinargerðum stjórnafélaganna, sameiginlegum efnahags- og rekstrarreikningum Burðaráss og Landsbanka Íslands annars vegar og Burðaráss og Straums Fjárfestingarbanka hins vegar, sem og skýrsla matsmanna og yfirlýsing samkvæmt 122. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, liggja frammi á skrifstofu Burðaráss, Sigtúni 42. Dagskrá fundarins og endanlegar tillögur verða lagðar fram hluthöfum til sýnis á sama stað viku fyrir fundinn hið skemmsta og samtímis sendar sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar. Ennfremur er hægt að nálgast fundargögn á vefsíðu félagsins, www.burdasar.is.

Fundargögn verða afhent hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 12.00 á fundardegi. Umboðsmenn eru beðnir um að framvísa gildu umboði við hluthafaskrá á fundarstað.



BURÐARÁS

Sigtúni 42 • 105 Reykjavík • Sími 578 7800 • www.burdasar.is

Innritaðu þig núna í Föðunarskóla Rifka

Gerðu aðra betri

Nýttu tækifærin sem lífið býður upp á.

Menntaðu þig hjá reyndu fagfólki Föðunarskóla Rifka. Innritaðu þig strax í dag – hringdu núna í síma 565-2300 og þú verður betri í að gera aðra betri.

Fyrsta námskeiðið er **Tísku- og ljósmyndaförðun** og fyrsti kennsludagur **12. september** næstkomandi. Hægt er að velja milli morguntíma (09:00-13:00), kvöldtíma (19:00-23:00) og mislangra námskeiða (6 vikna eða 14 vikna). Einnig er hægt að innrita sig á vörnámskeið sem hefst 9. janúar 2006.

Föðunarskóli Rifka

– í fararbroddi í 9 ár

Skólinn var stofnaður árið 1997, en hét þá Föðunarskóli No Name. Hann verður nú hluti af alþjóðlegri keðju skóla sem stofnaðir verða í Evrópu undir nafni Rifka.

Föðunarskóli Rifka er elsti föðunarskóli á Íslandi og hefur frá stofnun útskrifað yfir 1.000 föðunarfræðinga. Í skólanum læra verðandi föðunarfræðingar allt sem viðkemur förðun af færustu kennurum í faginu. Skólinn leggur mikla áherslu á að fylgjast með tiskustraumum á hverjum tíma og öllum nýjungum á markaðnum.

Meðal þess sem boðið er upp á er:

- **Tísku- og ljósmyndaförðun** (6 eða 14 vikur)
- **Kvikmynda- og leikhúsförðun**
- **Úðaförðun** (airbrush)
- **Brúnkumeðferðir**
- **Dag- og kvöldförðun**

Nýútskrifaðir föðunarfræðingar hafa sjaldan haft betri möguleika á að komast í spennandi störf. Ef þú hefur áhuga á tísku og förðun og vilt eiga kost á skemmtilegu framtíðarstarfi, er Föðunarskóli Rifka rétti kosturinn fyrir þig.

Skráðu þig núna!

Nánari upplýsingar og skráning í síma 565-2300.

„ORÐRÉTT“

Af hverju þá að skjóta rjúpuna?

„Rjúpan er fallegur fugl og ómissandi í íslenskri náttúru. Hann er líka undirstaða fálkastofnsins og nauðsynlegur fyrir viðgang hans.“

SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR
UMHVERFISRÁÐHERRA Í GREIN UM
RJÚPUNA Í MORGUNBLAÐINU.

Sáu ekki skóginn fyrir trjánum

„Þetta sýnir að Reykvíkingar hafa kunnað betur að meta hið góða starf Reykjavíkurlistans síðustu tólf árin en ýmsir þeirra sem að þeim viðræðum komu.“

PÁLL HALDÓRSSON SAMFYLKINGARMANUR UM SKOÐANAKÖNNUN
FRÉTTABLAÐSINS SEM SÝNIR AÐ R-
LISTINN HEFÐI HALDIÐ MEIRIHLUT-
ANUM HEFÐI HANN BODIÐ FRAM.

nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL
RJÚPNAVEIÐAR



STEINUNN GUÐNADÓTTIR

Hlynnt sölubanni

„Ég er ánægð með að sala á rjúpum verði bönnuð,“ segir Steinunn Guðnadóttir, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, spurð um skoðun sína á nýjum reglum um rjúpnaveiðar. Hún segist ekki hafa forsendur til þess að meta hvort yfirleitt hefði átt að heimila rjúpnaveiðar á nýjan leik en er almennt þeirrar skoðunar að náttúran eigi að fá að njóta vafans, þegar svo ber undir.

Rjúpnaveiðar verða heimilar frá miðjum október til loka nóvember og eru skyttur hvattar til þess að gæta hófs í veiðum sínum.

„Svo er bara að treysta því og trúa að sölubanninu verði fylgt eftir og fólk sýni heiðarleika svo ekki komi til ofveiði.“

Sjálf neytir Steinunn ekki rjúpna og stundar þaðan af síður rjúpnaveiðar.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? GUÐBJÖRG GISSURARDÓTTIR, GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

Á haus við að skipuleggja Hönnunardaga

„Ég er á kafi við að skipuleggja Hönnunardaga sem verða í nóvember,“ segir Guðbjörg Gissurardóttir, grafískur hönnuður. Þetta er í fyrsta skipti sem Hönnunardagar verða haldnir en markmiðið er að gera þetta að árlegum viðburði. „Við ætlum að virkja hönnuði og verslanir til að sýna hvað er í gangi og fáum líka margverðlaunaða hönnunarstofu sem heitir Ideo til að kynna aðferðarfræði sína. Svo halda bæði innlendir og erlendir fyrirlesarar væntanlega bæði fróðleg og skemmtileg erindi.“ Það er Hönnunarvettvangur sem stendur að Hönnunardögum en Guðbjörg hefur verið potturinn og pannan í skipulagningunni. „Það fer heilmikill tími í þetta. Ég hef verið að meira eða minna síðan í maí og geri í rauninni þetta allt ein og frá grunni. Ég þarf bæði að stofna til sambanda sem



og virkja sem flesta og það reynir æði mikið á.“ Fyrir í sumar gerði Guðbjörg þó svo vel við sig að taka tveggja vikna launalaust sumarfrí í fyrsta sinn á ævinni. „Þótt ég sé kominn vel yfir þrítugt hef ég aldrei unnið það lengi á einum stað að ég hafi átt rétt á sumafrii, en mér fannst rétt að reyna slaka aðeins á.“ Fríinu varði hún í veiði og sér ekki eftir því þótt ekki hafi bitið á. „Veðrið var frábært og einu sinni stóð ég úti í miðri á í vöðlum og á bikini einu saman. Það var dálítið sérstakt.“ Annars segist Guðbjörg ekki vera með mikið í farvatninu enda er hún á hvolfi í undirbúning og sér það í hillingum að geta slakað aðeins á að Hönnunardögum loknum. „Ég hugsa að ég skelli mér aðeins á heilsuhælið í Hveragerði,“ segir hún og hlær. Ætli það veiti nokkuð af því að taka því dálítið rólega eftir þessa törn.“

Kosningabaráttan háð á Bláhorninu

Gústaf Adolf Níelsson útvarpsmaður gefur kost á sér í áttunda sæti á lista Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Hann er hrifnari af Vilhjálmi en Gísla Marteini.

„Áttunda sætið er það sæti sem skiptir máli þegar upp er staðið,“ segir Gústaf Adolf Níelsson, útvarpsmaður á Útvarpi Sögu, sem ætlar að taka þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins vegna borgarstjórnarkosninganna í vor. Gústaf skilgreinir sjálfan sig sem sjálfstæðismann af klassískum skóla en hefur ekki áður tekið þátt í prófkjöri eða skipað sæti á framboðslista. Hann starfaði þó í ungliða-hreyfingu flokksins á sínum yngri árum.

Gústaf stýrir tveimur daglegum þáttum á Útvarpi Sögu, Bláhorninu og Síðdegisspjallinu, og hyggst reka kosningabaráttu sína að mestu í gegnum þá. „Ég er enginn auðmaður og hef ekki peninga til að moka í þetta en nota það sem hendi er næst. Ég er svo blessunarlega heppinn að vinna á frjálsum fjölmiðli en ekki á ríkismiðli,“ segir hann.

Gísli Marteinn Baldursson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson bítast sem kunnugt er um fyrsta sætið. Gústaf telur ágætt að tveir menn takist á um oddvitaembættið en segir um leið að tvímenningsarnir séu ekki sambærilegir. „Vilhjálmur er reynslumikill og hefur leitt þetta ágætlega. Ég þekki hann betur en Gísla Marteín og styð hann en Gísli er gott efni, það leikur enginn vafi á því.“ Gústaf segir Sjálfstæðisflokkinn ekki á flæðiskeri staddan þegar kemur að ungu fólki og nefnir Kjartan Magnússon sérstaklega til sögunnar. „Kjartan hefur verið lengi í þessu og ég skil ekki hvers vegna menn horfa ekki frekar til hans þegar rætt er um að það þurfi ungt fólk í forystu-sveitina í borginni. Svo höfum við Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og Jórunni Frímannsdóttur.“

Gústaf hefur sterkar skoðanir á frammistöðu R-listans og segir árangur hans við stjórn borgarinnar ekkert sérstakan. „Borgin hefur misst það frumkvæði sem hún hafði. Vöxturinn er annars staðar og þar ræður lóðaskorturinn í borginni mestu. Ég held að það yrði hreinasta óheppni ef Sjálfstæðisflokkurinn myndi ekki vinna kosningarnar,“ segir hann.

bjorn@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í LOFTINU Gústaf Níelsson ætlar að reka áróður fyrir sjálfum sér í þáttum sínum á Sögu.

Lokaútkall í næstu viku

Brottfarir í næstu viku

Flug	Til	Brottför	Hlið	Ath.
FI 940	Portúgal, Brisa Sol	5., 12. sept.	4	Lokaútkall
FI 964	Krít, Helios	5. sept.	2	Lokaútkall
FUA 9808	Mallorca, Club Royal Beach	7. sept.	1	Lokaútkall
FUA 9806	Costa del Sol, Camino Real	8., 15. sept.	6	Lokaútkall

Verð á mann

34.900

kr. í viku*

*Netverð á mann á ofangreinda áfanga- og gististaði. Verð er óháð fjölda í íbúð, en lágmarksfjöldi í íbúð er 2. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 7 nætur og íslensk fararstjórn. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis bætist við 2.000 kr. bókonar- og þjónustugjald á mann.



Bókaðu strax á www.urvalutsyn.is

www.urvalutsyn.is

Landsmót hagyrðinga fer fram eftir tvo daga:

Óborganleg skemmtun

Hagyrðingar landsins eru óðum að koma sér í réttar stellingar fyrir landsmótið á Hótel Sögu á laugardag. Sigurður Sigurðarson, dýralæknir, kvæðamaður og hagyrðingur, hefur sótt tólf af sextán landsmótum og hlakkar mjög til. Hann missti af tveimur fyrstu mótunum og var í útlöndum við rannsóknir þegar tvö síðustu voru haldin. „Ég hlakka mjög til enda er þetta óborganleg skemmtun,“ segir Sigurður. Vita-skuld fljúga vísurnar milli manna á landsmótinu og það var einmitt við slíkt tækifæri sem meðfylgjandi vísa varð til. Karl og kona stóðu saman og eins og gengur spurði frúin um almennt heilsufar. Karl svaraði því til að læknarn-

ir segðu að allt væri að bila, bæði haus og fætur. Hann væri hins vegar ekki viss um að þetta væri rétt, í það minnsta væri miðjan enn í góðu lagi. Varð henni þá umsvifalaust að orði:



Dunar fjör og dans um nætur dátt með hopp og brun og svig. Þótt hæpið sé

með haus og fætur er helst að miðjan standi sig.

Svaraði hann þá um hæl:

Sú var tíð hún sveik mig ekki sitt af hverju hefur reynt. En alltaf stóðst hún Amors hrekki, þótt örvum væri þangað beint.

- bps



HÓTEL SAGA Kveðist verður á af kappi á landsmóti hagyrðinga á laugardaginn.

Skjákort

GEFORCE6 6600GT

MSI GeForce6 NX6600GT er eitt af öflugustu skjákortunum í dag með 128MB ofur hraðvirkri 1000MHz DDR3 minni

PCI EXPRESS x16

6600GT kortið er með VGA, DVI, HDTV og TV-út tengjum og er enn hraðvirkara með PCI-Express

HLJÓÐLÁT

MSI skjákort eru hljóðlátustu kortin í dag og jafnframt öflugri en önnur skjákort



VERÐ 19.900

ICY BOX HÝSING



ÖRUGG VINNSLA

Háhraða harðdiskahýsing frá RaidSonic úr áli sem skilar hámarks kælingu




GLÆSILEG HÖNNUN

Glæsileg hönnun sem er bæði flott og haghvæm, hægt er að stalla hýsingum saman og spara pláss



HRAÐVIRKT USB2

Hýsingin tengist í USB2 tengi sem tryggir hraðvirkan og öruggan gagnaflutning.



AUÐVELD Í NOTKUN

Einstaklega auðveld í notkun og virkar jafnt fyrir PC og Mac. Þægilegt að skipta um diska.



VERÐ 4.990

256MB MP3 SPILARI



SÉRTILBOÐ
ÚT VIKUNA

256MB MSI Mega Player 533 er frábær MP3 spilari sem er stækkanlegur í allt að 2GB með því að smella SD minniskorti í hann. Spilarinn er líka upptökutæki með hljóðnema, USB2 minnislykill og kemur með rafhlöðu, hálsól og heyrnartólum

VERÐ 4.990

SÚPERTURN 2



2200+ Sempron örgjörvi, 256MB DDR, 80GB WD SE harðdiskur, 64MB 128bita skjákort, hljóðkort, netkort og Midi Turn

VERÐ 29.900

AUDIGY 2 - 7.1 EAX4



Eitt flottasta hljóðkortid á markaðinum í dag, allt að 7.1 hátalarastuðningur, 24 bita hljómur, Dolby Digital, EAX 4.0 leikjastaðall og digital tengi

VERÐ 6.990

MSI MÓÐURBOÐ



MSI K8N SLI Platinum - nForce4, 4xDDR400, SATA2 Raid, 2.stk PCI-Ex16, Gb Lan, 10xUSB2, FW, 7.1 hljóð, S939

VERÐ 18.900

ADSL ROUTER



ZyXEL Prestige 660H-61 ADSL /ADSL2 / ADSL2+ modem router með innbyggðum 4porta switch

VERÐ 6.990



2200 Sempron, MSI KM3M móðurborð.

VERÐ 12.900



Kworld sjónvarpskot með FM útvarpi og fástýringu

VERÐ 7.990



512MB Corsair minni með lifstiðarabýrgð

VERÐ 4.990



Svart blekhyllki fyrir HP prentara

VERÐ 1.490



Traxdata 4.7GB DVD-R 8x hraða, 10stk í spindle

VERÐ 1.690



Sennheiser RS110 þráðlaus heyrnatól

VERÐ 4.490



Artemis Turnkassi 300W 2xUSB2 við framhlið

VERÐ 4.990



Hvítur Chieftech Dragon Middle turnkassi án afgjafa

VERÐ 4.990

TÖLVULISTINN

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730


AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

SVONA ERUM VIÐ

VERÐMÆTI
ÚTFLUTTRA
SJÁVARAFURÐA
FRÁ JANÚAR TIL JÚLÍ.

Heimild: HAGSTOFAN



baksvið

fréttir og fróðleikur

GREINING: BYGGÐAKVÓTI

Hefur alltaf valdið deilum

Mikil umræða hefur átt sér stað um byggðakvóta undanfarin ár og hefur þá oft verið kveðið fast að orði enda miklir hagsmunir í húfi þegar kemur að því að úthluta honum. Oftast hefur hart verið deilt um úthlutanir og forsendur fyrir þeim. Nú síðast brugðust útgerðarmenn í Vestmannaeyjum harkalega við þegar þeim fannst þeir bera lítið úr býtum og sögðu að um hreina eignaupptöku væri að ræða og ætla með málið fyrir dómstóla.

Hvað er byggðakvóti?

Sjávarútvegsráðherra hefur heimild til að úthluta allt að tólf þúsund tonnum af botnfiski til byggðarlaga sem háð eru veiðum og vinnslu á botnfiski og lent hafa í vandræðum vegna samdráttar í sjávarútvegi eða orðið fyrir skakkaföllum vegna skerðingar á aflaheimildum.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur samráð við Byggðastofnun í mati sínu á þessum þáttum en oftast er úthlutað til minni byggðarlaga. Bæjarstjórn þess sveitarfélags sem fær byggðakvóta sér svo um að úthluta honum til útgerða á staðnum.

Hvenær var byrjað að úthluta byggðakvóta?

Byggðakvóta sem hér er lýst hefur verið úthlutað frá árinu 2002 en sjávarútvegsráðherra hefur haft heimild til að úthluta sérstaklega til útgerða á stöðum sem lent hafa í skakkaföllum um frá því kvótakerfið var tekið upp árið 1984.

Hverjir eru helstu ókostir hans?

Flestir eru sammála um það að aldrei geti náðst full sátt um úthlutanir á byggðakvóta og oft hafa menn dregið forsendurnar fyrir úthlutun í efa. Einnig hefur kastast í kekki milli



útgerðarmanna innan sama sveitarfélags vegna ákvörðunar bæjaryfirvalda um það hver fær hversu mikið af þeim kvóta sem sveitarfélagið fékk í sinn hlut.

SPURT & SVARAÐ

HVAÐ ÞARF TIL ÞESS AÐ
NÁM SÉ RÉTTINDAHÆFT
TIL SVEINSPRÓFS?



HULDA KATRÍN STEFÁNSDÓTTIR
Framkvæmdastjóri lönneimasambands Íslands.

Engar undanþágur frá nemaleyfi

Til að nám sé réttindahæft til sveinsprófs þarf námið að vera kennt innan iðnskóla eða fjölbrautaskóla sem annað hvort er opinber stofnun eða einkarekinn skóli með starfsleyfi frá menntamálaráðuneytinu. Ekki er nóg að kenna eftir aðalnámskrá heldur þarf að vera starfsleyfi frá menntamálaráðuneytinu til að nemi fái réttindi til töku sveinsprófs í lög-giltri iðngrein.

Hvenær geta fyrirtæki tekið nema á námssamning?

Til að fyrirtæki geti tekið nema á námssamning í iðngreinum þarf viðkomandi fyrirtæki að hafa nemaleyfi. Frá því eru engar undanþágur og eru starfandi sérstakar nemaleyfisnefndir sem sjá um úthlutun nemaleyfa.

Hönd Katrínar teygir sig víða

Eftir því sem dagarnir líða kemur tjónið sem fellibylurinn Katrín olli á mánudaginn æ betur í ljós. Tala látinna hækkar dag frá degi, gripdeildir fara vaxandi og óttast er að smitsjúkdómar geti breiðst út. Hagfræðingar reikna með að efnahagslegar afleiðingar hörmunganna muni ná langt út fyrir Bandaríkin.

Á annað hundrað manns eru látnir, New Orleans-borg marar í hálfu kafi og ríflega milljón íbúa Louisiana, Mississippi og Alabama er án rafmagns. Fregnir berast af líkum fljótandi í vötnum sem myndast hafa á hamfarasvæðunum og enn er fólk fast á háaloftum og húspökum. Lögleysa hefur einnig gripið um sig og eru gripdeildir orðnar alvarlegt vandamál í New Orleans og Biloxi. Heyrst hefur af fólki stelandi byssum, skartgripum og áfengi úr verslunum, jafnvel beint fyrir framan nefið á lögregluþjónum.

Óvíst er hvenær íbúar hamfarasvæðanna fá að snúa aftur til síns heima enda velta margir því fyrir sér hvort nokkuð sé eftir til að snúa aftur til. Óttast er að flóðasvæðin séu orðin pestarbæli vegna spilliefna sem farið hafa út í umhverfið og skólpmengunar. Sjúkdómar sem alla jafna eru tengdir við hitabeltið, eins og kólera, gætu breiðst út.

Ofan á þetta bætist svo fjárhagstjónið sem fellibylurinn hefur valdið. Talið er að það geti numið 1.700 milljónum króna og orðið þar með það mesta sem fellibylur hefur valdið í sögu

Bandaríkjanna. Bandarískar hús-eigendatryggingar ná sjaldnast yfir tjón vegna flóða og því munu margir húseigendur standa eftir slyppir og snauðir nema hið opinbera komi þeim til hjálpar.

Áhrif olíunnar veigamest

Enda þótt fellibylurinn sé fyrst og fremst persónulegur harmleikur fólksins sem varð fyrir honum er vitað mál að áhrif Katrínar á þjóðarþúskaðinn, og raunar efnahagskerfi heimsins, verða talsverð. Meðal annars vegna þess að stór hluti inn- og útflutningsvara Bandaríkjanna fer um hafnir hamfarasvæðanna – einkum olía og gas en einnig landbúnaðarvörur – eru hagfræðingar þegar farnir að endurskoða hagvaxtarspár sínar fyrir þennan ársfjórðung.

Áhrifin á olíuðnaðinn eru sjálfsagt sá þáttur sem mest vægi mun hafa í efnahagslegu tilliti. Tíu prósent allrar olíu sem Bandaríkjamenn nota koma úr Mexíkóflóa enda voru verðhækkanir á mörkuðum ekki lengi að koma fram. Ekki virðist hafa orðið mikið tjón á olíuborþöllum, höfnum og olíuhreinsistöðvum í öveðrinu en tafir á olíuflutningum hafa hins vegar þýtt að framleiðsla olíuhreinsistöðva hefur stöðvast.

Keðjuverkun

Þegar olíuverð er eins hátt og nú er, í kringum sjötíu dali fatið, minnkar kaupmáttur neytenda verulega. Í grein á vefútgáfu The Economist í gær um áhrif hamfaranna segir frá rannsókn þar sem því er haldið fram að fyrir hvert sent sem gallonið af bensíni hækkar í Bandaríkjunum minnki kaupgeta almennings um hundrað milljarða króna. Þetta er sagt geta valdið samdrætti í verslun sem nemur rúmu prósent, sem mun aftur hafa veruleg áhrif á þjóðarframleiðslu ársins.

Áhrif slíks samdráttar ná langt út fyrir landsteinana. Stærstu útflutningsmarkaðir margra ríkja



TJÓNIÐ ER GRÍÐARLEGT Lítið var eftir af heimili Madison James í Biloxi í Mississippí þegar hún kom á vettvang eftir að öveðrinu slotaði.

Asíu eru í Bandaríkjunum og minnkandi spurn eftir vörum þessara landa kemur ofan á tjónið sem hækkandi olíuverð hefur valdið. Áhrif olíuhækkanna gætu orðið svipuð á ríki Evrópu, sem þá að sama skapi munu væntanlega draga úr innflutningi sínum. Þótt Ísland sé ekki eins háð


bandarískum fiskmörkuðum og fyrir nokkrum árum má þannig gera því skóna að hamfarirnar hafi áhrif hér líka.




FRÉTTASKÝRING
SVEINN GUÐMARSSON
sveinn@frettabladid.is

Einn versti fellibylur í sögu Bandaríkjanna

Fellibylurinn Katrín er einn sá skaðlegasti í sögu Bandaríkjanna. Enn er ekki nákvæmlega vitað hversu margir fórust í héruðunum sem verst urðu úti og er jafnframt búið við því að tjónið af völdum veðursins sé meira en það sem fellibylurinn Andrés olli á sínum tíma.



HEIMILD: National Oceanic and Atmospheric Administration; Insurance Information Institute - AP



notalegt í Nettó

ódýrt og gott



40%

afsl.

Gourmet villisveppa lambasteik

40%

afsláttur



653

kr.kg.

Bayonneskinka

25%

afsl. v. kassa

Hjúpaðir kjúklingabitar

25%

afsl. v. kassa

Kjúklinganuggets

25%

afsl. v. kassa

Kjúklingastrimlar

25%

afsl. v. kassa

Kjúklingabollur

humar
á grillið!



599

kr.pk.

Nyeiddur humar

40%

afsláttur



KEA

1.325

kr.kg.

Úrbeinað hangilæri

frábærir
með kaffinu!



799

kr.stk.

Bláberja ostakaka f. 8-10 manns



259

kr.stk.

Rjómaostur til matargerðar

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda frá 1. til 4. sept. (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

nettó

Útlendingar fara fyrstir þegar vinnan bregst

Aleksandra Jancsyńska og Damian Kulesza hafa búið og unnið á Vestfjörðum síðustu ár. Þau láta vel af dvölinni hér og segja að þó að Íslendingum hætti til að álíta að Pólverjar kunni ekkert nema að flaka fisk séu þeir upp til hópa gott fólk.

„Ég ætlaði bara að vera eitt eða tvö ár en nú eru þau orðin átta,“ segir Aleksandra, sem kom til Ísafjarðar árið 1997 og fór að vinna í fiskvinnslu til að byrja með en hún undi sér ekki í slorinu og því var hún fegin þegar hún fékk vinnu á Fjórðungssjúkrahúsinu.

Damian kom hins vegar hingað til lands fyrir þremur árum til

baksvið

þess að vinna í fiskvinnslunni á Bíldudal. Þar voru fyrir allnokkrir Pólverjar, sem meðal annars voru kunnugir Aleksöndru, og í gegnum þá urðu þeirra fyrstu kynni. Damian var iðinn við að keyra frá Bíldudal til Ísafjarðar til að heimsækja sína heittelskuðu.

Fyrir tæpu ári festu þau svo kaup á einbýlishúsi á Bíldudal. Damian vinnur í byggingarvinnu þar í bæ við góðan orðstír en Aleksandra er í fæðingarorlofi. Roxana litla dóttir þeirra er tæplega árs gömul.

Pólverjar geta gert meira en að flaka fisk

„Íslendingar eru gott fólk,“ segir Damian. „Það eina sem ég hef út á þá að setja er að stundum örlar á fordómum hjá þeim gagnvart Pólverjum en það virkar bara hvetjandi á mig til þess að sýna þeim hvað í mér býr. Eitt af því sem Íslendingar hafa bitið í sig og á ekki við nokkur rök að styðjast er sú trú þeirra að Pólverjar geti ekkert annað en flakað fisk. Ég er nú búinn að gera mitt til að afsanna þá vitleysu,“ segir Damian, sem er rómaður í allri Vesturbýggð fyrir handlagni.

Damian læðist heldur ekki með veggjum þótt hann sé útlendingur og hefur hann þegar sýnt burði til



ALEKSANDRA, DAMIAN OG LITLA ROXANA Fjölskyldan er búin að koma sér vel fyrir enda rómuð í Vesturbýggð fyrir dugmennsku og handlagni. Þó virðist svo vera sem afrekstur erfiðisins sé þeim einnig fjötur um fót.

þess að verða einn af athafnamönnum bæjarins. „Ég er búinn að kaupa þetta einbýlishús hér og núna er ég að gera það upp, það fer allur minn frítími í það. Svo var ég næstum því búinn að kaupa blokkina hérna á Bíldudal en ég átti næsthæsta tilbodið. Hefði hún komið í minn hlut hefði ég stofnað verktakafyrirtæki sem hefði þá séð um að gera hana upp og síðan tekið að sér önnur verkefni en

ekkert varð úr því að þessu sinni. Kannski læt ég þó verða af þessu seinna.“

Geta ekki flutt í burtu

Þegar Damian kom til Bíldudals voru um það bil tuttugu Pólverjar í bænnum. „Þeim fer nú hrífækkandi, enda eru útlendingarnir oftast fyrstir til þess að fara þegar harðna fer á dalnum, en ég held að það séu um fimmtán Pólverjar sem eru fluttir frá því fiskvinnslunni var lokað í júlíbyrjun,“ segir Damian.

Aleksandra er frá borginni Gdansk og hún segir að dvölin á Bíldudal sé oft á tíðum erfið fyrir stórborgarbarnið. Einnig á hún tvær dætur á unglingsaldri frá fyrra hjónabandi, þær Camilu og Milenu, og eru þær farnar að ókyrrast þar sem fátt er til boða í litlu þorpinu sem unglingar sækjast eftir. „Þær vilja komast í dans, skreppa í bíó og svona,“ segir Aleksandra, „en það er ekki bara þær sem eru farnar að ókyrrast því mér finnst alveg ómögulegt að geta ekki keypt almennilega í matinn án þess að þurfa að leggja land undir fót svo ég vil endilega að við förum að flytja héðan.“

Damian er hins vegar alinn upp í litlu þorpi og unir hag sínum vel á Bíldudal þótt hann telji það fjölskyldunni fyrir bestu að þau fari að hugsa sér til hreyfings. Þó er einn hængur á; „Nú erum við búin að kaupa hús og ég er að verða búinn að gera það upp en hver ætti svo sem að kaupa það fyrir það verð sem því sæmir núna þegar

ástandið hér í þorpinu er eins og það er? Við pökkum ekki niður og flytjum héðan bara si svona, það er alveg ljóst,“ segir Damian.

Aftur til Póllands

Þótt Pólverjar í Vesturbýggð, aðallega á Bíldudal og Patreksfirði, leggi sig í líma við að halda hópinn segja þau hjónin að Íslendingar og Pólverjar tengist engu síður vinaböndum. „Næstum því allir læra íslensku og eiga jafnt íslenska sem pólska vini og svo eru ófá hjónaböndin hér um slóðir pólsk-íslensk,“ segir Aleksandra. „Og krakkarnir fara í íslenskan skóla, læra íslensku og eru alveg eins og hver önnur börn í þessu landi.“

Þó gerir heimþráin oft vart við sig hjá þeim hjónum. „Pólland er dásamlegt land,“ segir Damian og tekst allur á loft við endurminningarnar. Hann segir mestar líkur á því að þau flytji aftur til Pól-

lands þegar rætist úr atvinnuástandinu þar en hann segir ekki langt í það. „Þó veit maður aldrei, ég færi nú ekki mikið ef ég væri búinn að kaupa heila blokk og kominn af stað með verktakafyrirtæki,“ segir hann.

Hann segir ýmislegt líkt með Pólverjum og Íslendingum. „Það er náttúrulega ekkert launungarmál að báðar þessar þjóðir eru þekktar fyrir að þykja sopinn góður,“ segir hann og hlær. „Fólkið er almennt duglegt í þessum tveimur löndum en þó er ýmislegt ólíkt með þessum þjóðum líka. Til dæmis myndi enginn heilvita Pólverji líta við íslenska þorramatnum,“ segir Damian og skellihlær.



FRÉTTAVIÐTAL
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
jse@frettabladid.is



HÚSBÓNDINN AÐ RAKA Damian er hamhleypa til flestra verka og eftir erfiðan dag í byggingarvinnunni tekur hann til óspilltra málana heima við.

VINKONA Í HEIMSÓKN
Mikil samheldni er með Pólverjum á Bíldudal en verulegt skarð var höggvið í hópinn þegar fiskvinnslan lagði upp laupana í júlíbyrjun.



PÍNULÍTIÐ VERÐ FYRIR MIKLA TÖLVU

Amilo Pro V2010

Verð:

64.900 kr.

TAKMARKAÐ MAGN - FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR



**1,5 Ghz Intel
örgjörvi**

**512 MB DDR
vinnsluminni**

**40 GB
harður diskur**

**54 Mbps
þráðlaust
netspjald**

**CDRW/DVD
Combo drif**


**WIN XP Pro
stýrikerfi**

**Tæknival er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili
Fujitsu Siemens á Íslandi**

Fujitsu Siemens tölvur eru einu tölvurnar
á Íslandi með viðurkennda umhverfisvottun
- Svaninn, sem er umhverfismerki Norðurlanda.

Tæknival

ÚTGJÖLDIN > MEÐALTAL HEILDARLAUNA FULLVINNANDI Á VINNUMARKAÐI 2004



neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: LOGI ÓLAFSSON LANDSLIÐSPJÁLFARI

Hestur og Bjalla bestu kaupin

„Bestu kaup sem ég hef gert um ævina er hestur sem ég keypti ellefu ára gamall og Volkswagen-Bjalla sem ég pungaði út fyrir á þrítugsaldri,” segir Logi Ólafsson, landsliðspjálfi í knattspyrnu. Logi var ekki lengi að kveða upp dóm sinn um sín bestu kaup hingað til á ævinni, sem hann segir ekki hafa verið ýkja mörg. „Fyrst er til að telja að á ellefta aldursári keypti ég mér hest og fékk þann gæðing á afar góðum kjörum enda vann ég þá talsvert í kringum hesta við hriðingar og annað því tengt. Hesturinn sá reyndist mér afar vel



og stendur enn þann dag í dag mér fyrir hugskotssjónum sem einhver bestu kaup mín alla tíð þó ekki hafi hann kostað mig mikið fé. Síðan er til að telja Bjöllu eða Fólksvagn sem ég eignaðist þrítugur að aldri og gerði þar kjarakaup í stórgóðum grip. Þann bíl átti ég heillengi og hann óx bara í verði þangað til ég seldi hann og fékk fúlgur fjár fyrir. Það var vissulega góð fjárfesting en einnig var afskaplega gaman að þessum bíl á sínum tíma og ég geymi hann fast í minningunni. Slíkir bílar koma líklega seint aftur og víst er að þrítugur verði ekki aftur í náinni framtíð.”

- aðe

GÓÐ HÚSRÁÐ

■ Kolbrún Sigurbjörnsdóttir, aðstoðar-skólastjóri Hústjórnskólans á Hallormsstað.

ÓHREININDI Á STOFUHÚSGÖGNUM Setjið sitrónur í skálar og skiljið eftir í stofunni. Hún angar fljótlega af sitrónuilmi og sitrónan leysir upp öll minni óhreinindi sem loða vilja við stofuhúsgögn og stáss.

VOND LYKT AF FÖTUM

Leggið eða pressað viðkomandi flík í edik í stutta stund. Öll lykt hverfur á nokkrum mínútum og engin þörf er á frekari þvotti.



VERKIR Marga verki, þar með talda túrverki, er hægt að lina og lækna með því að hella upp á rótsterkt kaffi og svolgra í sig fyrstu dropana sem úr kaffivélinni koma. Sterkt koffíníð er fljótt að hafa áhrif.

■ HVAD KOSTAR... Í BÍÓ?

Hádegi um helgar borgar sig



kvikmyndahúsin þá. Einhver húsanna bjóða slík tilboð ennþá og eru þau auglýst í blöðunum á þriðjudögum.

Hver miði í kvikmyndahúsin kostar alla yfir sex ára aldri **800 krónur**. Börn yngri en það greiða **450 krónur**. Annað slagði bjóða kvikmyndahúsin sérstaka afslætti. Til að myndu eru allir miðar á fyrstu sýningar hvers dags hjá Regnboganum á hálfvirdi, **400 krónur**, og sama verð er í hádeginu um helgar á sýningum í Kringlubíói. Þriðjudagstilboðin eru heldur ekki alveg horfin en undanfarin ár hefur verið ódýrara að sækja kvikmyndahúsin þá. Einhver húsanna bjóða slík tilboð ennþá og eru þau auglýst í blöðunum á þriðjudögum.

■ VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Drykkjarmjólk af markaði

„Salan var undir vonum og það er nú tímabundið stopp meðan við ákveðum hvort við bjóðum hana aftur undir öðrum formerkjum,” segir **Baldur Jónsson** hjá markaðssviði Mjólkursamsölunnar. Glöggir neytendur hafa tekið eftir að Drykkjarmjólk í flöskum sem seld var í verslunum um tíma er nú horfin úr hillum og er ástæðan sú að framleiðslu á henni hefur tímabundið verið hætt. Baldur segir þó ekki loku fyrir það skotið að Drykkjarmjólk verði sett aftur á markaðinn innan tíðar. „Við erum að fara yfir stöðuna og hvað olli því að hún seldist illa. Verið getur að í staðinn komi svipuð vara sem verði meira í ætt við léttmjólkina, sem er okkar vinsælasta framleiðsla, en þær hugmyndir eru ekki fullmótaðar enn sem komið er.”



Netsímaskráin í andlitslyftingu

Símaskráin á netinu, www.sima-skra.is, fékk nýtt útlit í vikunni en vefur hennar hefur verið endurbættur til muna og leit öll einfölduð. Er vefurinn nýi laus við auglýsingar og að öllu leyti aðgengilegri



en gamli vefurinn. Sérstakt undirfyrirtæki Símans, sem hlotið hefur nafnið Já, sér nú alfarið um alla þjónustu tengda vefsímaskránni sem og símanúmerinu **118**.

DV

STEINUNN VALDÍS BORGARSTJÓRI:

MYNDI HELST VILJA BÚA Í HAFNARFIRÐI

Þorir þegar aðrir þegja!

Tannréttingar geta kostað allt að milljón

Um þrjú þúsund Íslendingar fara í tannréttingar á ári og greiða fyrir það að meðaltali um hálfa milljón króna. Styrkir Tryggingastofnunar nema að meðaltali um 150 þúsund krónum.



Meðalkostnaður við tannréttingar er metinn frá 450 til 600 þúsund krónur en getur farið yfir eina milljón króna í verstu tilvikunum. Tryggingastofnun tekur aðeins þátt í kostnaði að því gefnu að um alvarlegri tilvik sé að ræða og þá aðeins upp að vissu marki.

Á landinu eru starfandi átta tannlæknar sem sérhæfa sig í tannréttingum og er nóg að gera hjá þeim öllum. Kemur það að hluta til af því að rösklega fjórðungur allra einstaklinga í hverjum árgangi leitar til tannréttingasérfræðinga en síðari ár hefur þeim farið mjög fjölgandi sem vilja tannréttingar.

Arni Þórðarson, sérfræðingur í tannréttingum, segir erfitt að áætla hver meðalkostnaður sjúklings sé í tannviðgerðum. „Það fer eftir mörgum þáttum og einnig er frjáls samkeppni milli tannréttingasérfræðinga en ég held að 450 til 600 þúsund á hvern einstakling að meðaltali sé nærri lagi. Auðvitað getur upphæðin orðið hærri í alvarlegustu tilvikunum.“

Það er öllu hærri upphæð en allflestir geta vonast til að fá

TANNRÉTTINGASTYRKUR		
Ár	Fjöldi	Meðalstyrkur
2000	2.323	36.865
2001	2.480	37.245
2002	2.400	44.124
2003	2.553	52.866
2004	2.748	53.441

niðurgreitt af ríkinu en sé ekki um mjög alvarleg tilvik að ræða nemur styrkur Tryggingastofnunar aðeins 150 þúsund krónum og er þá miðað við að viðkomandi hefji meðferð með spöngum fyrir 21 árs aldur. Á síðasta ári fengu alls tæplega 2.800 þann styrk og nam kostnaður TR vegna þessa tæplega 150 milljónum króna. Hefur styrkþegum fjölgað um tæplega hundrað á hverju ári frá aldamótum en ekki liggur fyrir hvort um eðlilega þróun er að

ræða sem búast má við áfram. Sækja þarf sérstaklega um alla slíka styrki beint til TR og er lítið um synjanir þar sem tannréttingasérfræðingar sækja um fyrir hönd skjólstæðinga sinna og þeir þekkja reglurnar vel.

Hjá Tryggingastofnun fengust þær upplýsingar að miklu geti munað á gjaldskrár þeirra átta tannréttingasérfræðinga sem þjónustu sína bjóða. Getur borgað sig að gera verðsamanburð milli þeirra áður en framhaldið er ákveðið.

Arni Þórðarson segir að þótt nóg sé að gera hjá tannréttingasérfræðingum séu átta sérfræðingar nægilegur fjöldi til að anna aðsókninni. „Við vorum fleiri hér áður og auðvitað má segja að hægt sé að bæta við einum eða tveimur til viðbótar en staðan í dag er viðunandi.“

albert@frettabladid.is

Fyrirtækið Saumsprettan breytir og gerir við gömul föt:

Bæta og breyta skólafötunum

„Það hefur ekkert breyst hin síðari ár að fólk kemur ennþá til okkar með hin ýmsu föt og efni annars konar sem þarfnast lagfæringar,” segir Jóhanna E. Harðardóttir, eigandi saumastofunnar Saumsprettunnar í Veltu-sundi í Reykjavík.

Jóhanna segir sífellt fleiri notfæra sér þjónustu fyrirtækisins og vísar því á bug að þeim fari fjölgandi sem henda fötum sínum þegar rennilás eyðileggst eða rífa kemur á buxurnar. „Aldeilis ekki. Þvert á móti fer okkar viðskiptavinum fjölgandi og sérstaklega er mikið að gera á haustin þegar lagfæra þarf skólaföt eða annan fatnað fyrir veturinn. Það er mjög mikið af fólki sem hugsar afar vel um föt sín og er fljótt að koma til okkar til að fá eitthvað lagfært en hendir ekki fötunum. Það er vert að muna að góðar gallabuxur geta kostað fimmtán þúsund krónur eða meira og það er aldeilis ekki hægt að henda þeim þó ein og ein saumspretta finnist.“

En föt eru ekki það eina sem



HÆGT AÐ LAGFÆRA ALLT Sé um efni af einhverju tagi að ræða má auðveldlega lagfæra flest sem aflaga fer. Hjá Saumsprettunni er enginn hörgull á fólki sem þangað sækir til þess arna.

fólk kemur með til lagfæringar. Allt sem nöfnum tjáir að nefna í efnum og hægt er að laga með nál, tvinna og fimfum höndum kemur á borð stúlkanna í Saumsprettunni. „Við sinnum einnig

þjónustu fyrir tvær verslanir, styttum föt og lengjum eftir þörfum en nú er meira um að við sinnum beint þeim sem koma til okkar af götunni.“

- aðe

Kanebo

INTERNATIONAL

KYNNING Á NÝJUNGUM FRÁ KANEBO Í HAGKAUPUM

Sérfræðingar verða í Hagkaupum Kringlunni og Smáralind fimmtudag og föstudag kl 13-18 og laugardag frá kl 12-17. Nýr maskari sem hefur allt sem þig dreymir um ásamt nýju haust og vetrarlitunum. Fallegur kaupauki fylgir ef keypt er fyrir 4.500kr.



KAUPAUKI

MASKARI & FLJÓTANDI EYELINER 38°C SILK PERFORMANCE



Maskarinn MASCARA 38°C frá Kanebo vakti strax verðskuldaða athygli um heim allan sem fyrsti maskarinn sem ekki haggaðist við tár, svita og vatn (undir 38°C) en hreinsaðist auðveldlega af með volgu vatni. Kanebo kynnir nú tvær hágæðanýjungar sem búa yfir þessum sömu eiginleikum. Annars er um að ræða MASCARA 38°C SILK PERFORMANCE, maskara sem lætur augnhárin virka bæði lengri og þéttari án þess að þau klessist saman, og hins vegar fljótandi eyeliner, LIQUID EYE-LINER 38°C SILK PERFORMANCE, en með honum er auðvelt að draga hina fullkomnu línu umhverfis augun.

38°C Línan fyrir falleg augu.

<http://kanebo-international.com>

FEEL YOUR BEAUTY *Kanebo*

Gildir til 3. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Cherie Booth Blair segir erfitt að ná fullkomnu launajafnrétti án betri barnagæslu.

Launajafnrétti og barnagæsla

Cherie Booth Blair, lögfræðingur og eiginkona Tonys Blair forsætisráðherra Breta, sem var hér í vikunni á ráðstefnu í til-efni af 75 ára afmæli Vigdísar Finnbogadóttur, gerði börn og barnauppeldi að umræðuefni í viðtali við Fréttablaðið. Þar lagði hún áherslu á barnagæslu og hve mikilvæg hún væri til þess að ná jafnrétti kynjanna. Það má ætla að kona í hennar stöðu hafi nóg af barnfóstrum, en engu síður var þetta eitt aðalumræðuefni hennar í viðtalinu. „Það er sannarlega einhver stífla í gangi, sérstaklega hvað varðar launajafnrétti. Við erum búin að berjast svo lengi fyrir launajafnrétti en það virðist sem okkur takist ekki að ná fullkomnu samræmi milli meðallauna karla og meðallauna kvenna. Ég er sannfærð um að skýringarnar á því er meðal annars að finna í barnagæslu. Ekki að fullu, en stórum hluta,“ sagði Cherie Booth Blair.

„Það er sannarlega einhver stífla í gangi, sérstaklega hvað varðar launajafnrétti. Við erum búin að berjast svo lengi fyrir launajafnrétti en það virðist sem okkur takist ekki að ná fullkomnu samræmi milli meðallauna karla og meðallauna kvenna. Ég er sannfærð um að skýringarnar á því er meðal annars að finna í barnagæslu. Ekki að fullu, en stórum hluta.“

Barnagæsla getur verið mikill höfuðverkur fyrir margt foreldrið, ekki síst þá sem eru einstæðir. Þess vegna þarf að leggja bæði vinnu og fjármuni í að bæta fyrirkomulag þeirra mála. Mikið hefur áunnist á undanförunum árum en betur má ef duga skal. Margar mæður kjósa að vera heima hjá börnum sínum fyrsta árið, og þurfa þá kannski að færa fórnir á vinnumarkaðnum og ekki síst hvað varðar starfsframa. Hvað sem hver segir þá er barnauppeldið yfirleitt meira í höndum kvenna en karla þótt sjá megri breytingar þar á nú á allra síðustu tímum. Það má í dag oft sjá karlmenn með barnavagna eða kerrur úti á götu um hábjartan daginn á virkum dögum. Þetta er sjón sem var óþekkt fyrir nokkrum árum, nema í undantekningartilfellum. Ástæðan fyrir þessu er feðraorlofið hér, þar sem Íslendingar standa Bretum langtum framar. Þar í landi er orlof feðra tvær vikur, en hér þrír mánuðir sem kunnugt er. Cherie minntist á þennan samanburð í viðtalinu og talaði þá um hve orlofið væri rausnarlegt hér. Hún minntist líka með aðdáun á jafnréttismál hér og annars staðar á Norðurlöndum.

Það er alltaf gott að fá einhverja utan frá til að greina stöðuna á heimavelli í ýmsum málum, því oft vill það verða svo að stjórnarandstæðingar bæði á Alþingi og í sveitarstjórnum gera meiri og meiri kröfur með samanburði við hin og þessi lönd, en neita jafnframt að viðurkenna það sem vel hefur verið gert. Við Íslendingar erum oft fljótir að taka við okkur varðandi góða hluti, en það vantar kannski að ræða þá til hlítar og gera sér grein fyrir afleiðingunum áður en þeir eru negldir niður, því stjórnmálamenn vilja oft skreyta sig með litríkum fjöðrum og drífa ýmsa hluti í gegn, sem þeir telja að verði sér til framdráttar.

Heimsókn Cherie Booth Blair var því ágæt kennslustund fyrir marga, og Þorgeir Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra á hrós skilið fyrir framtak sitt fyrir með hvaða hætti hún hélt upp á 75 ára afmæli Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, fyrr á þessu ári. ■

Kristnihald í Garðabæ

Á safnaðarfundum í Garðabæ á þriðjudag var fjölmennara en margir áttu von á. Allt að sjö hundruð manns sátu fundinn en ekki var boðið upp á veitingar af sama tagi og í Kristnihaldi undir Jökli þar sem aldrei var veitt undir sautján sortum. Sérstaka athygli vakti ræða prófestsins á Reynivöllum, dr. Gunnars Kristjánssonar, en hann lýsti deilum í sókninni á mjög áþekkan hátt og Laxness gerði í einni þekktustu sögu sinni en Gunnar mun vera mikill aðdáandi hans og stjórnmálaskoð-



anir hans munu hafa mótast mjög af skáldinu.

Kveðjubréf útvarpsstjóra

Markús Örn Antonsson, fráfarandi útvarpsstjóri, sendi starfsmönnum Ríkisútvarpsins tölvuskeyti í gær þar sem hann minntist verka sinna í stofnuninni undanfarin fjörutíu ár. Fór Markús yfir feril sinn og verk og hvernig honum hefur tekist að gera Ríkisútvarpið að þeirri stofnun sem það er í dag, hvaða skilning svo sem hægt er að leggja í það. Segir Markús meðal annars: „Árin mín í útvarpsráði á tímabilinu 1978-1985 einkenndust af linnulausri baráttu fyrir hækkun afnotagjalda.“ og ekki er síðri setning hans um stöðu starfsfólksins: „ Flestum eru ljós þau sann-

indi, að það er gott að vera í vinningslíðinu.“ Ekkert er minnst á Auðun Georg Ólafsson í bréfinu.

Júlíus Vífill í fyrsta

Stuðningsmenn Júlíusar Vífils Ingvars-sonar, fyrrum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, skora nú mjög á hann að gefa kost á sér í efsta sæti prófkjörs sjálfstæðismanna. Gæti því allt eins farið að þrír myndu keppa um efsta sætið eða jafnvel fleiri enda hefur Guðlaugur Þór Þórðarson ekkert gefið enn út um hvað hann hyggist fyrir. Bedið verður eftir því út þessa viku eða jafnvel lengur að þessir frambjóðendur ákveði sig en spennan magnast í baráttunni um borgarstjórnarstólinn.

hjalmar@frettabladid.is

Olíuverð í upphæðum

Mörgum bregður skiljanlega í brún við að þurfa nú að borga 113 til 120 krónur fyrir hvern bensínlítra, sem kostaði 70 krónur ekki alls fyrir löngu. Sunnudagsbíltúr frá Reykjavík austur á Þingvöll getur hæglega kostað 2.000 krónur bara fyrir bensínið. Hvernig bregzt fólk við svo mikilli verðhækkun? Hvað er til ráða?

Sagan bregður birtu á málið. Olíuverðshækkunin mikla fyrir þrjátíu árum kallaði á hörð viðbrögð í Bandaríkjunum og öðrum olíuinnflutningsríkjum. Það var ekki við öðru að búast, enda margfaldaðist heimsmarkaðsverð á bensíni og olíu til upphitunar 1973-1974. Langar biðraðir mynduðust við bensínstöðvar þar vestra, leyfilegur hámarks-hraði á vegum var lækkaður úr 70 mílum á klukkustund í 55, bílaframleiðendum í Detroit var einnig uppálagt með lögum að auka sparneytni okutækja, japanskir smábílar ruddu sér til rúms í Bandaríkjunum og um allan heim og Carter Bandaríkjaforseti klæddist lopapeysu og bað landsfólkið að venja sig við minni hita í heimahúsum og á vinnustöðum í orkusparnaðarskyni. Biðraðirnar við bensínstöðvarnar hurfu eftir skamma hríð, og lífið færðist aftur í fyrra horf.

Sagan endurtók sig 1979-1981, nema nú voru menn reynslunni ríkari og áttu enn auðveldara með að laga sig að hærri orkuverði en áður. Viðbrögðin voru ekki jafnhörð í Evrópu, þess gerðist ekki þörf, því að þar var bensínverð mun hærri fyrir vegna gjaldheimtu frá gamalli tíð, svo að hlutfallshækkun olíuverðs var minni þar en í Ameríku og olli þeim mun minna raski. Eigi að síður brugðust Evrópumenn einnig vel við olíuverðshækkuninni í bæði skiptin, t.d. með því að auka sparneytni evrópskra bíla og bæta almanna-

Í DAG

BENSÍNVERÐ OG BÍLAR

ÞORVALDUR
GYLFASON

Sunnudagsbíltúr frá Reykjavík austur á Þingvöll getur hæglega kostað 2.000 krónur bara fyrir bensínið. Hvernig bregzt fólk við svo mikilli verðhækkun? Hvað er til ráða?

Samgöngur. Evrópskir bílar ruddu sér nú braut inn á Bandaríkjamarkaði við hlið japanskra bíla í áður óþekktum mæli. Bandarískir bílar hurfu að heita má af götum evrópskra borga á árunum eftir 1980: þeir þóttu einfaldlega of dýrir í rekstri. Toyota hefur æ síðan selzt allra bíla mest á Íslandi.

Olía lækkaði þó smám saman aftur í verði eftir 1981 miðað við ýmislegt annað, svo að bensín vó þá ekki lengur jafnþungt í útgjöldum heimilanna vestan hafs, og þá sáu bandarískir bílaframleiðendur sér leik á borði: þeir byrjuðu að framleiða jeppa. Hvers vegna jeppa? Það stafaði m.a. af því, að vinveittir stjórn- málamenn skilgreindu jeppana í lögum sem landbúnaðartæki, og þeir voru því undanþegnir þeim kröfum, sem gerðar eru til fólksbíla um sparneytni og útblástur úrgangsefna. Þannig tókst þeim í Detroit að stilla verðinu á þessum nýju tryllitækjum svo í hóf, að þau hafa selzt eins og heitar lummur bæði heima og erlendis og gerbreytt ásjónu t.a.m.

Reykjavíkurborg og annarra byggða (og óbyggða, svo sem hjólför á hálandi Íslands vitna um). Meira en helmingur nýrra bíla í Bandaríkjunum er nú jeppar og svipuð tæki. Jepparnir brenna um 40 prósent af öllu eldsneyti í Bandaríkjunum og blása út röskum fimmtungi þess koltvísýrings sem Bandaríkjamenn sleppa út í andrúmsloftið og mestu veldur um hlýnun loftslags um heiminn.

En nú er mörgum jeppamanninum brugðið. Bílaframleiðendum í Detroit er ekki heldur skemmt, því að hækkun bensínverðs á heimsmarkaði hefur dregið úr jeppasölu um víða veröld. Verðhækkunin stafar m.a. af aukinni eldsneytisefrtirsþurn í Kína, þar sem meira en milljarður manna er sem óðast að skipta út ryðguðum reiðhjólum fyrir nýja bíla, einkum japanska, þýzka, kóreska og kínverska bíla. Mörg erlend fyrirtæki framleiða bíla í Kína. Þeir í Detroit sitja eftir með síminnkandi markaðshlutdeild – og sárt ennið.

Hvernig gat þetta gerzt? Ein skýringin er sú, að bílaverksmiðjurnar í Detroit – General Motors, Ford og Chrysler – vanmátu hættuna á hækkun bensínverðs og nýttu sér nýja tækni til að auka vélarafli nýrra bíla frekar en að auka sparneytni þeirra. Og nú hefur Toyota sett á markað nýjan bíl, sem gengur jöfnum höndum fyrir bensíni og rafmagni. Bíllinn sá virðist líklegur til að fara sigurför um heiminn. Allir helztu bílaframleiðendur í Japan (Honda, Mazda, Nissan og Toyota), DaimlerChrysler og General Motors vinna nú að þróun vetnisbíla. Miklar vonir eru bundnar við slíka bíla. Bandarísku bílafyrirtækin virðast þó einna helst reiða sig á lækkun olíuverðs á heimsmarkaði, tilslakanir löggjafans frá fyrri viðmiðum um mengunarvarnir og olíuvinnslu í friðlöndum í Alaska. ■

Stökkstu til
Portúgal
7. eða 14. sept.
frá kr. 34.995

Síðustu sætin

Verð kr. 34.995 í viku
/ 44.995 í 2 vikur

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Stökkstu tilboð 7. og 14. september.

Verð kr. 39.990 í viku
/ 49.990 í 2 vikur

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/íbúð í 2 vikur. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Stökkstu tilboð 7. og 14. september.

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætum til Portúgal. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.



Skógarhlíð 18 • s. 595 1000 • Akureyri
s. 461 1099 • Hafnarfjörður s. 510 9500
www.heimsferdir.is

Krónan og olían valda verkjum

pungbúið yfir útgerðinni


Hefðbundinn rekstur í veiðum og vinnslu sjaldan verið erfiðari

**LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA**

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skattahlíð 24, 105 Reykjavík ADALSIÐI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Rétta magnið.
Rétta máltíðin.
Rétti lífsstíllinn.



Body-for-LIFE... ekki bara fyrir og eftir mynd.



Heilbrigður lífsstíll.

Líkami fyrir lífið áætlunin hefur hjálpað þúsundum Íslendinga að lifa heilbrigðu lífi í grönnum og hraustum líkama. Við kynnum nýjar **Body-for-LIFE** stangir og drykki. Ljúffengar, hentugar og rétt samsettar máltíðir sem þú getur notað við öll tækifæri. Nákvæmt næringarinnihaldið útvegar þér hátt hlutfall uppbyggjandi próteina ásamt fjölda vítamína og steinefna fyrir betri heilsu. Prófaðu **Body-for-LIFE** stöng eða drykk, njóttu bragðsins og finndu muninn. Það hefur aldrei verið auðveldara að borða rétt.

Fæst nú með **20%** afslætti á neðangreindum útsölustöðum.



Nánari upplýsingar um Body-for-LIFE vörur fást á www.eas.is og í síma 555 2866 (EAS deild).

LANGÞRÁÐUR

DRAUMUR

RÆTTIST

- EFTIR 20 ÁRA BIÐ

Eftir að hafa sinnt börnum og búskap og unnið við ýmis störf sl. 20 ár ákvað Helga að fara í skóla. Hana langaði til að reyna fyrir sér á öðrum starfsvettvangi. Hún starfar í dag sem innheimtu-fulltrúi hjá Rekstrarvörum.

„Með náminu öðlaðist ég þekkingu og sjálfstraust til að sækja um spennandi störf. Því þorði ég ekki áður!“

Helga Sigríður Kristjánsdóttir
- Innheimtufulltrúi hjá Rekstrarvörum

SKRIFSTOFU- & TÖLVUNÁM

Vegna aðsóknar er búið að bæta við auka morgunnámskeiði!

Í átta ár hefur NTV boðið upp á Skrifstofu- og tölvunám. Á þessum árum hefur námskeiðið þróast mikið, áherslur þess breyst í takti við tímann og vinnumarkaðinn. Það er samdóma álit þeirra sem ljúka náminu að það sé krefjandi en umfram allt uppbyggilegt, styrkjandi og skemmtilegt.

Námið er 258 stundir og skiptist í fjóra flokka:

Tölvunám - 96 stundir

- Windows stýrikerfið
- Word ritvinnsla
- Excel töflureiknir
- Power Point kynningarefni
- Access gagnagrunnur
- Internetið & Tölvupóstur

Í tölvuhlutanum er lögð áhersla á þau forrit sem nemandi þarf að kunna á til að öðlast TÖK-skírteini sem er alþjóðleg viðurkenning á tölvukunnáttu hans. NTV er eini skólinn þar sem öll 7 TÖK prófin og alþjóðlegt prófskírteini er innifalið í náminu.

Viðskiptagreinar - 108 stundir

- Verslunarreikningur
- Bókhald
- Tölvubókhald Navision MBS®

Kenndur er sá hluti verslunarreiknings sem mest er notaður á skrifstofunni og tekin fyrir flest þau atriði sem þarf til að færa bókhald fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Sjálfsstyrking - 30 stundir

- Tímastjórnun og markmiðasetning
- Sölutækni og þjónusta
- Framsögn og framkoma
- Mannleg samskipti
- Streitustjórnun
- Atvinnuumsóknir

NTV leggur mikið upp úr því að ná fram því besta úr hverjum og einum nemanda. Það er ekki nóg að búa yfir þekkingu og hæfileikum. Nemandinn þarf einnig að þekkja styrk sinn og veikleika, kunna að stýra tíma sínum, setja sér skýr markmið og kunna að selja öðrum hugmyndir sínar og skoðanir.

Lokaverkefni - 24 stundir

- Auglýsingatækni
- Markhópagreining
- Gerð birtingaráætla
- Gagnvirk tenging forrita
- Flutningur lokaverkefnis

„Skemmtilegasti og erfiðasti hluti námsins“ segja margir. Unnið er í 3-4 manna hópum að markaðssetningu á vöru eða þjónustu. Lokaverkefnisvinnan er skemmtileg, krefjandi og framsett á þann hátt að hún taki á flegstum þáttum námskeiðsins.

Næstu námsskeið:

Morgunnámskeið 1 - Tvö sæti laus
Alla virka daga frá kl. 8:30-12:30
Byrjar 5. sept. og lýkur 2. nóv.

Morgunnámskeið 2
Alla virka daga frá kl. 8:30-12:30
Byrjar 12. sept. og lýkur 12. des.

Morgunnámskeið 3
Alla virka daga frá kl. 8:30-12:30
Byrjar 17. okt. og lýkur 14. des.

Eitt laust sæti á kvöldnámskeið sem byrjar 6. sept.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS



Tilviljanir og reglur

UMRÆÐAN
EINKAVÆÐING RÍKIS-
STOFNANA



GEIR ÁGÚSTSSON

Tilviljanir eru merkilega algengt fyrirbæri í íslensku samfélagi ef marka má tal sumra. Svo virðist sem að í hvert skipti sem ríkið einkavæðir, leyfir einkarekstur, rýmkar lög og reglur á markaði eða einfaldlega heldur sig frá einhverju þá byrji allt, eins og fyrir kraftaverk, að ganga mun betur en áður. Einnig virðist flest það sem ríkið hefur mikil afskipti af, eða hreinlega sinnir, ganga síður vel og vera undir stanslausri gagnrýni frá óánægðum skjól-stæðingum. Næstum er hægt að segja að um einhvers konar reglu sé að ræða en ekki tilviljanir. Nokkur dæmi má nú taka.

Ríkið seldi bankana sína. Síðan þá hafa þeir blómstrað, fært út kvíar sínar til ótal annarra landa, aukið hagnað sinn, bætt framleiðni sína og þjónustu við viðskiptavinum, og aukið sveigjanleika sinn og úrvalið á íslenskum fjármálamarkaði. Óskilvirkar eining- ar hafa verið aflagðar eða endurskipulagðar og þær skilvirku styrkt sig. Sé einhver ósammála þessum fullyrðingum hefur sá hinn sami e.t.v. rétt fyrir sér, en lausnin er einfaldlega að skipta um viðskiptabanka. Sé einhver enn ósammála getur viðkomandi komið þeirri skoðun sinni á framfæri og markaðurinn tekur málið fljótt og örugglega að sér. Er einhver tilviljun að þessi bylting íslensks bankakerfis hafi hafist eftir að ríkið seldi banka sína?

Íslenskt háskólasamfélag stendur í miklum blóma um þessar mundir. Metfjöldi umsækjenda sækir um í íslenskum háskólum ár frá ári, og velur milli fleiri og fleiri námsbrauta í fleiri og fleiri skólum. Þetta ferli hófst þegar ríkið gaf einkaaðilum náðasamlegast leyfi til að starfrækja skóla á háskólastigi án þess að mismuna eftir rekstrarformi. Ríkið greiðir svipaða upphæð með hverjum nemanda í einkareknum háskóla og það gerir með nemendum í þeim ríkisreknu enda eru allir rúkaðir með sköttum fyrir rekstur skólakerfisins. Til viðbótar greiða nemendur í einkaskólunum skólagjöld enda fáar leiðir betri til að tengja saman framboð og eftirspurn á markaði menntunar. Er einhver tilviljun að verkfræðinám býðst nú í tveimur skólum og alls kyns önnur menntun býðst yfirleitt eftir að einkaaðilar fengu leyfi til að keppa um nemendur í leit að háskólanámi?

Hin fámenna íslenska þjóð nýtur samkeppni á fjarskiptamarkaði. Þetta er fáheyrt í eyrum út- lendinga sem vita hvað Íslendingar eru margir, en staðreynd á Íslandi. Meira að segja er það svo að margir taka samkeppninni sem sjálfsögðum hlut. Þó hafa færri í

huga að óánægðir notendur fjarskipta á Íslandi höfðu enga mögu- leika á að skipta um þjónustuaðila fyrr en ríkið, af mikilli rausn, leyfði einkaaðilum að starfrækja fjarskiptafyrirtæki. Er einhver tilviljun að nær allir Íslendingar hafi nú tök á því að reka farsíma og nettengingu fyrir brotabrot þess verðs sem tíðkaðist fyrir til- komu samkeppninnar? Getur verið að minnkandi löngun ríkisins til að reka fjarskiptafyrirtæki hafi haft einhver áhrif á það?

Íslenskri tilviljanaflóru má einnig snúa við. Íslenskt landbún- aðarkerfi er eitt það verndaðasta og dýrasta í heimi. Kerfið nýtur tollaverndar, innflutningsbanna, niðurgreiðslna og þéttriðins varn- arnets reglugerða. Engu síður eru allir smásigrar kerfisins hylltir í blaðafyrirsögnum á meðan stóru töpin fá enga athygli. Staðreyndin er sú að bændur eru ein fátækasta stétt landsins og verð á landbún- aðarvörum á Íslandi er með því

Er einhver tilviljun að nær all- ir Íslendingar hafi nú tök á því að reka farsíma og netteng- ingu fyrir brotabrot þess verðs sem tíðkaðist fyrir tilkomu samkeppninnar? Getur verið að minnkandi löngun ríkisins til að reka fjarskiptafyrirtæki hafi haft einhver áhrif á það?

hæsta í heimi. Er einhver tilviljun að þetta sé raunin á sama tíma og hið íslenska landbúnaðarkerfi lúr- ir í hlýjum faðmi ríkisins?

Annað dæmi í þessa áttina er rekstur menningarstofnana á Ís- landi. Þær eru einnig verndaðar af stjórnmalamönnum og þiggja stórar fjárhæðir frá skattgreið- endum á hverju ári, en án þess þó að geta keppt við annan afþrey- ingariðnað í verðlagi og aðdrátt- araflí. Listamenn heimta hverja höllina á fætur annarri og láta mikið fyrir sér fara í fjölmiðlum fái þeir ekki sínu framgengt. Al- menningur fylgist áhugasamur með en tekur á sama tíma ekki eftir því að íslensk kvikmyndahús eru með þeim fullkomnustu í heiminum og verðlagið, þótt hátt sé að margra mati, virðist duga til að reka þau án styrkja frá skatt- greiðendum. Reyndar borga kvik- myndahúsagestir skatta af sínum aðgöngueyri og styrkja þannig þá sem hafa annan smekk á afþrey- ingu. Er þetta eintóm tilviljun? Hefur fjarvera ríkisins á einum stað og nærvera þess á öðrum kannski eitthvað með þetta ástand að gera?

Stundum virðast tilviljanirnar einfaldlega vera svo margar og svipaðar að þær bendi til reglu. Kannski reglan sé sú að stjórn- málamenn eigi að sinna stjórn- málum, og að einstaklingar og fyrirtæki á markaðnum eigi að sinna markaðnum.

Höfundur er verkfræðingur.



BRÉF TIL BLAÐSINS

ÁRNI AÐALSTEINSSON,
GRUNDARBRAUT 39, ÓLAFSVÍK
SKRIFAR UM NIÐURGREITT
SJÓNVARPSEFNI 365

Nú held ég að þessi svokallaða þjónusta 365-ljósvakamiðla við landsbyggðina ætti að vera orðin eitt af forgangsmálum samkeppn- isstofnunar og neytendasamtaka hérlandis til að rannsaka. Þetta fyr- irbæri sem 365 er, mismunar svo gríðarlega áskrifendum eftir bú- setu að það hlítur að teljast lögbrot af einhverju tagi. Þeir bjóða við- skiptavinum upp á hitt og þetta frítt en gleyma að taka fram að þú verður að vera búsettur á suðvest- ur-horninu til þess að geta nálgast allt þetta efni sem þú ert að borga fyrir, til dæmis Stöð2+, Stöð 2 bíó,

Sirkus, Bíórásina (sem að vísu er send út til áskrifenda Sýnar eftir að Sýn er hætt útsendingum yfir hánóttina) og Popptívi. Svo eru þeir að „hóta“ okkur áskrifendum Stöðvar2 nýrri fréttarás. Já ég segi hóta, því þegar ný sjónvarpsrás sem heitir því glæsilega nafni Sirkus kom í loftið í vor, frítt fyrir áskrifendur, náðist þessi stöð ekki nema á suðvestur-horninu, en AF- NOTAGJALDSHÆKKUNIN hjá Stöð 2 náði um allt land, svo það hlýtur að vera niðurgreiðsla af hálfu landsbyggðarinnar til 365. Hvað með að þjónusta alla? ■

Perlur eru hið fullkomna skraut og ekki skrítið að þær séu jafnflottar núna og á tímum Audrey Hepburn. Hvort sem perlurnar eru í festum eða armböndum, í mörgum lögum eða fáar saman – konur á öllum aldri verða að eiga perlur í skartgripaskríninu.



Augnháralitur og augnabrúnalitur

TANA Cosmetic

Augnháralitur og augnabrúnalitur sem fagaðilar nota. Auðveldur í notkun. Allt sem þarf í einum kassa, þægilegra getur það ekki verið. Útsölustaðir: apótek og snyrtivöruverslanir

Vissir þú að Trind naglastyrkirinn er margverðlaunuð gæðavara sem er til í lit og glært eins og naglalakk?

Nýtt #1

Nail repair Pink Pearl

Nýtt #2

Nail Brightener gerir neglurnar fallegri og skarpari allt að því eins og French manicure.



TRIND
ALLTAF NO. 1

Útsölustaðir: apótek og snyrtivöruverslanir.



Ný sending!
Glæsilegt úrval af náttfötum og stökum náttbuxum

CHANGE
SMÁRALIND
Sími 917 7087

ÚTSÖLULOK

Gerið góð kaup, herrasloppar á hálfvirði

GULLBRÁ, Nóatún 17 s. 562-4217



Útsalan enn í fullum gangi
Mikil verðlækkun

CARO

Vajollet

AXIOM

Opið virka daga kl. 11:00-18:00
Ásnum - Hraunbæ 119 – Sími 567 7776



Linsutilboð

aðeins

3.500,-

- 3-ja mán. skammtur
- linsuvökvi
- linsubox

Laugavegi 62
sími 511 6699

Garðatorgi
sími 511 6696

www.sjon.is
sjon@sjon.is

sjón
gleraugnaverslun

Falleg föt fyrir skólann

DU PAREIL...au même

Laugavegi og Kringlunni

Andi liðins tíma

Blúndur eru áberandi í tiskunni í haust.

Blúnduefni eru áberandi í tiskunni í haust og vetur aðallega í blússum, pílsum og toppum. Blúndur draga alltaf fram kvenlegan þokka og það er gaman að blanda blúnduflíkum við annan ólíkan fatnað. Blúndur eru afar misjafnar að gerð og gæðum og þar af leiðandi getur verðbilið verið breitt á mismunandi flíkum. Blúndukjólur eru alltaf vinsælir til hátíðarbrigða en nú er líka flott að vera í blúndu-topp eða pilsu við til dæmis gallabuxur eða hermannajakka. Hátískan í vetur er rík af blúndum og bróderíi þar sem Viktoríu-tímabilið hefur verið hönnuðunum mikill innblástur en einnig er töluvert úrval af blúndufötum í flóamarkaðsverslunum í alls kyns stærðum, gerðum og litum á frábæru verði. Allt úr Spútnik.



Toppur og blússur
kr. 2.900



Pils kr. 5.400

Full búð af nýjum vörum

TISKUVERSLUNIN
Smart

Grimsbæ við Bústaðarveg,
Ármúla 15,
Hafnarstræti 106 600 Akureyri
Sími 588 8050, 588 8488
Email: smartgina@simnet.is



Hringurinn er sérstaklega fyrir einhleypa og er úr silfri og bláu akrýlplasti.

Opin fyrir nánum kynnum

HRINGUR FYRIR EINHLEYPA.

Hringur á fingri segir oftast en ekki til um hjúskaparstöðu einstaklinga, þá hvort þeir séu trúlofaðir eða giftir. Fyrir nokkrum árum hittust Johan og Ása í parti hjá sameiginlegum vini, bæði einhleyp og ræddu hvað það væri oft óþægilegt að sjá hvort fólk væri einhleyp eða ekki. Í kjölfarið af því kviknaði hugmynd um að útbúa sérstakan hring fyrir einhleypa sem gefur til kynna að þeir séu einhleypir og opnir fyrir því að hitta og kynnast fólki. Johan og Ása létu hanna slíkan hring, Singelringen, í Svíþjóð og er hann eins fyrir bæði kynin og hægt að nota hann hvar sem er í heiminum. Þetta er tvöfaldur hringur úr silfri og ljósbláu akrýlplasti, þar sem hálfhringlaga form er skorið út úr plastinu og á að tákna að einstaklingurinn sé opinn fyrir frekari kynnum. Hver hringur er númeramerktur og hægt er að skrá hringinn sinn á vefsíðuna www.singelringen.com og þar með verða hluti af samfélagið einhleypa. Hringurinn er kominn í sölu hér á landi og sér Hafnarsport heildsöluverslun um innflutninginn.

Pegar neyðin er stærst

HÖNNUÐURINN DIANE VON FURSTENBERG KEMUR KONUM TIL BJARGAR.

Ímyndaðu þér skelfinguna sem fylgir því að koma á hótelið sitt í ferðalagi og átta sig þá á því að maður hefur gleymt snyrtiveskinu og uppáhaldskjólnum heima. Hönnuðurinn Diane Von Furstenberg hefur nú fundið lausn á þessu vandamáli og hannað tvo neyðarpakka fyrir konur sem lenda í slíkum aðstæðum. Í öðrum pakkanum er varagloss, marskari og ilmvatn í litlum umbúðum. Hinn pakinn inniheldur sérhannaðan tiskukjól Diane og nærbuxur í stil. Diane hefur gert samning við hótelið W Hotels og verður hægt að fá neyðarpakkana á flestum hótelum keðjunnar. Þar sem hönnun Diane Von Furstenberg er ekki sú ódýrasta í heimi má vænta þess að neyðarpakkarnir kosti nokkra þúsundkalla.

Diane Von Furstenberg hefur hannað neyðarsett fyrir konur sem gleyma snyrtibúðunni heima.



Glæsilegt úrval skartgripa

LÁRA
GULLSMÍÐUR

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 10
sími 561 1300



Úr háborg tískunnar

BERGPÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Hver einasti skór handunninn

Kínverskur varningur streymir til Evrópu í meira magni en nokkru sinni fyrr. Það á við um vefnaðarvöru, fatnað, skó og fleira. Samkeppnin við ódýrt vinnuafli í Asíu er ekki auðveld í heimi þrjátíu og fimm vinnustunda, verkalýðsfélaga og verkfalla. Milljónir peysa og bola eru í höfnum í Evrópu vegna þess að innflutningskvótar Evrópusambandsins hafa verið notaðir upp í topp. Fataíðnaðurinn ber sig illa hér í Frakklandi, sérstaklega í lægri verðflokkum en í lúxus-íðnaðinum eiga kínversku framleiðendurnir litla möguleika enn sem komið er, eitthvað verður að réttlæta verðið.

Skógerð er nánast að deyja út í Frakklandi, landi tískunnar. Fyrir tíu árum voru framleiddar hér í landi 155 milljónir skópara á ári en á síðasta ári var þessi tala komin niður í 55 milljónir. Í síðustu viku lögðu tveir þekktir skóframleiðendur í lúxusgeiranum upp laupana og lokuðu verksmiðjum sínum, **Charles Jourdan** og **Stéphane Kélian**. Búðirnar eru þó enn opnar. Þar með missa um 500 manns vinnuna. Að auki eru þessar verksmiðjur, líkt og frystihús í sjávarþorpum á Íslandi, eina vinnan í boði fyrir heimafolk og ekkert nema atvinnuleysi sem bíður. Smám saman hafa búðir með kínverska skó komið í staðinn fyrir þær sem áður seldu franska skó. Fyrir utan alla skóframleiðslu sem kemur frá Ítalíu. Eins franskt og tískuhús **Yves Saint Laurent** getur verið, þá eru allir skór þar framleiddir á Ítalíu. Þetta á reyndar við um fleiri frönsk tískuhús. En meira að segja á Ítalíu, í landi leðurvöru og skóframleiðslu, bera menn sig illa vegna kínversku samkeppninnar og segja skóframleiðslu á undanhaldi. Því er ekki ólíklegt að sama þróun eigi sér stað þar og í Frakklandi.

Einn af örfáum sem er eftir, ef ekki sá eini sem enn framleiðir lúxusskó hér í landi, er **Robert Clergerie**. Þessi hönnuður segir sjálfur að það sé vegna þess að hann er enn til staðar í fyrirtækinu og fylgist með öllu, frá hönnun til framleiðslu að sölu. Þau tvö fyrirtæki sem hættu í vikunni sem leið höfðu einmitt verið seld og sett í hendurnar á öðrum sem ekki þekktu haus né sporð á skógerð. Þau höfðu verið gleyppt í sameiningarferli stórfyrirtækja þar sem fjárfesting á að skila arði til eigenda. Hjá Clergerie er hver einasti skór handunninn frá upphafi til enda eftir aldagömlum hefðum. Þar er sömuleiðis lykillinn að tilvist hans sem og í stöðugri endurskoðun og nútímalegri hönnun.

Justin Timberlake með fatalínu

Justin Timberlake er að fara af stað með eigin fatalínu ásamt vini sínum Trace Ayala.

Stjörnurnar í Hollywood keppast nú við að hanna fót undir sínu nafni og nýjustu fregnir herma að Justin Timberlake sé að fara af stað með eigin fatalínu í samstarfi við besta vin sinn Trace Ayala. Að sögn Justins verður fatalínan hönnuð með uppruna þeirra Trace í huga. Sveitastíllinn verður áberandi en töffaraskapurinn og götustíllinn mun einnig svífa yfir vötnum.

Fatalínan verður seld undir merkinu William Rast. Nafnið er sett saman úr fornafni afa hans Justins og eftirnafni afa Trace. Aðspurður um nafnavalið sagði Justin að þeir félagar hefðu bara valið persónur sem hefðu haft mest áhrif á þá og það væru afar þeirra beggja.

Justin Timberlake er mikill töffari. Nú hannar hann fót undir nafninu William Rast.



Skartgripir betri fjárfesting en fót

JADE JAGGER TEKUR ADIDAS-SKÓ FRAM YFIR HÁTISKUFATNAÐ TÍSKU-HÚSANNA.

Tískudrósin og skartgripahönnuðurinn Jade Jagger hefur viðurkennt að hún sé ekki mikill aðdáandi hátiskufatnaðar á borð við þann sem stóru tískuhúsin láta frá sér. „Ég held ég gæti ekki keypt mér kjól fyrir tugi þúsunda. Held það sé ekki góð fjárfesting, ólíkt skartgripum,“ sagði Jade í samtali við Vogue á dögunum. Hún er þekkt fyrir frjálsglegan fatastíl og hugsar meira um hvað henni þykir fallegt og þægilegt fremur en að elta tískuna. Máli sínu til stuðnings benti hún á Adidas-skóna sína sem hún segist ganga í öllum stundum.



drangey.is

Gjafavara

... sem talað er um

15%

afsláttur af skarti, skóm og samkvæmis-töskum í Tískuviku 1.-11. sept.



Drangey

Smáralind 528 8800



Reykjavík síðdegis

Alla virka daga kl. 16-18.30

VIÐSKIPTAVINIR ATHUGIÐ BREYTTAN OPNUNARTÍMA

MÁN, ÞRIÐ, MIÐ	FIM	FÖS	LAUG
9:00 - 18:00	9:00 - 20:00	9:00 - 18:00	11:00 - 14:00

S N Y R T I S T O F A N

salon ritz

Laugavegur 66 • Sími 552 2460 • www.salonritz.is



Þú færð L'Oréal make-up

Í snyrtivörudeildum Hagkaupa
Í verslunum Lyf & heilsu
og Apótekaranum Akureyri

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

L'ORÉAL

PARIS



AMSTERDAM PARÍS GARÐABÆR RÓM



HAUSTLÍNAN ER KOMIN



Kínaskór! Tilboð



**EITT PAR KR. 1290-
TVÖ PÖR KR. 2000-**

Litir: rauðir, bleikir, túrkis,
orange, grænir, svartir og
hvítir.

Ný sending af blóma-
skóm kr. 990-
Barna- og dömumtærðir

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466

Sendum í póströfu

Íslensk hönnun

**Mikið úrval
af barnahúfum**

**HÚFUR
SEM
HLÆJA**

Laugavegi 70
www.hsh.efh.is

falleg föt

...fyrir
fræknar
konur

**Haust og
vetrurvörurnar
komnar**

**Fata-
prýði**
GLÆSIBÆ
553-2347

Full búð af glæsilegum
haustfatnaði
Frábær verð

CHA*CHA
Tískuvöruverslun
Glæsibæ
Sími 588 4848

ÚTSALA
Brúðarkjólar,
spariföt
og skór

Bankastræti 11

LEX
boutique
551-3930

belladonna

Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is

**Erum að taka
upp nýjar vörur**

BRAND
Lange Kleide für jede Frau

samm

Mona Lisa
„interchie“

**Vertu þú sjálf
– vertu Bella donna**

Opið mán-fös 11-18
laugardaga 11-15



Jóna Björg er á leið til Þýskalands með nýju dömulinuna sína.

Úr barnafötum í brúðarkjóla

Jóna Björg Jónsdóttir hjá JBJ saumagallerý er búin að söðla um úr barnafötunum yfir í nýja dömulinu. Hún hefur setið sveitt í sumar við framleiðslu á nýju fatalínunni sem hefur verið valin til sýningar á Íslandskynningu í Þýskalandi.

Jóna Björg hefur framleitt barnaföt í næstum því tuttugu ár. Hún hefur núna ákveðið að breyta til og frumsýnir nýja dömulinu formlega þessa dagana. Línun hefur fengið nafnið JBJ design og

má þar finna ýmislegt, allt frá höttum í strigatöskur. „Það eru líka ermar sem eru mjög flottar og öðruvísi, toppar, pils, kjólar og meira að segja brúðarkjólar,“ bætir hún við.

„Ég er búin að vinna baki brotnu í allt sumar með dóttur minni í að þróa þessa línu. Við erum líka núna búnar að framleiða alveg fullt því ég þorði ekki að fara að koma fram með línuna fyrr en ég ætti eitthvað á lager því þar eru allir svo æstir í þetta,“ segir hún. Dóttir Jónu heitir Guðrún Ragna Yngvadóttir og er ekki bara mikilvæg í framleiðslunni heldur er hún fyrirsæta nýju lín-



FRETTABLAÐIÐ/HARPA HRUND



Nýja dömulinan frá JBJ design.

unnar. „Það má eiginlega segja að hver flik sé móðelflik því við mótum þær allar sjálfar.“

Hróður JBJ design fer víða og hefur Jónu Björg verið boðið að taka þátt í stórrí sýningu í nóvember sem tengist Íslandskynningu í Þýskalandi. „Þetta er sýning sem er eingöngu á vegum Þjóðverja og verður í Köln í nóvember. Þeir verða með bókmenntir, kvikmyndir og hönnun, og það eru nokkrir hönnuðir sem verða þarna,“ segir Jóna Björg sem var að vonum hissa þegar henni var boðið að vera einn fulltrúi íslenskrar hönnunar á svona stórrí sýningu. „Þannig var að sýningarstjórinn hafði verslað hjá mér fyrir ári síðan í búðinni nokkur dress á son sinn. Hann var svo hrifinn af þessu að hann hafði samband við mig,“ segir hún og bætir við: „Þetta er bara mjög mikill heiður fyrir mig að vera valin í þetta.“

RÝMINGAR-SALA

**Verslunin
hættir**



Thymematernity
Verslun fyrir barnshafandi konur
Hlíðarsmára 11, s. 575-580
Opning í póströfu um allt land
Opnið er mánudaga til laugardaga frá kl. 11-18
Laugardaga frá kl. 11-16

jbj design

Dömuftatnaður úr ull & silki
Opíð: 12-18 Sími: 554-2718
Skólagerði 5 Kópavogur

Litríkar jakkapeysur

Notalegar flíkur þegar kólnar í veðri.

Með hverri vikunni verða jakkapeysur í alls kyns litum meira og meira áberandi í búðunum í bænum. Jakka-peysa er greinilega eitt af því sem er ómissandi í fataskápinn í vetur og ekki er verra að hafa hana í glaðlegum lit. Fyrir utan hlýju mjúku jakka-peysurnar þá litlar litríkar jakkapeysur, eða svokallaðar gollur, að sækja í sig veðrið og þær eru mjög skemmtilegur fylgihlutur við alls kyns fatnað bæði í vinnuna og veisluna.



989
BYLGJAN

Reykjavík síðdegis
Alla virka daga kl. 16-18.30

EFNALAUGIN
BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380

HÁRSNYRTIVÖRUR FAGMANNSINS
FÁST Í LYF OG HEILSU OG LYFJAVAL

osmo
DEEP MOISTURISING
DREIFING: CMC

FAGMENNSKA Í 11 ÁR
BRÚN(N) Á 15 MÍNÚTUM
BÓKAÐU NÚNA Í SÍMA 561 3060

BRÚÐKAUP ÚTSKRIFT GOTT SKAP

SNYRTISTOFAN
HELENA FAGRA

S. 561 3060
LAUGAVEGI 163

TILBOÐSDAGAR
22. ÁGÚST - 2. SEPTEMBER

10-40% afsláttur af öllum vörum
að auki 5% staðgreiðsluafsláttur

ÓKEYPIS NAFNGYLLING
FYLGIR ATSON-LEÐURVÖRUM

Leðuriðjan ehf.
Brautarholti 4, 105 Rvk.
S: 561 0060 • atson@atson.is
Opíð: mán.-fös. 10-18

Flottar jazz- og ballettvörur í miklu úrvali

- Fimleikabolir
- Tátiljur
- Skautakjólar
- Dansskór
- o.m.fl.

ÁSTUND

Háaleitisbraut 68 • Sími 568 4240

Gleraugnaverslunin
Sjónarhóll

stærri verslun
meira úrval
frábær tilboð

Reykjavíkurvegi 22, Hafnarfirði S.565-5970
www.sjonarholl.is

ÚTSÖLULOK

30-70%
afsláttur

Selena
Undirfataverslun
Síðumúla 3, sími: 553 7355
Opíð: virka daga 11-18, laugardaga 11-15

HAUST 2005

STILL

HUGO
HUGO BOSS

Laugavegur 58 • 101 Reykjavík • S: 551-4884



ÚTSALA
10-70%
afsláttur

Lene Bjerre

Lene Bjerre • Bæjarlind 6, Kópavogi • S: 534 7470
Ópið virka daga frá 10-18 • Laugardaga frá 10-16 • www.feim.is

Mikið úrval af
luktum í garðinn
fyrir rómantískt fólk

SERICA

Ópið frá 11-18 virka daga.
Laugardaga 11-15
Hlíðarsmára 11, Kópavogi s: 565 1504

Sturtuklefar frá 35.000.-
Sturtuhurðar frá 25.000.-
Sturtubotnar frá 25.000.-
Ný sending af flísum!

HÚSHEIMAR

Lækjargötu 34c • 220 Hafnarfirði • S:553 4488

Fellihýsi, tjaldvagnar og húsbílar

Tilboð!

Á NOTUÐUM OG NÝJUM VÖGNUM

STÓRLÆKKAD
VERÐ!

Hóli - camp ÆGIS
tjaldvagn

JOINT
lágþekjubíll

Tjaldvagnaland

SEGLAGERÐIN ÆGIR

Verslaðu við traustan aðila!

EYJARSLÓÐ 5-7 • SÍMI 511 2203 • www.seglagerdin.is



Röndóttir ljósaskermar í versluninni Ljós og orka.



Kristallar eru áberandi í ljósatískunni. Þetta ljós fæst í Lumex.

Lýsandi litaflóra

Skrautleg og litrík ljós bera með sér hugmyndaríka og skemmtilega hönnun.

Litadýrð og skemmtileg form og mynstur eru áberandi í ljósatískunni um þessar mundir. Hvítu ljósin hafa þó ekki sungið sitt síðasta þar sem þau eru smart í sambland við íburðarmiklar ljósakrónur. Ljósið á ekki bara að veita birtu heldur draga að sér athygli með litum, kristöllum, og hugmyndaríkri og skemmtilegri hönnun. Um



Loftljós í öllum regnbogans litum í verslunni Rafkaup.

leið og búið er að bæta lit í ljósið kemur í ljós hversu stór hluti það er af heimilinu og ein stór ljósakróna getur gerbreytt öllu. Svo er hægt að setja upp ljós sem eru með smá húmor eins og ljós Ingo Maurer sem fást í Lumex. Hann hefur meðal annars hannað ljósakrónu úr brotnu leirtaui og sett vængi á ljósaperur. Úrvalið sem núna er af

alla vega sniðugum ljósum örv-ar hugmyndaflugið og gerir heimilið að skemmtilegum stað til þess að dvelja á. Díóður eru tegund af ljósgjafa sem einnig koma sterkar inn og með þeim mikil litagleði, en sum díóðuljós bjóða upp á þann möguleika að skipta um lit á sjálfri lýsingunni.

kristineva@frettabladid.is



Campbell-súpudós orðin að veggplampa. Ljósið er eftir hönnuðinn Ingo Maurer og fæst í Lumex.



Rauður standlampi í Lumex.



Ljós úr Campari-flöskum eftir Ingo Maurer sem fæst í Lumex.



www.i-t.is
Við erum á Netinu - skoðaðu úrvalið



Á mikið af skrítnum munum

Í mörgu er að snúast hjá Nadiu Banine þessa dagana en hún tók sér stund milli stríða og sagði okkur aðeins frá hrifningu sinni á stólum.



FRÉTTABLAÐID/GVA

Nadia Banine keypti þennan sérkennilega ópíumstól í London.

„Ég er mjög hrifin af stólum, og fyrir mér eru þeir dálítið eins og skúlptúrar,“ segir Nadia. Hún hefur dvalið mikið erlendis um ævina og því safnað að sér skemmtilegum stólum og munum. „Það er einn stóll sem ég held mjög mikið upp á en það er kínverskur ópíumstóll sem ég fann í London. Hann er mjög lár og það eru í honum hölf undir setunni þar sem karlarnir hafa geymt góssið,“ segir Nadia. Stólinn segist hún bara nota upp á punt en stundum taki stelpurnar hennar sig til og hoppi aðeins á honum. „Sjálf sit ég ekki svo mikið á stólum, sit mest á gólfinu satt að segja, enda von því sem dansari,“ segir Nadia og hlær.

„Aðrir stólar hérna á heimilinu sem eru í uppáhaldi, eru Barcelona-leðurstólar og annar lítill stóll frá Túrkménistan, en ég svo marga svona skrítna hluti,“ segir Nadia hlējandi. Hún leggur metnað í að kaupa vandaða og góða hluti inn á heimilið og segist í rauninni halda upp á svo margt. „Kúlumálverk eftir Línu Rut er í miklu uppáhaldi hjá mér, en ég er mjög ánægð með það,“ segir Nadia.

Um síðustu helgi var opunarhátíð danshátíðar sem hefst af fullri alvöru í dag, þannig að Nadia er ekki mikið heima við um þessar mundir. „Ég dansa í mínu eigin verki, sem ég samdi ásamt Fred Gehrig, sem dansar einnig í verkinu,“ segir Nadia og er mjög spennt yfir hátíðinni. „Mikið er af skemmtilegum verkum, bæði innlendum og erlendum, auk þess sem sýndar verða dansstuttmyndir í Regnboganum,“ segir Nadia.

Að danshátíðinni lokinni söðlar Nadia aðeins um þar sem hún verður ein af þáttstjórnendum Innlits/Útlits á Skjá einum. „Við verðum þrjú, Þórunn Högnadóttir sem er ritstjórnin, Arnar Gauti og ég, en við skiptum þessu nokkuð jafnt á milli okkar,“ segir Nadia og viðurkennir að hún hlakki til þess að takast á við ný verkefni á skjánum, ásamt öllu því sem hún sinnir í lífi og listum.

kristineva@frettabladid.is



Hinar vinsælu dönsku bókahillur komnar aftur

Tekk - Kirsuberja - Hlynur

Hringið og biðjið um mynda- og verðlista

HEIMILISPRÝÐI

HÚSGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 8177 & 553-1400



Kringlan — jólamarkaður!

Jólamarkaður verður haldinn fyrir utan Kringluna í desember. Markmiðið er að skapa skemmtilega jólastemningu utanhúss þar sem ætlunin er að bjóða upp á handiðnað og fleira sem tengist jólahaldinu.

Þeir sem hafa áhuga á að selja vörur sínar á markaðnum geta sótt um aðstöðu í litlum húsum fyrir 20. september. Húsin verða á Kringlutorginu og eru af tveimur stærðum, 3x2,4 m og 4x2,4 m.

Nánari upplýsingar gefur Hólmfríður Petersen, þjónustustjóri Kringlunnar, í netfanginu hbp@kringlan.is

Vinsamlegast takið fram hvaða vörur þið hafið áhuga á að koma á framfæri.

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

UPPGÖTVUM REYKJAVÍK UPP Á NÝTT!

KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU
BLADSÖLUSTÖÐUM LANDSINS

SIRKUS
NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓN.



BAÐ
innréttingar

SUMARTILBOÐ!

MIKIÐ ÚRVAL,
GÆÐI OG
GOTT VERÐ

INNRETTINGAR
& TÆKI

OPÍÐ: Virka daga frá kl. 09-18
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

www.i-t.is

TILBOÐSDAGAR

10 - 60% afsláttur
 rúmfatnaður - handklæði - rúmteppi
 gjafarvara - barnaefni 200 kr. meterinn

**Brúðargjafalistar**

BORD FYRIR TVO
 KRINGLAN

Hornsófi 2 litir
 3ja-bogi-2ja sæta, ákl. dreamsuede
 verð í leður/sky: 149.500

Atalanta settin fást einnig sem 3ja og 2ja sæta sófar.
 verð á 3ja + 2ja saman:

innlit
 HÚSGÖGN
 Armúla 5 Reykjavík
 sími 544 8181

í áklæði 99.800
 í leður/sky 119.800

**20-50%
 afsláttur í dag
 og á morgun.**

**Vegna flutninga innan
 Smáralindar lokum
 við í nokkra daga
 frá laugardeginum
 3. september.**



Smáralind



Glerkrukkurnar eru til í fjórum stærðum, frá hálfis lítra til eins og hálfis.

Glerkrukkur og kryddstaukar

Hentug ílát frá Rosendahl fyrir þurrmat og krydd.

Glerkrukkur eru bæði fallegar og góðar til að geyma í ýmiss konar þurrmat svo sem pasta, sykurl, hveiti eða jafnvel kryddjurtir. Í Epal í Skeifunni 6 rákumst við á nýjar glerkrukkur sem danski hönnuðurinn Ole Palsby á heiðurinn að en framleiðandinn er Rosendahl. Krukkurnar fást í fjórum stærðum, frá hálfis líters til eins og hálfis og lokin falla þétt að. Hönnunin er einföld og stílhrein svo krukkurnar geta sem best notast líka til að bera fram mat í. Svo mega þær fara í uppþvottavélina.

Ögmundur Jónasson stingur upp á því að vinstri flokkarnir ákveði fyrir kosningar að vinna saman eftir þær – myndi semsagt einhvers konar kosningabandalag. Katrín Jakobsdóttir talar um „samsteypustjórn fjölbreyttra afla sem hafa þó sýnt það í verki árum saman að þau geta vel unnið saman“. Er þetta ekki svolítið óskiljanlegt? Hvi var þá ekki bara haldið áfram með R-listann ef hugmyndin er að sömu flokkar verði áfram í bandalagi?

Egill Helgason - visir.is

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Langlífið ku vera ættgengt



Verð frá 2.675.000,-

ENNÞÁ AÐ VANDA SIG EFTIR 90 ÁR

SAAB er glæsilegur bíll sem heldur fast í sína arfleifð. Einföld, nútímaleg hönnun skapar látlausa fágun og gefur bílnum sitt eigið útlit og sitt eigið sérstaka yfirbragð. Þrátt fyrir að allar línur séu nútímalegar og stílhreinar má glögglega sjá einkennandi útlitið sem ber vott um áratuga langa sögu og þróun. Nú þegar allir bílar virðast vera eins, er SAAB bíll sem heldur sínum sérkennum. Hann er þróaður í Skandinavíu þar sem mikið var lagt í að tryggja öryggi í akstri að vetrarlagi og hentar því sérlega vel fyrir íslenskar aðstæður. SAAB hefur alltaf farið sínar eigin leiðir og gerir enn.

Ingvar Helgason		Sævarhöfða 2 Simi 525 8000 www.ih.is			Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00			
Hrísmýri 2a 800 Selfoss 482-3100	Sæmundargötu 3 550 Sauðárkrúki 453-5141	Eyralandi 1 530 Hvammstanga 451-2230	Holtsgötu 52 260 Njarðvík 421-8808	Óseyri 5 603 Akureyri 461-2960	Sindragötu 3 400 Ísafirði 456-4540	Dalbraut 2b 300 Akranesi 431-1376	Vikurbraut 4 780 Höfn í Hornafirði 478-1990	Búðareyri 33 730 Reyðarfirði 474-1453

Álit SP á mannréttindamálum á Íslandi



TOSHIKI TOMA

Athugasemdir nefndar um afnám kynþáttamisréttis til íslenskra stjórnvalda birtust nú um daginn, eftir að sérfræðingar SP fjölluðu um skýrslu íslenskra stjórnvalda og viðbótarskýrslu frá Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) um framfylgd alþjóðasamnings um afnám alls kynþáttamisréttis. Þó nefndin telji margt vel gert í mál-efnum útlendinga og fólks af erlendum uppruna bendir hún á ýmis atriði sem betur mega fara. Meðal tilmæla nefndarinnar er að stjórnvöld setji heildarlög til að vinna gegn kynþáttamisrétti, bæti afgreiðslu hælisumsókna og áfrýjunarferli, og endurskoði hina svokölluðu „24 ára reglu“ útlendingalaga.

Ábendingar nefndarinnar merkja ekki endilega að Íslendingar standi sig verr en aðrar þjóðir í mannréttindamálum heldur er þeim ætlað að aðstoða stjórnvöld við að tryggja enn betur þau mannréttindi sem sett eru fram í alþjóðasamningnum. Því munu allir sem vinna að fram-

gangi mannréttinda fagna tilmælum nefndarinnar. Hér vil ég beina sjónum að tilkomu athugasemdanna frekar en ítarlegu innihaldi þeirra. Álit nefndar SP er nefnilega áþreifanlegur árangur ákveðinnar faglegrar starfsemi sem tilefni er til að vekja athygli á. Athugasemdirnar byggja á ýmsu starfi ríkisins og skýrslu yfirvalda, þekkingu sérfræðinga SP og dómgreind þeirra, og ekki síst starfsemi frjálsra félagasamtaka, og þá helst starfi MRSÍ. Vinna allra þessa aðila sameinast í tilmælum nefndarinnar, sem eiga að vera okkur leiðarljós í öllu mannréttindastarfi.

Virðing fyrir mannréttindum kemur ekki af sjálfu sér. Markvisst mannréttindastarf krefst þrautseigju og mikillar vinnu sem oft er ekki mjög sýnileg.

Virðing fyrir mannréttindum kemur ekki af sjálfu sér. Markvisst mannréttindastarf krefst þrautseigju og mikillar vinnu sem oft er ekki mjög sýnileg. Að því leyti tel ég vert að vekja athygli á framlagi Mannréttindaskrifstofunnar til fyrrgreinds nefndarálits, sem e.t.v. er ekki öllum kunnugt. Með því að senda nefndinni viðbótarskýrslu og funda með sérfræðingum hennar stuðlaði

hún að því að nefndin fengi heildstæða sýn á málaflokkinn. Það að helstu áhyggjumál skrifstofunnar eru tekin upp í nefndarálit sjálfstæðrar, ópólitískrar sérfræðinganefnar SP endurspeglar það góða starf sem skrifstofan vinnur. Engu að síður er það staðreynd að stjórnvöld hættu skyndilega stuðningi við skrifstofuna án viðunandi skýringa og er það mörgum okkar óskiljanleg ákvörðun. Í athugasemdum nefndarinnar er heitið á stjórnvöld að halda áfram stuðningi við MRSÍ. Á fundi nefndarinnar kom fram að íslensk stjórnvöld telja samstarf yfirvalda og félagasamtaka á sviði mannréttinda afar mikilvægt og að framlag Mannréttindaskrifstofunnar hafi dýpkað og styrkt umræðuna. Því vænti ég þess að stjórnvöld fari að athugasemdum nefndarinnar hvað varðar fjárveitingar til MRSÍ. Þeir sem virða skoðanir annarra og eru tilbúnir að taka þátt í lýðræðislegri umræðu munu virða álit nefndarinnar.

Dómsmálaráðherra hefur þegar sagst taka athugasemdirnar til skoðunar og vænti ég því jákvæðra viðbragða yfirvalda sem miða að því að efla starf Mannréttindaskrifstofu Íslands og styrkja stöðu útlendinga og fólks af erlendum uppruna á öllum sviðum mannlífsins.

Höfundur er prestur innflytjenda.



Vinna aldraðra, skerðingar og skattar

KARL GÚSTAF ÁSGRÍMSSON SKRIFAR UM TEKJUTRYGGINGAR ALDRAÐRA

Í Fréttablaðinu hinn 16. ágúst var ágæt fréttaskýring um aldraða í atvinnu og í framhaldi af því viðtöl við nokkra aðila, meðal annars við Margréti Margeirsdóttir formanns félags eldri borgara í Reykjavík. Sagði hún að margir vildu vinna þó svo þeir væru komnir á eftirlaun en gerðu það ekki vegna skerðinga Tryggingastofnunar. Ekki kom fram hjá henni hve miklar skerðingar eru. Þá var viðtal við Ágúst Þór Sigurðsson hjá Tryggingastofnun, sem sagði að tekjutryggingarauki skertist frá fyrstu krónu, sem unnið er fyrir, um 45 prósent og nefndi hann sem dæmi að ef viðkomandi vinni sér inn 1000 krónur væri skerðing 450 krónur og héldi hann eftir 550 krónum.

Þarna er ekki nema hálf sag- an sögð því ef viðkomandi vinnur sér inn 1000 krónur er skerðing

eins og áður sagði 450 krónur en þá er eftir að nefna að af þessum 1000 krónum eru teknar 377 krónur í staðgreiðsluskatt og á þá viðkomandi aðeins eftir til ráðstöfunar 173 krónur Þetta eru staðreyndirnar því skattkort viðkomandi er fullnýtt hjá Tryggingastofnun vegna ellilífeyris, tekjutryggingar og tekjutryggingarauka. Þannig er þetta, maður sem hefur aðeins greiðslur frá Tryggingastofnun, vinnur sér inn 45.000 kr. annars staðar, greiðir 20.250 krónur í skerðing- ar á tekjutryggingarauka og þarf að auki að greiða 16.965 krónur í skatt og á því aðeins eftir 7.785 krónur af 45.000 krónum. Þetta er sannleikurinn og er það sjálf- sagt rétt eins og kemur fram í fréttaskýringunni að aldrað fólk fer að vinna vegna ánægju og að komast í samneyti við aðra, en ekki vegna launa.

Höfundur er formaður Félags eldri borgara í Kópavogi.



ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á *vísir* VEF.TV

HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir í stafrænum gæðum á visir.is

Fundaröð um borgarmál



Samfylkingarfélagið í Reykjavík boðar til funda um borgarmál dagana 3., 7. og 10. september. Fundirnir fara fram að Hallveigarstíg 1, 2. hæð. Í kjölfar fundanna munu málefnaþópar á vegum félagsins taka til starfa.

Laugardagurinn 3. september kl. 11-15:

Menntir, menning

Fundarefni: Mennta- og menningarmál, ferðamál, íþróttar og tómstundamál.

Frummælendur: Stefán Jón Hafstein og Andrés Jónsson. Gestur fundarins er Bergþóra Valsdóttir, framkvæmdastjóri Samfoks.

Ávörp í upphafi fundar: Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Jóhanna Eyjólfsdóttir.

Fundarstjóri: Sigrún Elsa Smáradóttir.

Miðvikudagurinn 7. september kl. 20-22:

Velferð, jafnrétti

Fundarefni: Velferðarmál, fjölskyldumál, jafnréttismál

Frummælendur: Stefán Jóhann Stefánsson, Guðrún Erla Geirsdóttir og Bryndís Ísfold Hlökkversdóttir. Gestur fundarins er Regína Ástvaldsdóttir, sviðsstjóri þjónustu- og rekstrarsviðs Reykjavíkurborgar.

Fundarstjóri: Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir.

Laugardagurinn 10. september kl. 11-15:

Skipulag, lýðræði

Fundarefni: Skipulagsmál, umhverfismál, lýðræði, starfshættir og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar.

Frummælendur: Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Gestur fundarins er Dagur B. Eggertsson, formaður Skipulagsráðs Reykjavíkurborgar.

Fundarstjóri: Helgi Hjörvar.

Stjórn Samfylkingarfélagsins í Reykjavík hvetur félagi og stuðningsfólk til að mæta á fundina og taka þátt í málefnastríði flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar á vori komanda.

SAMFYLKINGARFÉLAGIÐ
Í REYKJAVÍK



bonus. is **BONUS** bonus. is **BONUS** bonus. is **BONUS** bonus. is **BONUS** bonus. is **BONUS**

NÝ SENDING - ENN FLEIRI VÖRUR Í VIKUNNI!

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.678 +0,56% Fjöldi viðskipta: 438 Velta: 4.177 milljónir

MESTA HÆKKUN

Tryggingamiðstöðin 1,94%
Landsbankinn 1,34%
Bakkavör 1,17%

MESTA LÆKKUN

Hampiðjan -5,63%
Flaga -2,51%
FL Group -1,29%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 41,70 +0,50% ... Bakkavör 43,20 +1,20%... Burðarás 18,00 +0,60% ... FL Group 15,30 -1,30% ... Flaga 3,88 -2,50% ... HB Grandi 8,85 -0,60% ... Íslandsbanki 15,40 +0,00% ... Jarðboranir 20,50 -1,00% ... KB banki 603,00 +0,70% ... Kögun 56,90 -0,70% ... Landsbankinn 22,70 +1,30% ... Marel 62,80 +0,00% ... SÍF 4,80 +0,00% ... Straumur 13,40 +0,80% ... Össur 87,50 -0,80%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Kátt í Landsbankanum

Þeir sem fylgjast með hlutabréfamaðnum hafa ekki farið varhluta af miklum hækkunum að undanförmu. Ekkert félag hefur hækkað jafn mikið á þessu ári og Landsbankinn. Frá áramótum nemur hækkun hans um 85 prósentum. Stærsti eigandinn í Lansanum er Samson, eignarhaldsfélag Björgólfsfeðga. Mestallur hluturinn var keyptur af ríkissjóði á meðalgenginu 3,91 í ársbyrjun 2003. Seinna sama ár var fallist á að veita Samson 700 hundruð milljóna króna afslátt af kaupverðinu. Nú er gengi Landsbankans í 22,5 krónum á hlut og hefur því hækkað nær sexfalt frá því að ríkissjóður seldi bankann. Það verður því allt að gulli í höndum Björgólfsfeðga.

Gæðunum misskipt

Hlutabréfaeign starfsmanna KB banka í sjálfum bankanum hefur hækkað um fimm milljarða frá áramótum en bankinn hefur

rokið upp eins og aðrar fjármálastofnanir. Um 1.500 manns störfuðu hjá bankasamsteypunni um síðustu áramót. Ef milljörðunum fimm er deilt niður á hvern starfsmann bankans þá er gróðinn rétt um 3,3 milljónir króna á mann en fyrir þá upphæð fæst bærilegur jeppi. En þessi jöfnuður á ekki við frekar en í gamla Austur-Pýskalandi eða í Bandaríkjum nútímans. Um fjórtán stjórnendur bankans fá um 2,5 milljarða í sinn hlut eða um 180 milljónir á haus. Forstjórinn og stjórnarformaður hafa þar af grætt um sjö hundruð milljónir króna samanlagt. Þess ber þó að geta að hér er um pappírsgróða að ræða að mestu leyti.



MARKAÐSFRÉTTIR...

Stjórn Verslunarráðs Íslands tilkynnti formlega í gær að gamla nafnið yrði lagt til hliðar og ráðið hétu hér eftir Viðskiptaráð Íslands. Um leið voru kynntar áherslur í starfi ráðsins fyrir komandi vetur meðal annars í skólamálum og hugmynd um framhaldsskólaþorp í kringum Verzlunarskóla Íslands.

Formlegt tilboð í verslunarkeðjuna Somerfield, sem Baugur Group sóttist eftir að kaupa, gæti borist á næstu viku samkvæmt frétt Financial Times 29. ágúst. Tveir aðilar berjast um hituna og hafa náð samningum við lífeyrissjóði um lífeyrisgreiðslur til starfsmanna Somerfield.

Í júlímánuði voru fluttar út vörur fyrir 13,7 milljarða króna og inn fyrir 23,9 milljarða króna. Vöruskiptin í júlí voru því óhagstæð um 10,2 milljarða króna en í júlí árið áður voru þau óhagstæð um 5,6 milljarða á föstu gengi.

Erfiðleikar í Bandaríkjunum

Taprekstur Icelandic Group. Birgðir færðar niður um hálfan milljarð.

Afkoma verksmiðja Icelandic Group, áður Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, í Bandaríkjunum á fyrstu sex mánuðum þessa árs var verulega undir væntingum stjórnenda félagsins. Einnig hefur fallið á félagið kostnaður í tengslum við sameiningu Icelandic Group og Sjóvíkur.

Verðmæti birgða, sem að hluta til er byggt á mati nýrra stjórnenda og stjórnar félagsins, var fært niður um 539 milljónir króna. Er að mestu um að ræða birgðir í Bandaríkjunum. Einnig var svokallaður umbreytingarkostnaður vegna samþættingar fyrrgreindra félaga 272 milljónir króna. Þessir tveir kostnaðarliðir, sem nema samtals 811 milljónum króna, kallast í uppgjöri félagsins einskiptiskostnaður og á bara að falla á fyrirtækið einu sinni.

Á öðrum ársfjórðungi tapaði



PÓRÓLFUR ÁRNASON FORSTJÓRI ICELANDIC GROUP Nýir stjórnendur félagsins hafa kosið að færa niður verðmæti birgða um tæpar 540 milljónir króna.

Icelandic Group 502 milljónum króna. Það er meira en greiningardeildir Íslandsbanka og Landsbankans spáðu fyrir um. Helst er vísað til erfiðleika í Bandaríkjunum í því sambandi. Tekjur félagsins eru hins vegar taldar vera ásættanlegar miðað við spár og eins afkoman ef horft er fram hjá einskiptiskostnaðinum.

- bg

Kaupir stórt hollenskt frystigeymslufyrirtæki

Eimskip hefur tryggt sér eitt stærsta frystigeymslufyrirtæki í Evrópu, Daalimpex í Hollandi. Stofnandi og forstjóri hollenska fyrirtækisins segir framtíðarsýn hafa skipt meira máli en peninga um það hverjum hann seldi.

Eimskip undirritaði í gær kaup á hollenska frystigeymslufyrirtækinu Daalimpex. Hollenska fyrirtækið er eitt stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í Evrópu.

Baldur Guðnason, forstjóri Eimskipafélagsins, segir kaupin styrkja stöðu félagsins í frysti- og kylflutningum. Kaupverðið er ekki gefið upp en Daalimpex á verðmætar lóðir á hafnarsvæðum í Hollandi sem metin eru 5,5 milljarða króna.

Daalimpex var stofnað af Peter Blankendaal árið 1976 og hefur sterka stöðu í miðlun kældrar og frystrar vöru. Frystigeymslurými fyrirtækisins nemur 220 þúsund tonn um frystirými Eimskipafélagsins á Íslandi er um sjö þúsund tonn.

Baldur Guðnason segir kaupin hafa átt sér langan aðdraganda. „Við höfum verið í viðskiptum og samstarfi við félagið um langt skeið og vitum að það hefur á að skipa frábærum stjórnendum.“

Eimskip kaupir í byrjun 51 prósent í félaginu en Blankendaal, sem mun áfram starfa hjá félaginu um skeið, á 49 prósent. Eim-



EFLAST Í FRYSTIFLUTNINGUM Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður Avion Group, Peter Blankendaal, stofnandi Daalimpex og Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, undirrituðu samninga um kaup Eimskips á Daalimpex sem rekur frystigeymslur sem rúma 220 þúsund tonn.

skip hefur samningsbundinn rétt á að kaupa afganginn þegar hann lætur af störfum hjá félaginu. Eimskip er í eigu Avion Group sem áætlað er að fari á markað í upphafi næsta árs. Peter Blankendaal segir mögulegt að hann taki hlutabréf í félaginu sem hluta greiðslu fyrir félagið.


Baldur segir að í samningaviðræðum hafi skipt seljandann mestu að honum hugnist framtíðarsýn félagsins og framtíð starfsmanna. „Það byggir enginn upp svona fyrirtæki án óflugra starfsmanna, þannig að það ásamt því að Eimskip hafði sömu sýn á uppbyggingu fyrirtækisins og trú á vöxt í flutningastarfsemi skipti mig miklu máli,“ segir Peter Blankendaal. Hann segir tilboð hafa borist frá fleirum í fyrirtæk-

ið, en þar hafi verið aðilar sem ekki deildu þessari sýn. „Peningar voru ekki aðalatriðið í þessum samningum.“

Með kaupnum tvöfaldast það magn frystivara sem fer um hendur Eimskipafélagsins. Fer úr einni milljón tonna á ári í tvær. Áætluð velta í þessum flutningum er níu milljarðar króna.

Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður Avion Group, segir þessi kaup styrkja enn frekar markmið Avion Group um að verða leiðandi fyrirtæki í alþjóðaflutningum. „Við teljum að mikill vöxtur muni verða í vöruflutningum í heiminum á næstu árum og kaupin nú styrkja okkur í því að verða óflugir þátttakendur í þeim vexti.“

haffliði@frettabladid.is

Skóútsala
ÁRSINSAllir skór á
Kr. 500.-Barnaskór • Kvenskór
Herraskór 28 - 46Lokadagar
útsölnunnarSíðustu dagar
31/8 - 4/9Virka daga
kl. 12-18Laugardag
kl. 11-16Sunnudag
kl. 13-16

UN - SKÓR

Fiskislóð 18 • Grandagarði • Sími 899 3725



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Félagsfundur

Laugardaginn 3. september kl. 14:00
Borgartúni 18, 3. hæð

Dagskrá:

Uppstilling til stjórnarkjörs
samkvæmt 18. gr. laga félagsins

Uppstillinganefnd

Auka hlut sinn í Intrum Justitia

Burðarás og Landsbankinn ráða mestu í sænska innheimtufyrirtækinu. Burðarás er tilbúinn að selja í Skandia fyrir rétt verð.

Burðarás og Landsbankinn eiga orðið samanlagt um sautján prósent í sænska innheimtufyrirtækinu Intrum Justitia eftir kaup félaganna á stórum hlut af Industri Kapital í gær. Burðarás er þar með orðinn þriðji stærsti hluthafinn í Intrum, með níu prósentu eignarhlut, en Landsbankinn kemur þar á eftir með 7,6 prósent.

Einnig hefur fjárfestirinn Christer Gardell, sem hefur starf-



STÓRIR Í SVÍÐJÓÐ Burðarás og Landsbankinn eru orðnir samanlagt stærstir í Intrum. Burðarás vill selja hlut sinn í Skandia fyrir rétt verð.

að við hlið Burðarás, stækkað stöðu sína í Intrum í gegnum fjárfestingarfélagið Cevian Capital og er orðinn annar stærsti hluthafinn. Burðarás, Cevian og Landsbankinn ráða samanlagt um 27 prósentu hlut í Intrum en stærstur er Bo Göransson með rúmlega tíu prósent hlutafjár.

Cevian Capital, fjárfestingarfélag í eigu Gardells, og Burðarás eru einnig meðal stærstu hluthafa í Skandia. Financial Times greinir frá því að félögin tvö, ásamt lífeyrissjóðunum A1 og A2 AP-Fonden, leggist ekki gegn því að tryggingarfélagið Old Mutual taki yfir Skandia og bíði því eftir

formlegu tilboði.

Blaðið telur að verð ráði úrslitum um hvort viðkomandi hluthafar styðji áform Old Mutual. Það er talið líklegt að Old Mutual sé tilbúið að borga 42 sænskar krónur fyrir hvern hlut í Skandia en greiðsla samanstæði af peningum og hlutabréfum í Old Mutual. Hvorki Burðarás né Cevian Capital hafi sagt hvaða verð þau sætti sig við.

Samkvæmt upplýsingum, sem Dagens Industri hefur undir höndum, er Burðarás hluthafi í sautján félögum sem eru skráð í Svíþjóð.

eggert@frettabladid.is

CIVIC

HONDA
The Power of Dreams

Hondagæði og Hondapægindi á Hondagóðu verði



Álfelgur eru aukabúnaður á mynd

VERLAUN: 5 STJÖRNUR Í ÁREKSTRARPRÓFUN NHTSA
4 STJÖRNUR Í ÁREKSTRARPRÓFUN EURO NCAP'S

→ Snaggaralegur, 4 dyra, sjálfskiptur á Honda-góðu verði frá

1.895.000 kr.
19.922 á mánuði*

* Búasamningur Lýsingar - 30% inborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum



Í Honda Civic finnur þú allt sem þú leitar að í góðum bíl: Sparneytni, kraft, lipurð og einstaklega gott verð. Það fer vel um fjölskylduna í þessum snaggaralega bíl. Honda Civic er samnefnari fyrir hagsýni - verkfræðingar Honda hafa sannað að ekki þurfi að fórna ánægju í akstri fyrir hagsýni. **Honda Civic - skynsamlegt val á Honda-góðu verði.**

honda.is



Vatnagarar 2 4-26 Sími 520 1100
www.bernhard.is

EDGAR RICE BURROUGHS (1875-1950)
fæddist þennan dag.



„Því meira sem hlustað er á venjulegar samræður því augljósara verður að sá hluti heilans sem snýr að rökhugsun hefur litla tengingu við málbeinið.“

Edgar Rice Burroughs var bandarískur rithöfundur og frægastur fyrir verk sín um Tarsan, konung apanna.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST > 1. SEPTEMBER 1969

Gaddafi kemst til valda í Líbíu

Á þessum degi árið 1969 steyptu uppreisnarmenn, undir forystu hins 27 ára Muammar al-Gaddafi, Idris Líbíukonungi af stóli. Gaddafi hefur síðan þá verið við völd.

Gaddafi er bedúini og fæddist árið 1942. Hann útskrifaðist frá Háskóla Líbíu árið 1963 og frá Herskóla Líbíu tveimur árum síðar. Hann var ákafur þjóðernissinni og þótti konungurinn of haldssamur og skeyta litt um að efla pólitíska samstöðu arabaríkjanna. Hann hóf því, ásamt öðrum, að skipuleggja valdarán, og lét til skara skriða árið 1969. Uppreisnarmennirnir biðu þar til konungur var farinn til Tyrklands en réðust þá til atlögu og steyptu ríkisstjórninni af stóli án blóðsúthellinga. Konungsdæmið var lagt niður og Idris bjó í útlegð til æviloka. Hugmyndafræði Gaddafis var blanda af íslamskri bókstafstrú, sósíalísma og arabískri þjóðernishyggju. Hann var stækur andstæðingur Vesturlanda og kom

sér fljótlega í ónáð þeirra, til dæmis með því að þjóðnýta olíulindir í eigu erlendra fyrirtækja. Hann kom þó á ýmsum umbótum til þess að bæta lífskjör fólks og rýmkaði rétt kvenna.

Gaddafi einangraðist hins vegar æ meira á alþjóðavettvangi, jafnvel í arabaheiminum, meðal annars vegna stuðnings síns við fjölda hryðjuverka-samtaka. Síðan á 9. áratugnum hefur Gaddafi þó dregið úr einangrun landsins og gert ýmsar tilslakanir til þess. Í kjölfarið hefur viðskiptabanni SP á Líbíu verið aflétt en Bandaríkjamenn banna enn öll viðskipti við landið.



MUAMMAR AL-GADDAFI

MERKISATBURÐIR

- 1689** Skeggskattur er settur á í Rússlandi.
- 1914** Nafni Pétursborgar er breytt í Petrograd.
- 1923** Rúmlega 140 þúsund farast í Tókýó og Yokohama í Japan í jarðskjálfta sem mældist 7,9 stig.
- 1932** Jóhann Jónsson skáld andast.
- 1938** Mussolini leggur niður borgaraleg réttindi gyðinga.
- 1939** Seinni heimsstyrjöldin hefst þegar Þjóðverjar réðust inn í Pólland.
- 1958** Fiskveiðilögsagan við Ísland færð úr fjórum sjómílum í tólf.
- 1971** Katar lýsir yfir sjálfstæði frá Bretlandi.
- 1972** Fiskveiðilögsagan við Ísland er færð út í 50 sjómílur.
- 2004** Tsjetsjenskir hryðjuverkamenn ráðast inn í barnaskóla í Beslan í Rússlandi.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jónína Vilhelmína Davíðsdóttir

frá Möðruvöllum í Hörgárdal,

verður jarðsungen frá Möðruvallakirkju laugardaginn 3. september kl. 14.

Sigríður Valgerður Josteinsdóttir
Kristján Josteinnsson
Jónas Josteinnsson
Svavar Josteinnsson
Svava Josteinsdóttir
Hildur Josteinsdóttir

Sólveig Hrafnisdóttir
Hjördís Hrönn Hauksdóttir

Bjarni Guðmundsson

Barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

DAGBJÖRT SIGURÐARDÓTTIR

frá Stígshúsi, Stokkseyri,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt föstudagsins 26. ágúst, verður jarðsungen frá Stokkseyrarkirkju laugardaginn 3. september kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

Ágúst Guðbrandsson
Hólmfríður Hlíf Steinþórsdóttir
Ragnheiður Drífa Steinþórsdóttir
Kristín Steinþórsdóttir
Jason Steinþórsson
Guðbrandur Stigur Ágústsson
Guðríður Bjarney Ágústsdóttir
Sigríður Inga Ágústsdóttir
Dagrun Mjöll Ágústsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Einar Páll Bjarnason
Logi Hjartarson
Hrönn Sturlaugsdóttir
Brynhildur Arthúrsdóttir

Aron Hauksson

PÁLL MAGNÚSSON TEKUR VIÐ STARFI ÚTVARPSSTJÓRA RÍKISÚTVARPSINS:

Fær útrás fyrir frummanninn í sér

„Það er óneitanlega svolítið skrítið að ganga yfir landamærin aftur,“ segir Páll Magnússon sem tekur við starfi útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins í dag. Hann starfaði hjá fyrirtækinu fyrir nítján árum, meðal annars sem varafréttastjóri, en hefur síðan þá yfirleitt starfað í samkeppni við það. Páll er þó bjartsýnn og hlakkar til að takast á við verðugt verkefni.

Páli finnst lítið hafa breyst frá því hann hætti hjá RÚV. „Af því sem sést svona á ytra byrðinu hefur starfsemin ekki breyst neitt ógurlega hvorki að eðli né inntaki,“ segir Páll og telur það bæði jákvætt og neikvætt. „Það er ágætt að stofnanir af þessu tagi séu svolítið íhaldsamar í eðli sínu en að hinu ber að gæta líka að þær verða að geta endurnýjast í ljósi breyttra tíma,“ segir Páll sem finnst skorta á að hlutverk útvarpsins sé skilgreint upp á nýtt í ljósi þess að aðstæður á markaðnum hafi gjörbreyst.

Páll hefur ekki ákveðið hvaða breytingar hann vill gera þegar hann tekur við sem útvarpsstjóri. „Það verða auðvitað breytingar en ég á eftir að máta ýmsar hugmyndir sem ég hef um hlutina við þær hugmyndir sem eru innan stofnunarinnar og hjá starfsmönnum þar,“ segir Páll sem hefur verið í frí allan ágústmánuð. „Þetta er lengsta samfellda frí sem ég hef tekið,“ segir hann hlæjandi en Páll nýtti tímann til að sinna áhugamálum sínum. Veðiskapur er þar ofarlega á blaði, hvort sem það heitir laxveiði, fuglaveiði eða lundaveiði. „Nú má aftur skjóta rjúpu í haust,“



PÁLL MAGNÚSSON Nýi útvarpsstjórinn stundar veiðimennsku af miklum móð og er staðráðinn í því að veiða rjúpu í jólamatinn.

segir Páll staðráðinn í því að ná í jólamatinn.

„Ætli maður fái ekki einhverja útrás fyrir frummanninn í sér,“ segir Páll hugsi um hvað sé svona heillandi við veiðiskapinn. „Þegar maður er kominn einn út í á með veiðistöng er ekkert annað sem truflar mann á meðan.“

Páll er í seinni tíð farinn að sleppa laxi við veiðiskapinn en þó ekki öllum. „Ef maður kæmi ekki með neitt heim eftir veiðiferðir þá held ég að það væri farin einhver fullnægja úr þessu,“ segir Páll sem les talsvert og teflir í fristundum. „Meira af vilja en getu,“ bætir útvarpsstjórinn við og hlær. ■

ANDLÁT

Hörður Guðmundsson, fyrverandi bóndi á Kverngrjóti, Fannafold 185, Reykjavík, lést mánudaginn 29. ágúst.

Jóhannes Ásbjörnsson, Stöð, Stöðvarfirði, andaðist á Landspítalanum, Fösvogi, þriðjudaginn 30. ágúst.

JARÐARFARIR

13.00 Bryndís Ingvarsdóttir, Sólvangi, Hafnarfirði, áður Móabardi 22b, Hafnarfirði, verður jarðsungen frá Hafnarjarðarkirkju.

13.00 Sigurður Guðmundsson, Hamraborg 30, Kópavogi, verður jarðsungeninn frá Fösvogskirkju.

15.00 Ella Halldórsdóttir, frá Kirkjuhvöli, Vestmannaeyjum, verður jarðsungen frá Dómkirkjunni.

15.00 Jóhanna Kristín Sigurjónsdóttir Ellerup verður jarðsungen frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

AFMÆLI

Ketill Larsen leikari er 71 árs.

Harald G. Haralds leikari er 62 ára.

Ólöf Nordal myndlistarmaður er 44 ára.

Ruth Reginalds söngkona er fertug.

Ágústa Sigrún Ágústsdóttir er fertug.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Steinunn Þórðardóttir

frá Grund á Akranesi,

sem lést á Dvalarheimilinu Höfða, mánudaginn 29. ágúst, verður jarðsungen frá Akranesarkirkju föstudaginn 2. september kl. 10.30.

Bjarni Ó. Árnason
Sigríður Árnadóttir
Þórður Árnason
Emilía Petrea Árnadóttir
Ingibjörg Árnadóttir
Sigrún Árnadóttir
Elín Árnadóttir
Steinunn Árnadóttir
Guðmundur Árnason
Hrafnhildur Jónsdóttir
og fjölskyldur.

Áslaug Hjartardóttir
Kristján Kristjánsson
Sesselja Engilbertsdóttir
Guttormur Jónsson
Sigurður Ingimarsson

Porkell Einarsson
Sigrún Traustadóttir



40 ára afmæli

Í dag 1. september er
Jóhannes Sigurðsson
Birkihæð 14, Garðabæ
framkvæmdastjóri fertugur.

SONY®

Hugsaðu stórt!



KEP42M1SI
42" Sony Plasma sjónvarp
299.950 krónur
RDR-GX210S fylgir frítt með.



KLV-30HR3S
30" Sony LCD sjónvarp
199.950 krónur
RDR-GX210S fylgir frítt með.

Fáðu þér veggsgjónvarp og DVD upptökutæki fylgir!



Fylgir með!
DVD upptökutæki
44.950 kr.

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center



Heyrst hefur ...

... að Birkir Kristinsson, markvörður ÍBV í Landsbankadeild karla, sé hættur við að hætta. Birkir gaf það út í vor að þetta sumar yrði hans síðasta í boltanum en hann mun hafa ákveðið að endurskoða ákvörðun sína eftir að alvarleg meiðsl sem hann hlaut í leik gegn FH fyrr í sumar urðu til þess að kveðjustundin fór á annan veg en áætlanir gerðu ráð fyrir.

sport
sport@frettabladid.is

SKAGAMAÐURINN SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON: HAFÐI Í MÖRG HORN AÐ LÍTA Í SÍÐUSTU VIKU

Skaut FH-inga í kaf og eignaðist litla stúlku

Síðasta vika var framherjanum Sigurði Ragnari Eyjólffssyni hjá ÍA ansi eftirminnileg á margan hátt. Hann kom inn á sem varamaður í liði Skagamanna í Keflavík og skoraði þar sigurmark ÍA gegn heimamönnum. Þetta sama kvöld eignuðust hann og kona hans svo litla stúlku og í kjölfarið spilaði Sigurður leik á Skaganum sem hann gleymir ekki í bráð.

„Ég kom inn á sem varamaður á móti Keflavík og náði að skora sigurmark okkar í þeim leik. Það var afar mikilvægur sigur, því við Skagamann ætlum okkur að sjálf-sögðu að ná þriðja sætinu í deildinni og gaman að geta lagt sitt af mörkum til þess. Eftir leikinn brunaði ég svo fljótlega upp á fæðingardeild, þar sem konan mín eignaðist litla stúlku um nóttina,“ sagði Sigurður, sem hafði í nógu að snúast eftir að barnið fæddist eins og gengur og gerist. „Ég var nú orðinn dálítið slappur á síðustu æfingunni fyrir leikinn gegn FH af því ég hafði mjög lítið sofðið. Konan leyfði mér þó að hvíla mig vel fyrir leikinn gegn FH og svo fékk ég að heyra að ég yrði í byrjunarliðinu, þannig að ég var mjög glæsilegt, líklega eitt fallegasta mark sumarsins. „Já, ég var nokkuð ánægður með þetta mark og það var frábært að vinna FH-inganna fyrstir liða í deildinni. Við höfðum harma að hefna síðan þeir slógu okkur út úr bikarnum forðum og eftir leikinn hefur alls konar fólk verið að koma til mín og óska mér til hamingju með barnið, mörkin og sigurinn,“ sagði Sigurður.

Fyrri mark Sigurðar var mjög glæsilegt, líklega eitt fallegasta mark sumarsins. „Já, ég var nokkuð ánægður með þetta mark og það var frábært að vinna FH-inganna fyrstir liða í deildinni. Við höfðum harma að hefna síðan þeir slógu okkur út úr bikarnum forðum og eftir leikinn hefur alls konar fólk verið að koma til mín og óska mér til hamingju með barnið, mörkin og sigurinn,“ sagði Sigurður.

Fyrri mark Sigurðar var mjög glæsilegt, líklega eitt fallegasta mark sumarsins. „Já, ég var nokkuð ánægður með þetta mark og það var frábært að vinna FH-inganna fyrstir liða í deildinni. Við höfðum harma að hefna síðan þeir slógu okkur út úr bikarnum forðum og eftir leikinn hefur alls konar fólk verið að koma til mín og óska mér til hamingju með barnið, mörkin og sigurinn,“ sagði Sigurður.



> Við samgleðjumst ...

... Þóru B. Helgadóttur, markmanni Breiðabliks og íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu, en hún varð ekki aðeins íslandsmeistari á áttunda sinn á ferlinum í gærkvöldi heldur fékk hún forlata ryksugu í verðlaun frá sænska knattspyrnusambandinu fyrir að hafa verið besti maður vallarins í landsleik Íslendinga og Svía um síðustu helgi. Ryksuguna þáði Þóra með þökkum og segja þeir sem til hennar þekjja að hún sé hæstánægð með fenginn.



> Við hrósum ...

.... Úlfari Hinrikssyni, þjálfara Breiðabliks, fyrir það frábæra starf sem hann hefur unnið í sumar og búa til meistaralið úr kvennaliði Blika sem er komið á toppinn á ný.



Í NÝJA BÚNINGNUM Grétar Rafn Steinsson sést hér kominn í búning AZ Alkmaar.

Samingurinn undirritaður:

Grétar er klár

FÓTBOLTI Grétar Rafn Steinsson hefur klárað sín félagsskipti til hollenska úrvalsdeildarliðsins AZ Alkmaar um að spila með því næstu þrjú til fimm árin. Grétar Rafn, sem hefur verið í herbúðum svissneska liðsins Young Boys, skrifaði undir í gær áður en hann flaug til Íslands til að taka þátt í undirbúningi landsliðsins fyrir leikinn gegn Króatíu á laugardaginn.

Breiðablikskonur meistarar í 15. sinn

Breiðablik tryggði sér sigur í Landsbankadeild kvenna og sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil í fjögur ár með 5-1 sigri á ÍA á Akranesi í gær. Þetta er mikið afrek hjá Blikum, sem var spáð þriðja sætinu fyrir mótið.

FÓTBOLTI Breiðablik er Íslandsmeistari kvenna í knattspyrnu í níunda sinn á síðustu fimmtán árum eftir sannfærandi sigur á ÍA í næstsíðustu umferð Landsbankadeildar kvenna. Blikastúlkur hafa unnið tólf af þrettán deildarleikjum sínum í sumar, eru enn taplausar á tímabilinu og hafa fjögurra stiga forskot á fráfarandi Íslandsmeistara í Val þegar aðeins ein umferð er eftir.

Þær Guðlaug Jónsdóttir og Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir skoruðu báðar tvö mörk fyrir Breiðablik í gær og það má segja að eftir að Ólína, sóknardjarfasti bakvörður deildarinnar, skoraði fyrsta markið á áttundu mínútu var enginn vafi lengur á að Blikastúlkur væru að verða Íslandsmeistarar.

Úlfar Hinriksson hefur búið til meistaralið á fyrsta ári sínu með meistaraflokk Breiðabliks en þetta er þó ekki fyrsti titillinn sem hann kemur með í Smáranum enda hefur hann gert góða hluti með yngri flokka félagsins undanfarin ár.

„Það var svo sem ekkert meira undir í þessum leik en í hverjum öðrum leik. Við áttum alltaf FH-leikinn inni ef illa færi í kvöld. Nú verður mikið húllumhæ á sunnudaginn þótt það hafi einnig verið í kvöld enda voru margar í liðinu að vinna sinn fyrsta titil. Fótbolti er hópíprótt og við höfum lagt mikla áherslu á það að virkja allar í liðinu bæði í vörn og sókn,“ sagði Úlfar í viðtali við Fréttablaðið kátur eftir leik.

„Við vissum það frá byrjun að



ÍSLANDSMEISTARAR Þóra Björg Helgadóttir, fyrirlíði og markvörður Breiðabliks í Landsbankadeild kvenna, tekur hér utan um Ólinu Guðbjörgu Viðarsdóttur eftir að Breiðablik hafði tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/EIRIKUR

ef hlutirnir gengu upp hjá okkur værum við með í þessu móti. Nú erum við kannski komin örflítið fram úr okkur en við kvörtum ekki yfir því. Það er búið í rauninni allt búið að ganga upp sem við höfum verið að vinna eftir og það hefur allt hjálpast að við að ná þessu takmarki. Í kvennaboltanum eru fjögur ár langur tími í bið eftir titli því í Breiðabliki er alltaf sett krafan á að verða meistari á hverju einasta ári,“ sagði Úlfar en hann segir að koma reynsluboltanna Þóru B. Helgadóttur, Eddu Garðarsdóttur og Guðlaugar Jónsdóttur hafi skipt liðið miklu máli.

„Það var gott að fá Þóru aftur heim og einnig var mikill liðsstyrkur í Eddu og Gullu því þær kunna þetta upp á hárr. Þær hafa oftast en ekki þurft að stíga á stökk og rífa liðið áfram þegar við höfum verið í basli. Þetta er lið sem vill vinna en þessir þrír leikmenn, að öðrum ólöstuðum, hafa komið með reynsluna inn í þetta Breiðablikslíð í sumar,“ sagði Úlfar, sem gat einnig nefnt mun fleiri leikmenn sem hafa spilað stór hlutverk hjá nýkrýndum Íslandsmeisturum Breiðabliks.

ooj@frettabladid.is

LEIKIR GÆRDAGSINS

Landsbankadeild kvenna:

ÍA–BREIÐABLIK	1–5
0–1 Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir (8.), 0–2 Guðlaug Jónsdóttir (17.), 0–3 Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir (39.), 0–4 Guðlaug Jónsdóttir (47.), 1–4 Anna Þorsteinsdóttir (53.), 1–5 Inga Birna Friðjónsdóttir (88.).	
STJARNAN–KEFLAVÍK	2–1
0–1 Nina Ósk Kristinsdóttir (62.), 1–1 Lilja Kjalarsdóttir (70.), 2–1 Anna Margrét Gunnarsdóttir (86.).	
KR–ÍBV	1–3
0–1 Olga Færseth (7.), 0–2 Olga Færseth (20.), 1–2 Fjóla Dröfn Friðriksdóttir (74.), 1–3 Hólmfríður Magnúsdóttir (82.).	
FH–VALUR	0–2
0–1 Íris Andrésdóttir (39.), 0–2 Íris Andrésdóttir, víti (62.).	

STAÐAN:

BREIÐABLIK	13	12	1	0	42–9	37
VALUR	13	11	0	2	55–13	33
ÍBV	13	8	0	5	39–27	24
KR	13	7	1	5	39–19	22
KEFLAVÍK	13	5	0	8	29–35	15
STJARNAN	13	4	0	9	15–34	12
FH	13	3	1	9	10–41	10
ÍA	13	0	1	11	10–61	1

MARKAHÆSTAR:

Margrét Lára Viðarsdóttir, Val	21
Hrefna Huld Jóhannesdóttir, KR	12
Laufey Ólafsdóttir, Val	11
Nina Ósk Kristinsdóttir, Val/Keflavík	10
Hólmfríður Magnúsdóttir, ÍBV	10
Bryndís Jóhannesdóttir, ÍBV	9
Greta Mjöll Samúelsdóttir, Breiðablik	9
Guðlaug Jónsdóttir, Breiðablik	8
Olga Færseth, ÍBV	7
Elin Anna Steinarsdóttir, ÍBV	7
Ólína Guðbjörg Viðarsd., Breiðablik	7
Fjóla Dröfn Friðriksdóttir, KR	7

Leikmannaförföll í íslenska 21 árs landsliðinu:

Bjarni Þórður ekki með

FÓTBOLTI Eyjólfur Sverrisson, hjálfari íslenska 21 árs landsliðsins, hefur þurft að gera tvær breytingar á hópnum sem mætir Króötum á KR-vellinum á föstudaginn. Bjarni Þórður Halldórsson markvörður og Viktor Bjarki Arnarsson, báðir leikmenn Fylkis, geta ekki tekið þátt í leiknum en í þeirra stað hefur Eyjólfur valið þá Magnús Þormar, markvörð úr Keflavík, og Eyjólf Héðinsson úr Fylki.

Þar með er ljóst að íslenska landsliðið verður án þriggja lykilmanna, fyrirliðans Ólafs Inga Skúlasonar, markahæsta manns síns Hannesar Þ. Sigurðssonar og svo aðalmarkvarðar síns Bjarna Þórðar Halldórssonar. Hannes er búinn að skora sex af sjö mörkum íslenska liðsins í undankeppninni til þessa og Bjarni Þórður er búinn að spila allar 630 mínútnar í markinu.

-66j

Sérblað um sjávarútveg



**Íslenska sjávarútvegssýningin 2005
í Smáranum Kópavogi
7. -10. september**

Miðvikudaginn 7. september

**mun sérblað um sjávarútveg fylgja Fréttablaðinu.
Blaðið verður tileinkað Íslensku sjávarútvegssýningunni 2005.**

Pöntunarfestur auglýsinga er til kl. 12.00 þriðjudaginn 6. september.
Skil á efni er fyrir kl. 12.00 mánudaginn 5. september

Nánari upplýsingar veita Ámundi Ámundason
í síma 515-7580 eða 821-7514, netfang amundi@frettabladid.is,
og Valur Þráinsson í síma 550-5084 eða 663-4411,
netfang valur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ



Núna Haust uppskera 200.000 í afslátt á meðan birgðir endast. Komdu í dag.

➤ Íslendingar velja Ford umfram önnur vestur- og norðurlandabíla. Spennandi hönnun, aukin gæði og þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákni um gæði - veldu Ford.

Það er munur á Explorer og Land Cruiser

Besta einkunn sem hver jeppi getur hlotið eru draumarnir um að fá að njóta hans hvern dag - að vera á draumajeppanum. Vinsælasti draumur er Ford Explorer enda mest seldi jeppi í heimi. Hinsvegar hefur Toyota Land Cruiser verið draumur Íslendinga, hingað til, enda sterkur torfærujeppi byggður á grind með hátt og lágt drif eins og Explorer. Í gegnum tíðina hefur Land Cruiser hrifið okkur drifið á tinda landsins en staðlaðir breytingarþjónustulund starfsfólks P. Samúelssonar ehf. torfæruna að spennandi viðfangsefni í krafti dýrinnar, sumar sem vetur.

Nú er öldin önnur. Gömul tákni eru fallin. Og þú ert við. Íslendingar velja nú aðra eiginleika en að hafa mið hafa verið tekin í átt að þægindum, myktum öryggi sem sést á auknum vinsældum Explorer. Þú færst núna á hagstæðu verði. Sala á óbreyttu Land Cruiser hefur aukist sem er önnur vísbending um viðhorf og auknar kröfur um þægindi. Reyndar er enn að bera Land Cruiser saman við Explorer þar sem

af gæðalista staðalbúnaðar XLT Sport:

• Sjálfskipting.
• Stjórnun stöðugleikastýrikerfi.
• Stjórnun veltivörn.
• Lágt drif.
• 245/65R17 dekk.
• Stjórnun, framan og aftan.
• ABS.
• Stjórnun fyrir ökurmann og
• Stjórnun.
• Cruise Control.
• Stjórnun með fjárfstýringu.
• Stjórnun með plussáklæði.
• Stjórnun mannsæti.
• Stjórnun stuðlara.

Rafdrifnar rúður, framan og aftan.
Rafknúnnir útibaksnisspeglar.
Tviskiptur afturhlæri.
Gangbretti.
Ford útfærð með geislaspilara.
Litað gler að aftan.
Loftkæling.
Geymsluhólf milli sæta.
Toppbogur.
Úthitasmælir og áttaviti.
Stokkur í lofti með lesjösum.
Baksnisspeglar með dimmingu.
Leðurklætt stýrishjól.
Heimreiðarljós.

Núnaður í Eddie Bauer:

• Stjórnun með leðuráklæði.
• Stjórnun sæti.
• Stjórnun með minni.
• Stjórnun.
• Stjórnun fyrir hljómtæki,
• Stjórnun hraðastilli.

Ford Audio System með 6 diska
geislaspilara og 5 hátölurum.
Ákstursthóla.
Samlit stigbreitti.
Tölvustýrt loftkæling.
Klæðning á hliðum í „beige“ lit.

Þú ert í Limited:

Krómaður felgur.
Krómaður þakbogur.
Samlit klæðning á hliðum.

Nýttu haustuppskeruna Skoðaðu Ford Explorer í bílaverslun Brimborgar



● Ford Explorer XLT Sport 4,0i V6 sjálfskiptur

Listaverð 4.190.000 kr.
Afsláttur -200.000 kr.
Uppskeruverð 3.990.000 kr.
Bílasamningur 41.500 kr.
Rekstrarleiga 74.400 kr.



● Ford Explorer Eddie Bauer 4,6i V8 sjálfskiptur

Listaverð 4.675.000 kr.
Afsláttur -200.000 kr.
Uppskeruverð 4.475.000 kr.
Bílasamningur 46.500 kr.
Rekstrarleiga 84.200 kr.




● Ford Explorer Limited 4,6i V8 sjálfskiptur

Listaverð 4.795.000 kr.
Afsláttur -200.000 kr.
Uppskeruverð 4.595.000 kr.
Bílasamningur 47.800 kr.
Rekstrarleiga 87.800 kr.



Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum.

Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.



Öruggur staður til að vera á

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Tveir hópar etja kappi. Langskólagengnir takast á við ómenntaða reynslubolta. Hver verður næsti lærlingurinn hjá Donald Trump?

APPRENTICE
Í kvöld kl. 20:30



HK gæti fengið 20 milljónir fyrir Rúrik

Í annað sinn á rúmu ári hefur HK grætt fúlgur fjár á því að selja hinn stórefnilega Rúrik Gíslason.

FÓTBOLTI Lið HK í 1. deildinni, sem í fyrradag gekk frá sölu á hinum 17 ára gamla Rúrik Gíslasyni til Charlton, gæti fengið allt að 20 milljónir króna frá Charlton fari svo að Rúrik verði fastamaður í liðinu í framtíðinni. Ljóst er að HK hefur hagnast vel á því að selja Rúrik en hann kom til liðsins síðasta haust eftir að hafa verið í herbúðum Anderlecht í tæpt ár. Þar náði Rúrik sér aldrei á strik vegna meiðsla en hann er uppallinn hjá Kópavogslíðinu og sneri því aftur á heimaslóðir.

Heildarkaupverðið á Rúrik er háð því hvort hann nær að brjóta sér leið inn í aðallið Charlton, en þar á bæ hafa menn mikla trú á íslenska leikmanninum og segir Peter Varney, framkvæmdastjóri félagsins, að með kaupnum á Rúrik hafi Charlton verið að tryggja sér þjónustu eins eftirsóttasta unga leikmanns Evrópu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var Rúrik gríðarlega eftirsóttur hjá liðum af Norðurlöndunum en hann kaus sjálfur að fara til liðs í ensku úrvalsdeildinni. Líklegt er að vera Hermanns Hreiðarssonar hjá Charlton hafi ráðið miklu um ákvörðun Rúriks og þakkaði Varney íslenska varnarmanninum sérstaklega fyrir aðstoðina. „Hermann átti stóran þátt í því að fá Rúrik til okkar,“ sagði hann.

Í viðtali við opinbera heimasíðu Charlton segir Steve Suther-



RÚRIK GÍSLASON Vakti athygli stórlíða á borð við Bayern München, PSV og Ajax eftir stórkostlega frammistöðu með u-17 ára landsliði Íslands. Hann valdi að fara til Anderlecht á sínum tíma en er nú kominn til Charlton.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

land, meðlimur í leikmannanefnd félagsins, að koma Rúriks sé sem hvalreki á fjörur félagsins. „Hann á góða möguleika á að verða ein af helstu stjörnum ensku úrvalsdeildarinnar í framtíðinni,“ segir Sutherland.

- vig

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

29 30 31 1 2 3 4

Fimmtudagur

LEIKIR

- ☐ 19.15 **KR** og **Valur** mætast í DHL-Höllinni í Reykjavíkurmóti karla í körfubolta.
- ☐ 19.15 **ÍR** og **ÍS** mætast í Seljaskóla í Reykjavíkurmóti karla í körfubolta.

SJÓNVARP

- ☐ 07.00 **Olíssport** á Sýn. Þátturinn er endursýndur þrisvar sinnum til 9.00 og svo aftur klukkan 18.00.
- ☐ 14.00 **Enskir leikir** á Enska boltanum. Leikir Man. City–Porthmouth, Fulham–Everton og Aston Villa–Blackburn sýndir.
- ☐ 16.40 **Formúlukvöld** á RÚV.
- ☐ 18.30 **Íslandsmótið í golfi 2005** á Sýn.
- ☐ 19.45 **Bandaríska mótaröðin í golfi 2005** á Sýn.
- ☐ 20.00 **Liðið mitt** á Enska boltanum. Stuðningsmannaklúbbar ensku úrvalsdeildaríðanna njóta sín.
- ☐ 20.10 **Suðurnesjatröllið 2005** á Sýn.
- ☐ 20.40 **Mike Tyson - Lennox Lewis** á Sýn.
- ☐ 21.00 **Enskir leikir** á Enska boltanum. Leikir Newcastle–Man. Utd., Middlesbrough–Charlton og Wigan–Sunderland sýndir.
- ☐ 21.30 **Breski bílapátturinn í fimmta gir** á Sýn.
- ☐ 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 22.30 **Strandblak** á Sýn.

Newcastle keypti Michael Owen á sautján milljónir punda frá Real Madrid:

Michael Owen hylltur í Newcastle

FÓTBOLTI Michael Owen var í gær kynntur sem nýr liðsmaður Newcastle United en gengið var frá kaupum á honum frá Real Madrid í fyrrakvöld. Mikill fjöldi lét sjá sig á St. James Park, heimavelli Newcastle, en það voru mest rúmlega 20 þúsund áhorfendur á leikvanginum þegar hann veifaði til áhorfenda af palli sem komið hafði verið komið fyrir á vellinum.

Owen sagði samtöl sín við Alan Shearer, fyrirliða Newcastle, hafa ráðið úrslitum um það að hann ákvað að fara til Newcastle. „Shearer er búinn að vera í stöðugu sambandi við mig síðustu vikur. Eftir mörg löng samtöl við hann ákvað ég að koma hingað þar sem allir hjá félaginu hafa mikinn metnað til koma félaginu aftur í fremstu röð. Það margir virkilega góðir leikmenn hjá Newcastle og ég er viss um að við náum að rétta úr kútnum í næstu leikjum.“

Newcastle hefur byrjað leiktíðina illa og hefur leikmönnum



HYLLTUR Á ST. JAMES PARK Owen er nú án efa vinsælasti maðurinn í Newcastle og vonast stuðningsmenn félagsins eftir því að hann skori mikið af mörkum fyrir félagið.

liðsins ekki enn tekist að skora mark í deildinni. Owen vonast til þess að geta skorað mörg mörk í hvíta og svarta búningnum.

„Ég hef unnið við það í nokkur ár að skora mörk. Ég fer ekki fram á neitt annað en að fá að spila og það er ástæðan fyrir því

að ég kom hingað. Staða mín hjá Real Madrid var ekki nógu góð og eftir mikla umhugsun ákvað ég að fara til Newcastle. Núna byrjar nýtt tímabil í mínu lífi og ég hlakka til þess að takast á við það.“

- mh

Félagsskiptaglugginn í fótboltanum lokaðist í gær:

Mikið um kaup og sölur

FÓTBOLTI Enski landsliðsmaðurinn Jermaine Jenas gekk í gær til liðs við Tottenham Hotspurs frá Newcastle United fyrir átta milljónir punda. Jenas hefur verið óánægður hjá Newcastle í langan tíma en hann hefur ekki náð að starfa vel með knattspyrnustjóranum Graeme Souness. Búast má við því að Jenas styrki lið Tottenham mikið en hann þykir vera einn af efnilegustu leikmönnum Englands.

Meðal annara kaupa í gær má nefna að Tottenham festi einnig kaup á Suður-Kóreumanninum Lee Young-Pyo en hann leikur í stöðu vinstri bakvarðar. Tottenham þurfti að greiða tæpar tvær milljónir punda fyrir Young-Pyo.

Sænski landsliðsmaðurinn Erik Edman fór á sama tíma frá Tottenham til Rennes í Frakk-

landi, en hefur ekki þótt standa sig nóg vel með liðinu síðan hann kom fyrir ári.

Wigan Athletic keypti framherjann David Connolly frá Leicester City fyrir tvær milljónir punda en honum er ætlað að fylla skarðið sem Nathan Ellington skyldi eftir sig. Wigan hefur gengið erfiðlega að skora á leiktíðinni og ekki skánaði ástandið eftir að Ellington fór til West Bromwich Albion fyrir skömmu. Connolly hefur verið helsti markaskorari Leicester City í 1.deildinni á Englandi síðustu tvö tímabil.

- mh

JERMAINE JENAS Á eflaust eftir að verða mikill liðsstyrkur fyrir Tottenham má búast við því hann verði orðinn lykilmaður liðsins áður en langt um líður.



Skólastyrkur

- fyrir alla!

4Mb/s
extra light
ADSL V16

SKÓLASTYRKUR
BTnet

Þú færð
BTnet í næstu
verslun BT!

V16 extra light
Ótakmarkað niðurhal!
3.890 kr.
á mánuði allt innifalið auk bíókorts
og áskrift af tónlist.is!

- líka fyrir þá sem
eru í skóla lífsins.

Skólastyrkur BTnet!

BTnet hefur verið í fararbroddi um að bjóða lægsta verðið á ADSL. Nú bjóðum við enn betur. Með skólatilboði BTnet fylgir:

- • **Frítt niðurhal** (endalaust eins og þig lystir).
- • **Frítt í bíó** (gildir í sex mánuði).
- • **Frí tónlist** (gildir í sex mánuði á tónlist.is).

Kíktu við í næstu **BT verslun** og fáðu þér áskrift!

**Við hjálpum þér í gegnum
námið á fullum hraða!**



BTnet
www.btnet.is.

M.v. 12 mánaðar samning. Gildir ekki með öðrum tilboðum

soví

Nám í svæða- og Viðbragðsmeðferð hefst á Akureyri og í Reykjavík miðvikudaginn 14. september 2005.

Upplýsingar í síma 557-5000 // 696-0970 // 895-7333
Einnig á www.nudd.is

SVÆÐA OG VIÐBRAGÐSMEÐFERÐARSTOFNUN ÍSLANDS

DV

LÁRUS KOKKUR LAMDI KONIINA

FÓRNARLAMBIÐ
SEGIR KERFIÐ
HAFA
BRUGÐIST



Þorir þegar aðrir þegja!

SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Prautín er leyst með rökhusun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

5	9	6	4	1	8	3	7	2
7	3	8	9	6	2	1	4	5
2	4	1	7	3	5	6	9	8
6	7	3	2	9	4	5	8	1
8	2	9	5	7	1	4	6	3
1	5	4	3	8	6	9	2	7
9	8	7	6	5	3	2	1	4
4	6	5	1	2	7	8	3	9
3	1	2	8	4	9	7	5	6

	2		4		5		1	
8				6		7		3
7	6				1	9	2	
		6	7				4	5
			9		3			
5	8				6	2		
	3	4	5				6	8
1		7		8				9
	9		3		4		7	

su|do|ku
© Puzzles by Pappocom

STUÐ MILLI STRÍÐA : Er ekki kominn tími á að hreyfa sig?

DRÍFA SIGURÐARDÓTTIR ER KOMIN MEÐ SAMVISKUBIT



Ég hef alltaf verið íþróttasinnuð og líður mjög vel þegar ég æfi hvað mest í líkamsræktarstöðvum landsins innan um sveitta landsmenn. Maður verður einhvern veginn fullur af orku og lífsgleði eins og maður hafi áorðað einhverju alveg hreint ótrúlega miklu. Púlinu fylgir því lík sálu-tilfinning og maður hugsar með

sjálfum sér að maður ætli sér aldrei að hætta þessu sprikli. Manni líður einfaldlega betur þegar maður er í góðu formi og borðar hollan mat. Því skil ég ekki af hverju ég hef leyft mér þann munað að hakka í mig sælgæti og drekka gos upp á nánast hvern einasta dag síðastliðið ár og hvorki hreyft legg né lið. Hvað varð um þessa löngun að upplifa aftur þessa sælutilfinningu sem fylgir hlaupum og lyftingum. Hvað varð um þá ákvörðun að taka sig á í mataræðinu og standa við það? Það er kominn tími á breytingar. Þó fyrr hefði verið. Aldurinn er að færast yfir mann og það fer að hægjast á brennslunni. Það er

ekki lengur hægt að komast upp með það að troða í sig snúð og kókomjólk í kaffinu og leggjast svo upp í sófa með góða samvisku. Maður verður að vinna fyrir hlutunum og þar kemur ræktin sterk inn. Afsakanir um lítinn tíma eru ekki lengur í gildi. Það má alltaf finna tíma. En þá er bara spurningin hvenær byrja eigi í átakinu og þar liggur vandinn. Ég hef nefnilega verið að velta þessari tilteknu spurningu fyrir mér í þó nokkurn tíma. Sjálfsgagn er ekki nógur, letin er við stjórnvölinn. Auðvitað veit ég að ég á að byrja strax og það ætla ég að gera. Kemst samt ekki á morgun því þá er ég að fara í bíó. ■

myndasögur


PONDUS

Eftir Frode Överli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott





HÆGÐU Á ÞÉR BÖRN AÐ LEIK

Skilaboð sem varða líf og heilsu barnanna okkar tökum við öll alvarlega. Hámarkshraði í flestum íbúðahverfum er 30 km á klukkustund.



UMFERÐARSTOFA



Laugardaginn 3. september verður opnuð í Listasafni Íslands klukkan 15.00 sýningin Íslensk myndlist 1945-1960: Frá abstrakt til raun-sæis. Sýningin er fjórða sýning safnsins í sýningaröð sem er ætlað að gefa yfirlit um þróun myndlistar á Íslandi innan afmarkaðra tíma-bila frá aldamótunum 1900.

menning

menning@frettabladid.is

Nútímadansveisla í Borgarleikhúsinu

Verk Jóhanns Freys Björgvinssonar, Játningar minnisleysingjans, er meðal þess sem boðið verður upp á í kvöld á nútímadanshátíð í Borgarleikhúsinu. „Ég er með fimm dansara frá Íslenska dansfloknum sem ætla að dansa á sviðinu í kvöld,” segir Jóhann Freyr en dans- verk hans fjallar um minnisleysi. „Ég fjalla um hvernig við nýtum okkur minnisleysi í dag- legu lífi til þess að lifa af. Hvernig við gleym- um því sem við viljum ekki muna og búum að lokum til okkar eigin raunveruleika með þessari hagræðingu í sjálfinu.“ Í kvöld verða auk Játninga Minnisleysingjans tvö sólóðansverk á boðstólum. Verkið Postcards from home eftir bandaríska dansar- ann Cameron Corbett verður flutt af henni sjálfri og breski dansarinn Fred Gehrig flytur einnig frumsamið verk sem hann nefnir Im Panzer. Reykjavík Dance Festival stendur yfir í Borgarleikhúsinu og Regnboganum frá 1.-4. september.



JÁTNINGAR MINNISLEYSINGJANS Verk eftir Jóhann Frey Björgvinsson verður sýnt á Reykjavík Dance Festival í kvöld.

> Ekki missa af ...

...opnun á sýningu Ólafar Nordal á ljós- myndaverkum í i8 klukkan 17.00 í dag.

...tónleikum hljómsveitanna Plat, Nicolas Britain, Frank Murder og 7berg á Bar 11, Laugavegi 11 klukkan 21.00 í kvöld.

...opnun á sýningunni Meistari Kjarval 120 ára í Gerðasafni klukkan 15.00 á laugardaginn. Um er að ræða afmælis- sýningu úr einkasafni Ingibjargar Guð- mundsdóttur og Þorvaldar Guðmunds- sonar.



Frábærir áhorfendur

Blúshljómsveitin The Grinders heldur þrenna tónleika hér á landi á næstu dögum. Sveitin heldur tvenna tónleika á Græna hattinum á Akureyri annað kvöld og á föstudagskvöld og síðustu tónleik- arnir verða á Ljósanótt í Reykja- nesbæ á laugardaginn.

Upphaf The Grinders má rekja til þess er Kristján Kristjánsson, KK, kynntist Professor Wash- board og Derrick Big Walker á ferðum sínum um Evrópu undir lok níunda áratugarins og stofnuðu þeir hljómsveitina í kjölfarið. Sveitin spilaði síðast hér á landi á blúshátíð Reykjavíkur í mars en þar áður spilaði sveitin sex sinn- um fyrir fullu húsi í Rosenberg- kjallaranum árið 1989. Það sumar var tekin upp platan KK-Upphafið sem kom loks út á síðasta ári.

The Grinders skipa í dag KK, slagverksleikarinn Professor Washboard, munnhórpuleikarinn Marc Breitfelder og Þorleifur Guðjónsson. „Ég man vel eftir því þegar við hittumst fyrst,” segir prófessorinn um samstarfið við KK. „Ég var staddur á tjald- stæði í Noregi og heyrði í honum syngja blúslag og hugsaði með mér: „Þetta er ansi gott.“ Síðan fórum við hvor í sína áttina en hittumst svo og fórum að spila saman. Við spiludum í Stokk- hólmi, meðal annars í sjónvarpi þar, og vorum líka á tónlistarhátíð í Svíþjóð þar sem Motörhead og Van Morrison spiluðu líka,” segir hann. KK man vel eftir þessari hátíð. „Lemmy úr Motör- head var þarna og við gáfum þeim íslenskt brennivín og



THE GRINDERS Þeir félagar Professor Washboard, KK og Marc Breitfelder héldu stutta tónleika fyrir Fréttablaðið við mikinn fögnuð viðstaddra.

drukum það með honum. Hann var mög viðkunnanlegur náungi.“

Aðspurður segir prófessorinn að íslenskir áhorfendur séu frábærir. „Ég heyrði upptöku frá gömlum tónleikum með okkur og var búinn að gleyma því hvað áhorfendurnir voru æstir. Ég hlakka mikið til.“ Prófessorinn og KK bera hvor öðrum vel söguna og svo virðist sem þeir hafi báðir tekið miklum framförum síðan þeir hittust fyrst fyrir rúnum fimmtán árum, þá sem götusplálar.

Marc Breitfelder, sem er að spila í fyrsta sinn með The Grinders, er þekkt nafn í blúsbransan- um og varð meðal annars í öðru sæti á heimsmeistaramótinu í munnhórpuleik árið 1993. Þar að

auki varð hann Evrópumeistari á svipuðum tíma. Hann segist einnig hlakka mikið til tónleik- anna hér á landi.

Þeir félagar í The Grinders vonast til að fara í tónleikaferð til útlanda einhvern tímann á næst- unni og hugsanlega að gefa út nýja plötu. Allt fer það þó eftir því hvað stundatafla þeirra segir.

Þess má geta að eftir viðtalið ákváðu þeir KK, prófessorinn og Marc að taka lagið fyrir starfs- fólk Fréttablaðsins við mikinn fögnuð viðstaddra. Að sjálfsögðu var gítartaskan lögð á gólfið eins á götunum í gamla daga og smá- aurum safnað í þúkk. Höfðu þeir ágætlega upp úr krafssinu.

freyr@frettabladid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren

Lau 3/9 kl 14, Su 4/9 kl 14, Su 11/9 kl 14, Su 18/9 kl 14

EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON

Stórtónleikar

Fö 2/9 kl 20 - UPPSELT

Fö 2/9 kl 22:30 - UPPSELT

KYNNING LEIKÁRSINS

Leikur, söngur, dans og léttar veigar
Su 11/9 kl 20

Opíð hús og allir velkomnir

Míðasölusími 568 8000

midasala@borgarleikhus.is

Míðasala á netinu www.borgarleikhus.is

Míðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:

10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20

miðviku-, fimmtu- og föstudaga

12-20 laugardaga og sunnudag

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN

REYKJAVÍK DANCE FESTIVAL

Nútímadanshátíð 1.-4. September

Í kvöld kl 20

Játningar minnisleysingjans, IM PANZER,

Postcards from home

Fö 2/9 kl 20-Crystall, Wake up hate

Lau 3/9 kl 15 og 17-Videoverk í Regnboganum

Su 4/9 kl 14-Heima er best-barnasýning kr. 800

Kl 20-Who is the horse, Love story

Almennt miðaverð kr 2000

Passi á allar sýningarnar kr 4000

ALVEG BRILLJANT SKILNADUR

Lau 3/9 kl 20, Fi 8/9 kl 20, Fö 9/9 kl 20,

Lau 10/9 kl 20, Su 11/9 kl 20-uppselt,

Fi 15/9 kl. 20

Endurnýjun áskriftarkorta er hafin!

Sala nýrra áskriftarkorta hefst laugardaginn 3. september

- Það borgar sig að vera áskrifandi-



STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00 Klaufar og kóngsdætur mið. 31/8 kl. 20:00

uppselt, sun. 4/9 kl. 14:00, sun. 18/9 kl. 14:00, sun. 25/9 kl. 14:00.

Edith Piaf fös. 2/9, lau. 3/9, sun. 18/9, fim. 22/9, fös. 23/9, lau. 24/9.

Kirsuberjagarðurinn – gestasýning fim. 8/9, fös. 9/9. Að eilífu

– gestasýning lau. 10/9, sun. 11/9. SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00

Rambó 7 fös. 2/9, lau. 3/9, fös. 11/9, lau. 12/9. LITLA SVIÐIÐ KL. 20:00

Koddamaðurinn fim. 8/9, fös. 9/9, lau. 10/9, sun. 11/9.

Míðasalan er opin kl. 13:00-18:00 mánudaga og þriðjudaga.

Aðra daga kl. 13:00- 20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.

midasala@leikhusid.is. Sími 551-1200

www.leikhusid.is

100 ár frá Þingvallakorti Ravels

„Maurice Ravel, eitt mesta tón- skáld Frakka, var hér á landi árið 1905 því hann sendi póstkort frá Þingvöllum 2. september það ár. Þetta kort hefur verið grafið upp í Yale-háskóla í Bandaríkjunum. Póstkortið stílaði Ravel á velunn- ara sinn sem hét Ida Godbedska og það eina sem kemur fram í því er að hann hafi samband við hana þegar hann komi aftur til Frakk- lands. Það er hins vegar ekkert vitað hvað Ravel var að gera hér á landi,” segir Rut Ingólfsdóttir, fiðluleikari og listrænn stjórn- andi Kammersveitar Reykjaví- kur, en Kammersveitin heldur tón- leika í Þjóðmenningarhúsinu á morgun, föstudaginn 2. septem- ber klukkan 20.00, í tilefni af því að hundrað ár eru liðin frá veru Ravels hér á landi. Einleikari á tónleikunum er Elísabet Waage hörpuleikari og Sesselja Krist- jánsdóttir messósópran syngur.

Á tónleikunum verða leikin ýmis verk eftir Ravel svo sem strengjakvartett í F-dúr og sónata fyrir fiðlu og selló.

Pétur Gunnarsson rithöfundur leiðir áheyrendur á tónleikunum um menningarheim Frakklands og reynir að geta sér til um af hverju Ravel lagði leið sína hing- að.

„Tónleikarnir á föstudaginn marka upphaf starfsársins hjá okkur í Kammersveit Reykjaví- kur og má segja að Mozart verði yfirlitsháttur hjá okkur í ár í til- efni af því að árið 2006 verða 250 ár liðin frá fæðingu hans. Eins munum við halda tónleika í des- ember þar sem við munum leika verk eftir föður Mozarts, Leopold Mozart sem sjálfur var gott tón- skáld,” segir Rut og bætir því við að hingað til lands verði fenginn franskur glerhórpuleikarinn Thomas Bloch sem muni leika með sveitinni á tónleikum í mars.



KAMMERSVEIT REYKJAVÍKUR Sarah Buckley, Sigurður Bjarki Gunnarsson, Rut Ingólfsdóttir og Sigurlaug Eðvaldsdóttir leika verk eftir franska tónskáldið Maurice Ravel á tónleikum í Þjóðmenningarhúsinu á föstudaginn klukkan 20.00.

Kammersveit Reykjavíkur fer

ur og má segja að Mozart verði yfirlitsháttur hjá okkur í ár í til- efni af því að árið 2006 verða 250 ár liðin frá fæðingu hans. Eins munum við halda tónleika í des- ember þar sem við munum leika verk eftir föður Mozarts, Leopold Mozart sem sjálfur var gott tón- skáld,” segir Rut og bætir því við að hingað til lands verði fenginn franskur glerhórpuleikarinn Thomas Bloch sem muni leika með sveitinni á tónleikum í mars.

Skilur safnið eftir í góðum höndum

Það var kveðjustund í Listasafni Reykjavíkur í gær þegar Eiríkur Þorláksson afhenti eftirmanni sínum Hafþóri Yngvasyni lykka-völdin eftir átta ára starf sem for-stöðumaður. „Það verða ekki bara nafnabreytingar heldur líka nafnabreyting því Hafþór verður safnstjóri,“ sagði Eiríkur. Hann var þó pollrólegur yfir öllu um-stanginu og sagðist ekki vera láta sig hverfa fyrir fullt og allt. „Ég verð með umsjón yfir stórrí Kjar-vals-sýningu sem haldin verður í október í tilefni af 120 ára afmæli Kjarvals og verð síðan eftirmanni mínum innan handar eftir því sem hann þarfnast mín,“ segir Eiríkur. „Helsta breytingin verður kannski sú að ég fæ að sofa út í

nokkra daga,“ bætir hann við og hlær. Eiríkur hefur fylgt Listasafni Reykjavíkur í gegnum mikið breytingaskeið og segir það hafa verið stóra stund þegar Hafnar-húsið var tekið í notkun. „Fyrir átta árum voru Kjarvalsstaðir og Ásmundarsafn í góðri sambúð með í kringum fimmtíu þúsund gesti. Í dag erum við með þrjú söfn og 120 þúsund gesti,“ útskýr-ir hann og telur sig því vera skilja við safnið í góðu ástandi.

EIRÍKUR ÞORLÁKSSON Eiríkur kvaddi starfsfólk Listasafnsins í gær. Eiríkur fer þó ekki langt því hann mun hafa umsjón með stórrí sýningu í tilefni af 120 ára afmæli Kjarvals á Kjarvalsstöðum.



!
90,9

MORGUNÚTVARPIÐ
Í umsjón Sigurjóns M. Egilssonar og Gunnhildar Örne Gunnarsdóttur. Á Talstöðinni alla virka daga kl. 7.

HVAD? HVENÆR? HVAR?

29 30 31 **1** 2 3 4
Fimmtudagur

KVIKMYNDIR

17.00 Þjóðminjasafn Íslands og Kvikmyndasjóður Skaftfellinga hafa tekið höndum saman um að sýna heimildakvikmyndina **Í jökla**na skjóli sem **Vígfús Sigurgeirsson** ljósmyndari tók á árunum 1952-1954 í Skaftafellssýslum. Skýringar-texta samdi **Jón Aðalsteinn Jónsson** og er hann jafnframt flytjandi textans. Kvikmyndin verður sýnd í **fyrir-lestrasal Þjóðminjasafns Íslands** við Suðurgötu fyrsta fimmtudag hvers mánaðar næstu fjóra mánuði og verður fyrsti hlutinn sýndur í dag.

TÓNLEIKAR

- 20.00 **Alexandra Chernyshova**, sópran og **Gróa Hreinsdóttir**, píanó og orgelleikari, halda tónleika í **Ytri-Njarðvíkurkirkju**. Tónleikarnir eru hluti af dagskrá Ljósanætur 2005. Hilmar Jónsson, rithöfundur, verður kynnr auk þess sem hann les eigin ljóð milli söngatriða. Tónleikarnir eru í boði Samkaupa. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.
- 21.00 Tónlistamaðurinn og plötu-útgefandinn **Kasra Mowlavi** treður upp á fastakvöldi Breakbeat.is á **Pravda**. Upphitun verður í höndum fastasnúðanna Kalla og Gunna Ewok.
- 21.00 **Petter Winnberg**, **Micke Svensson**, **Sigurður Guðmundsson** og **Eric Kvick** spila tónlist í **Gallerý Gel** á horni Hverfisgötu og Klapparstígs.
- 21.00 Hljómsveitirnar **Plat**, **Nicolas Britain**, **Frank Murder** og **7berg** leika á **Bar 11**, Laugavegi 11. Tónleikarnir eru hluti af næst-síðastu helgi Grapevine Bad Taste tónleikaraðarinnar. Aðgangur er ókeypis.
- 22.00 Hljómsveitin **Vonbrigði** með tónleika á **Gauk á Stöng**. Einnig koma fram **Dýrðin** og **Hellvar**.
- 22.00 Tónleikar með hljómsveitunum **Reprasensative Man**, **Auxpan**, **Cotton + 1** og **Johnny Poo** á **Grand Rokk**.

OPNANIR

17.00 **Ólaf Nordal** opnar sýningu á ljósmyndaverkum í **ið**. Galleríð er opið miðvikudaga til föstudaga frá 11-17, laugardaga frá 13 til 17 og eftir samkomulagi.

FUNDIR

20.30 Opinn fundur vegna lokunar **Listdanskóla Íslands** í húsakynnum **Listaháskólans Laugarnesi**. Að fundinum standa Félag Íslenskra listdanskara ásamt Bandalagi Íslenskra Listamanna. Fundurinn er opinn öllum þeim sem láta sig listdansinn varða og stöðu listnáms í íslensku menntakerfi.

LEIKLIST

21.00 Allra síðasta sýning á verkinu **Penetrator** eftir **Anthony Neilson** í gallerí **Klink og Bank**. Leiklistarnemarnir **Jörundur Ragnarsson**, **Stefán Hallur Stefánsson** og **Vígnir Rafn Valþórsson** flytja verkið en strákarnir fengu með sér hópinn Hugarafli til þess að miðla af reynslu sinni og skapa umræðu um geðsjúkdóma í tengslum við sýningar á verkinu.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

NASA

LAUGARDAG 03.09.'05

TODMOBILE

STÓRDANSLEIKUR

EIN ÁSTSÆLASTA HLJÓMSVEIT ÍSLANDS FYRR OG SÍÐAR

LOKSINS AFTUR Á NASA

FORSALA MIÐA FÖSTUDAG FRÁ 13-17
MIÐAVERÐ Í FORSÖLU 1500 KR.
HUSIÐ OPNAR KL. 23.00

NASA

PAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

Brjóstglaðar leikkonur

Hvað eiga Pamela Anderson og Jennifer Garner sameiginlegt? Í fljótu bragði virðist það ekki vera mikið en þær töluðu báðar um brjóstin sín í nýlegum viðtölum.

Pamela Anderson sagðist drekka espresso-kaffi vegna þess að það gerði geirvörtunarnar hennar stinnar. „Eins langt og kaffi nær myndi ég segja að espresso kláraði verkið – það fer beint í geirvörtunarnar,“ sagði Pamela í

viðtali við tímaritið Elle.

Jennifer Garner, sem ber barn sitt og leikarans Ben Affleck undir belti, sagði í viðtali við tímaritið In Style að hún kallaði brjóstin sín „smákökurnar“ og sagðist hún vera stolt af brjóstunum sínum. Þá sagði hún enn fremur frá því að við tókum á þáttunum Alias hefði hún oft spurt. „Er þetta smákökuskot?“ og þá vissu allir hvað hún ætti við. ■



JENNIFER GARNER Kallar brjóstin sín „smákökur“ og er mjög stolt af barninu sínum. Hún á von barni með leikaranum Ben Affleck.



PAMELA ANDERSON Drekkur espresso og segir það gera geirvörtunarnar sínar stinnari.

Stórtónleikar

á Players Sport Café í Kópavogi
í kvöld kl. 20.00.

Tónleikarnir eru haldnir til styrktar Siglfríðingnum Rósu Björnsdóttur sem hefur lent í slæmum slysum og átt við mjög erfið veikindi að stríða síðastliðin ár.

Margir af bestu tónlistarmönnum landsins koma fram og gefa þau öll vinnu sína! Meðal þeirra eru:

Halli og Laddi - Birgitta Haukdal
Stefán Hilmar - Eyjólfur Kristjáns - Páll Rósinkranz
Bogomil Font - Regína Ósk - Einar Júlíusson
Idol-stjörnurnar Davíð Smári og Heiða
Helgi Sv. Helgason ásamt hljómsveit

Kynnir á tónleikunum verður
Theódór Júlíusson

Aðgangseyrir er aðeins kr. 2.000 og vonum við að sem flestir mæti og njóti góðrar skemmtunar.

Einnig er hægt að leggja inn á reikning 0538-14-100263 í Íslandsbanka ef einhverjir vilja veita henni frekari stuðning.

Með fyrirfram þökk
Aðstandendur

Svör við öllum spurningum um tísku og útlit

Þær konur sem hafa einhverjar spurningar varðandi haust- og vetrartískuna eða útlit almennt geta nú fengið þeim öllum svarað. Dagana 1. til 11. september verða haldnir tískudagar í Smáralind en á meðal þess sem boðið er upp á er tísku- og útlitsráðgjöf frá sérfræðingum sem hafa innsýn og reynslu í faginu.

„Ráðgjöfin er fyrir konur á öllum aldri,“ segir Margrét Einarsdóttir, einn ráðgjafanna. „Hún verður tvískipt, en á efri hæðinni, milli Levi's og Zöru, verður ráðgjöf fyrir ungar stelpur og unglinga. Á neðri hæðinni, fyrir framman Debenhams, verður ráðgjöf fyrir konur.“

Margrét átti tískuvöruslun með Dýrleifi Örlygsdóttur og hefur unnið sem stílisti. „Ég er búin að vera í þessu frá örfri alda,“ segir Margrét og hlær.

Hinir ráðgjafarnir eru heldur ekki af verri endanum: Elma Lís Gunnarsdóttir, leikkona og tískudrottning með meiru, Jóna Ágústsdóttir sem fengist hefur við hár, förðun og stíliseringu, Dagbjört Guðmundsdóttir textilhönnuður og Jómí stílisti.

„Hver og einn fær hálf tíma ráðgjöf og það er hægt að panta tíma á þjónustuborðinu í Smáralind. Virka daga erum við frá fjögur til sex en um helgar erum við frá eitt til sex,“ segir Margrét.

„Við miðum viðtölin bara við óskir hvers og eins, til dæmis hvaða litir henti, hvaða stærðir og hvaða búðir. Svo förum við í gegnum það sem verður í tísku í vetur



SÉRFRÆÐINGARNIR sem veita viðskiptavinum Smáralindar góð ráð á tískudögum, 1. til 11. september.

og hvað fæst í hverri búð fyrir sig því það nenna ekki allir eða hafa tíma til þess að fletta í tískublöðunum.“

Ýmislegt fleira verður í boði á tískudögum Smáralindar því auk þessara fimm sérfræðinga verða

stílistar Debenhams einnig með ráðgjöf og svo verða alls kyns skemmtilegar kynningar sem ættu enn frekar að skerpa á tilfinningu viðskiptavina fyrir stefnum og straumum komandi veturs. ■

Katrín nær til Hollywood

Fellibylurinn Katrín hefur haft töluverð áhrif á kvikmyndageirann í Hollywood. Vinsælt er að taka upp myndir á svæðinu þar sem hamfarirnar voru verstar því Louisiana er með gott skattaumhverfi. Árið 2004 voru 27 kvikmyndir og þættir gerðir í Louisiana-ríki. Þegar Katrín skall á var verið að undirbúa tókur á myndinni Deja Vu með Denzel Washington og The Guardian með Kevin Costner í New Orleans og samkvæmt Los Angeles Times leigði Disney flugvél til þess að flytja upptökulið myndanna úr borginni. Tökur voru þegar hafnar á tveimur myndum í borginni, The Last Time með Michael Keaton og Vampire Bats með Lucy Lawless, svo ekki er víst hvað gert verður í framhaldinu. Einnig var verið að taka upp The Reaping með Hilary Swank í Baton Rouge í nágrenni New Orleans, sem varð mjög illa úti í hamförunum, og áætlað var að hefja tókur í nágrenninu á

nokkrum myndum til viðbótar svo áhrifin eru gífurleg.

Ekki er vítað hvað framleiðslufyrirtæki myndanna hafa tapað miklum peningum vegna hamfaranna en þær hafa einnig áhrif á áhorf nýrra kvikmynda enda hefur almenningur á svæðinu sjálfsagt lítinn áhuga á bíómyndum þessa stundina. ■



MICHAEL KEATON Ekki er ljóst hvað verður um myndina The Last Time sem hann leikur í en tókur voru hafnar í New Orleans.



Skipti um stíl

Söngkonan Ciara var ekki mikil tískudrottning áður en frægðin bankaði á dyrnar hjá henni. Hún var það sem kallað er strákastelpa og setti þau skilyrði þegar hún byrjaði í bransanum að hún yrði ekki látin ganga í pílsum eða kjólum og alls ekki háum hælum. Hún hefur þó þurft að sætta sig við örlitlar breytingar á þeim hugsunarhætti og er farin að leyfa stílistanum sínum, Rosie Philidor, að ráða.

SIRKUS RVK ER HLUTI AF SIRKUSHEIMINUM

KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA FÆST Á ÖLLUM HELSTU BLAÐSÖLUSTÖÐUM VERÐ KR. 300

ÉG SKIL ÁGÆTLEGA AÐ SUMIR HALDI AÐ ÉG SÉ BARA EINHVER SPRELLIGOSI SEM FÉKK AÐ SPRELLA Í SJÓNVARPINU Á LAUGARDAGSKVÖLDUM OG SKILJI EKKI HVAÐA ERINDI ÉG Á Í BORGARSTJÓRN MEÐ ÞÁ REYNSLU Í FARTESKINU.

NÝTT HLUTVERK
GÍSLI MARTEINN VILL VERÐA BORGARSTJÓRI

SIRKUS RVK
NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓN.

Lófatölvan frá Sony komin út

Stóra stundin er runnin upp því í dag gefst tölvuleikjafíklum kostur á að kaupa nýjustu afurð Playstation-fjölskyldunnar. Í boði verður Sony PSP Value Pack sem er smekkkfullur af ýmis konar aukadóti. Má þar nefna hulstur utan um vélina, heyrnartól með fjarstýringu og minnskort.

Fjöldi leikja kemur út samfara hinni nýju „lófatölvu“ og nægir þar að nefna Everybody's Golf, Medieval Resurrection, Fired Up og F1 Grand Prix.



PSP-LÓFATÖLVAN

Victoria eins og hver önnur mamma

Victoria Beckham virðist hafa einhverjar áhyggjur af orðspori sínu sem stelpa sem hugsar að eins um útlitið og les ekki staf. „Ég er svona týpa sem líkar best að vera í gallabuxum með engan farða,“ sagði Victoria í viðtali við The Daily Telegraph þegar hún var í London á dögunum. Victoria heldur því fram að hún sé „bara eins og hver önnur mamma“. „Fólk sér allar þessar myndir af okkur þar sem ég er í mínu fínasta þússi, auðvitað reyni ég það þegar ég fer eitt-

hvað út með eiginmanninum mínum, en treystið mér – þegar enginn sér okkur heima erum við svo venjuleg að það er næstum því leiðinlegt. Auðvitað geng ég ekki um húsið á háum hælum og í kjólum eftir fræga hönnuði þegar ég set í uppþvottavélina eða leik við krakkana.“ Victoria talaði einnig um dvölinu á Spáni í viðtalinu, en eftir tvö ár er henni loksins farið að líða eins og hún sé heima hjá sér. Hún er þó örg út í spænskt tímarit sem vitnaði í hana vitlaust, sem

leiddi til þess að heimspressan sagði að Victoria læsi aldrei bækur. „Ég sagði bara að ég hefði eiginlega aldrei tíma til þess að klára bækur. Ég er viss um að allar mæður með þrjá stráka viti hvað ég meina.“ ■



VICTORIA BECKHAM Þó að Victoria segist líða best í gallabuxum er ljóst að þetta eru ekkert venjulegar gallabuxur, heldur eru þær hannaðar af henni sjálfri fyrir Rock and Republic Jeans sem eru mjög vinsælar meðal fræga fólksins.



HILARY DUFF Þegar hún mætti í útsendingu á sjónvarpsstöðinni MTV á fimmtudag.

Róttækar breytingar

Leik- og söngkonan Hilary Duff var nánast óþekkt þegar hún mætti í tónlistarþáttinn TRL á MTV í fimmtudagskvöld. Stúlkan hæfileikaríka var með kolsvart axlasítt hár en hún hefur alla tíð verið með ljósa síða lokka. Líklegast þykir að hún hafi skellt á sig hárkollu til þess að breyta til en einhver heyrði hana segja að sér þætti þúkalegt að vera með ljóst hár við svart rokkdressið sem hún var í.

Skoðanir manna á þessum róttæku breytingum voru skiptar en þær féllu mönnum þó betur í geð en þær breytingar sem hún gerði á tanngarði sínum nýlega. „Það er augljóst að hún er ekki alveg búin að finna sig og er bara að prófa mismunandi útlit,“ sagði tískuspekúlant á bandarísku tímariti. „Mér fannst hún nú bara sætust með sitt eðlilega hár og sínar eðlilegu tennur.“ ■



TOM HANKS Tom var við tókur á Da Vinci lyklinum 18. ágúst í Englandi.

Hanks í Akademiuna

Tom Hanks hefur verið kosinn varaforseti leiklistarakademiunnar í Bandaríkjunum, Academy of Motion Picture Arts and Sciences, sem sér um Óskarsverðlaunin. Hanks hefur unnið til tvennra Óskarsverðlauna en hefur jafnframt verið í ráði leikara innan akademíunnar um skeið. Fyrrverandi varaforseti samtakanna, Sid Ganis, er nú orðinn forseti og fyrsta verk hans verður að velja framleiðanda fyrir Óskarsverðlaunahátíðina sem haldin verður 5. mars. ■





PÓSTURINN
allur pakkinn

SKÓLA-FÓLK

Íslandspóstur leitar að skólafólki sem getur unnið 2-5 daga í viku við dreifingu. Til greina kemur að vinna fyrir eða eftir hádegi í 2 til 4 tíma á dag. Komið með stundatöfluna til okkar og skipuleggjum vinnuna í samræmi við hana. Aðeins er unnið á virkum dögum. Um er að ræða störf víða á höfuðborgarsvæðinu.

Allar nánari upplýsingar fást í síma 580 1000. Einnig er hægt að sækja um starf á www.postur.is

www.postur.is

Auðveldara að skrifa um aumingja

Róbert Douglas ætlaði fyrst að gera alvöru fótbolta-mynd. Hann endaði á því að gera mynd um samkynhneigð með knattspyrnu í forgrunni. Freyr Gígja Gunnarsson ræddi við leikstjórnann.

Á föstudaginn verður kvikmyndin Strákarnir okkar frumsýnd með viðhöfn. Hún er þriðja leikna myndin eftir Róbert Douglas. Íslenski draumurinn var hans fyrsta mynd en hún sló eftirminnilega í gegn. Enda þekkja allir típu eins og Tóta, draumgjarnan Íslending sem vill auðgast á skjótan hátt. Maður eins og ég var í dramatískari dúr. Sjálfur sér Róbert hana sem gamanmynd. Báðar myndirnar eiga það sameiginlegt að fjalla um hálfgerða aumingja. Róbert segir auðveldara að skrifa um slíka menn. Það kveður því við nýjan tón með Strákunum okkar. Knattspyrnumaðurinn Óttar Þór er alls enginn aumingi heldur karlmaður sem tekur á sínum málum af alvöru. „Svona náungi sem stráka dreymir um að vera og stelpur dreymir um að vera með“, segir Róbert. „Fjölskyldan þarf ekki að sætta sig við hann heldur þarf Óttar að sætta sig við fjölskylduna sína,“ bætir hann við.

Fagurfræðilega öðruvísi mynd

Róbert er nýkominn úr fríi frá Kína og staldrar stutt við því hann er á leiðinni til London til þess að sækja myndina. Þetta er í fyrsta skipti sem hann tekur upp á filmu og hann segir það mun meiri vinnu. „Ég hef alltaf búið mig mjög vel undir allar mínar myndir. Fagurfræðilega séð er Strákarnir okkar allt öðruvísi en hinar myndirnar mínar en „filingurinn“ er sá sami.“

Róbert skrifaði handritið í samstarfi við Jón Atla Jónasson. Hann langaði til þess að gera alvöru fótbolta-mynd. „Ég var búinn með eina mynd um knattspyrnu og velti því upp í gríni hvort ég ætti ekki að búa til þrileik um íþróttina,“ segir Róbert. Hann hafi í

framhaldi af því reynt að finna vinkel sem hægt væri að nota. „Mér fannst vanta leikna mynd um samkynhneigð sem passaði vel við karlmannsfótbolta þar sem hún er tabú,“ segir Róbert. Hlutirnir æxluðust síðan þannig að myndin fjallar minnst um fótbolta og mest um samkynhneigð. „Svona var þetta líka með myndina Maður eins og ég. Hún átti í fyrstu að fjalla um innflytjendur en endaði á því að fjalla um Júlía, sem verður ástfanginn af innflytjanda,“ segir Róbert, sem reiknar með því að þurfa að loka þrileiknum á einhverjum tímamarki. „Við skulum bara sjá hvernig fótbolta-mynd það verður.“

Ekki knattspyrnumenn á háhæluðum skóm

Það var ekki erfitt að fá leikara í myndina en um tvö hundruð manns mættu í þrúfur.

„Þegar leikararnir áttu að fara með línu úr handritinu settu þeir undantekningarlaust upp höndina



RÓBERT DOUGLAS Róbert vinnur að handriti með Þorsteini Guðmundssyni um tvo aumingja sem vinna Eurovision og ferðast um Evrópu.

ÞETTA ERU STRÁKARNIR OKKAR

Samkynhneigða knattspyrnuliðið sem framherjinn Óttar Þór gengur til liðs við er ef til vill ekki besta liðið á landinu. Samheldni og sú staðreynd að allir vilja skora, í öllum hugsanlegum merkingum þess orðs, heldur því á tánum.



ÓTTAR ÞÓR Björn Hlynur Haraldsson



VALDI Valdimar Flygenríng



DANÍEL Víðir Guðmundsson



ARON Magnús Jónsson



LOGI Árni Pétur Guðjónsson



STARRI Maríus Sverrisson



STEBBI Jón Jósep Snæbjörnsson



INGVAR Davíð Guðbrandsson



MATTHÍAS Jóhann G. Jóhannsson



ALFRED Erlendur Eiríksson



RÓSI Damon Younger



PERCY Serouna Yansane

og fóru í ýkta útgáfu af samkynhneigða karlmanninum,“ segir Róbert og hlær. Þetta vildu þeir vera lausir við. „Þetta fótoltalið er ekki samansafn manna á háhæluðum skóm,“ bætir Róbert við.

Björn Hlynur Haraldsson og Víðir Guðmundsson leika eina parið í myndinni og Róbert segist hafa hvatt þá til þess að fara ekki of langt frá sjálfum sér. „Þeir spila fótbolta saman, horfa á hann saman, spila Playstation saman og sofa saman án þess að það sé eitthvað vesen. Þeir áttu að tala saman eins og þeir væru að ræða við kærustur sínar,“ segir Róbert, sem hrósar Víði í hástert. „Hann fékk erfiðasta hlutverkið. Hann þarf að vera nakinn með öðrum karlmanni. Þeir voru margir sem höfnuðu þessu hlutverki vegna þessa.“

Langir vinnudagar

Strákarnir okkar var tekin upp á mjög skömmum tíma, aðeins fjórum vikum, sem þykir knappur tími í heimi kvikmyndanna. Það komu því vinnudagar inni á milli sem voru sextán tímar. Andinn í hópnum var engu að síður góður enda valinn maður á hverjum stað. Upphaflega átti atriðið á Gay Pride-göngunni að vera síðasti tökudagurinn en vegna margvíslegra tafa varð hann sá fyrsti. „Það var mikið stress og ekkert mátti fara úrskaiðis. Það gekk hins vegar allt upp,“ segir Róbert og finnst sú sena vera með þeim betri í myndinni. Það var margvíslegt skendið sem kom upp í kringum þessa töku. Fáir höfðu haft veður af þessari mynd og því margir sem ráku upp stór augu þegar liðsvagninn rúllaði niður Laugavegin. „Á fimm metra fresti heyrði ég hluti á borð við: „Nei, Helgi Björns kominn út úr skápnunum!“ eða „Nei, nú er öllu lokið, Valdimar Flygenring orðinn hommi“. Undir lokin voru einhverjir leikarar farnir að hrópa á móti: „Þetta er bara bíómynd, sjáið bara tökuvélin.“

Það er ekki mikill frítími fram undan hjá Róberti. Hann þarf að fylgja myndinni eftir á kvikmyndahátíðir og sinna kynningarstarfi. Þar að auki situr hann ekki auðum höndum hvað handritsgerð varðar og vinnur þessa stundina með Þorsteini Guðmundssyni. „Við erum að skrifa handrit um tvo aumingja sem vinna Eurovision-söngvakeppnina og ferðast um Evrópu.“

freyrgigja@frettabladid.is

SMS LEIKUR

SENDU SMS SKEYTID
BTC LUDF
Á NÚMÉR 1900
OG ÞU GETUR UNNIÐ
9. HVER VINNURI

STRÁNGLEGA BÖNNUÐ
YNGRI EN 16 ÁRA

VINNINGAR ERU:

- BÍOMÍÐAR FYRIR FJÓRA
- DVD MYNDIR
- FLÖTTUR VARNINGUR
- TENGUR MYNDIRNI OG COCA COLA

ÞU GETUR UNNIÐ MÍÐA FYRIR 4 Á

LAND OF THE DEAD

02-09-05

MOBILE X BIO SMÁRA BÍÓ

VINNINGAR VERRA, AÐHÉLDUR ÁLA, BT, SMÁRALINGI, KÖPAVÖÐ, MEÐ ÞVI ÁÐ, TAKA, ÞATT EFTIR KÖNNUM, SMS KL. 1000, 140 KR/SKEYTID.



HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



> Náttúruleg snilld ...

Maldon-saltflögurnar eru unnar náttúrulega úr sjó og algerlega lausar við öll aukaefni. Saltið er gott í nánast alla matargerð og svo er það svo gírnilegt viðkomu. Nammi namm!

matur&vín

maturogvín@frettabladid.is



MATGÆÐINGURINN HRAFNHILDUR HÁKONARDÓTTIR EINKAÞJÁLFARI

Rjúpur, rjúpur og aftur rjúpur

Hvaða matar gætir þú síst verið án? Rjúpna, það er svo mikil nautn að borða rjúpur. Þær eru einfaldlega það besta sem ég fæ.

Fyrsta minningin um mat? Ég held að það hafi verið kleinurnar hennar ömmu. Ég man alltaf eftir lyktinni, hún var svo góð. Einu sinni reyndi ég að búa til kleinur sjálf og þá heyrðist í ömmu: „Bíddu, af hverju eru tveir hnútar á þínum kleinum?“ Ég hef ekki bakað kleinur síðan.

Er einhver matur sem þér finnst vondur? Svið finnst mér verst. Lyktin af heitum sviðum er hryllileg, eins og blautir vettlingar. Svo er ég heldur ekki mikið fyrir bjúgu, hrossakjöt og súr-

mat. Nánast allt annað get ég borðað. **Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Rjúpur, rjúpur og rjúpur.

Leyndarmál úr eldhússkápnum?

Salt, pipar og olía. Ég nota þessa hluti mjög mikið við eldamennskuna og því verð ég að eiga þetta.

Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur? Þá borða ég lambakjöt og salat. Það hressir mig alltaf við ef skapið er ekki í lagi.

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?

Rjóma á ég alltaf til og líka suðusúkkulaði. Ef ég á það ekki, þá er ekkert til. Svo á ég líka alltaf smjör og ost.

Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða

mat myndir þú taka með þér? Ég myndi nú reyna að taka með mér einhvern rjúpnalager bara. Svo myndi ég bara vona að það yxu rífs-ber á trjánum svo ég gæti búið til sultu.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?

Það skrítnasta sem ég hef borðað er kúamagi, sem var ógeðslegur, og marglytta.



TABLE MOUNTAIN:

Kraftmikið á góðu verði

Suður-afríska vínið Table Mountain Cabernet Merlot er blanda af 80% cabernet sauvignon og 20% merlot-þrúgum, handtíndum á bestu vínekrunum í Stellenbosch, Paarl, Wellington og Robertson á Western Cape-svæðinu í Suður-Afríku. Auð-drukkið vín, ilmhöfugt og ávaxtaríkt. Hentar vel með pasta, hrísgrjónum og léttari kjöt-réttum. Víngerðarmaðurinn Michael Bucholtz lætur vínið þroskast í stáltönkum og eikartunnum til jafns. Kraftmikið vín á afar góðu verði. Konum líkar þetta vín afar vel með mat eins og sjá má í góðri umsögn nýlega í hinu þekktu danska blaði Hjemmet.

Verð í Vínbúðum 990 kr.



STEFÁN ÓLAFSSON YFIRBARÞJÓNN Á SALTÍ „Við smökkum myntuna á hverjum morgni,“ segir Stefán og bendir á að erfitt sé að gefa nákvæmar uppskriftir að kokkteilum því ávextirnir séu missúrir og myntan ekki alltaf eins.

Mojito ekki sama og mojito

„Kokkteilamenningin er að aukast hérna á Íslandi en það er svolítið nýjabrum á þessu. Fólk er mikið í sætum drykkjum. Það vex þó af fólki,“ segir Stefán Ólafsson, yfirbarþjónn á Salt barnum. Vinsælasti kokkteillinn á Salti er mojito og það sama má sennilega segja um flesta bari landsins. „Mojito-kokkteillinn sló í gegn í Bandaríkjunum og Evrópu fyrir nokkrum árum síðan en náði aldrei jafnmiklum vinsældum og hér,“ segir hann. Íslendingar virðast því hafa uppgötvað kokkteilinn heldur seinna en aðrir en tekið þeim mun meira ástíðni við hann.

Mojito er ekki sama og mojito. „Mér finnst merkilegt hvað mojito er mismunandi á stöðunum. Það eru til mjög margar uppskriftir að kokkteilum og oft eru menn að reyna að spara hér og þar. Oft er sett Sprite, sem á alls ekki að vera, eða of mikið sóðavatn,“ segir Stefán. „Stundum hef ég séð að ávaxtabitanir eru settir út í glasið en það á ekki að vera því þá kemur of mikil beiskja í drykkinn.“ Mojito er svo kallaður julep, sem er tegund af kokkteilum sem eiga það sameiginlegt að innihalda myntu. „Mojito er í raun romm-julep. Hinn frægi myntu-julep er með búrbón í stað-

inn fyrir romm en að öðru leyti eins og mojito.“ Í dag tala menn um mojito með mismunandi gerðir áfengis þó að upphaflega hafi mojito verið með rommi.

ferskur límónusafi, úr einni meðalstórrí límónu tvær eða þrjár skeiðar af hrásykri
6 cl Bacardi hvítt romm
tveir til þrír stönglar af ferskri myntu og laufblöðin á þeim

Vökvanum og sykrinum er hrætt vel saman í glasinu. Myntan er sett út í og marin með kokkteilhærurinni til þess að ná olíunni úr henni í drykkinn. Svo er settur mjög mulinn klaki yfir og glasið fyllt. Að lokum er hrætt upp aftur í glasinu og sett skvetta af kolsýrðu vatni ofan í, um það bil 1 cl, til að fá aukinn ferskleika.

Mojito er ferskur og svolítið súr en á alls ekki að vera sætur. Hrásykurinn er nauðsynlegur því hann leysist ekki eins vel upp og hvítur sykur. „Ef manni finnst drykkurinn ekki nógu sætur er hægt að hræra í honum eða leyfa honum að standa aðeins og láta sykurinn leysast betur upp. Þetta er það góða við hrásykurinn, fólk

getur stýrt því meira sjálft hversu sætur hann er,“ segir kokkteilsérfræðingurinn. Hann leggur áherslu á að oft verði að láta tilfinninguna ráða í kokkteilgerð, rétt eins og í matargerð.

Ekki kunna allir að meta mojito og þá mælir Stefán með einhvers konar martini-drykkjum. „Kokkteilar eins og epla-martini, espresso-martini og Cosmopolitan eru að koma inn,“ segir hann.

ESPRESSO-MARTINI:

4 cl vodka
2 cl Kahlúa
Rétt framan af teskeið af hrásykri
Einn sterkur espresso, nýlagður



Allt er hrist mjög vel saman með klaka til þess að kæla drykkinn niður. Helld út í martini-glas en klakinn síaður frá og ekki settur í glasið. „Kúnstin er að nota ferskt kaffi. Ef hrist er nógu vel og kaffið er gott kemur espresso-froða ofan á af sjálfu sér,“ segir yfirbarþjónninn á Salti.

rosag@frettabladid.is



Grillað

spergilkál og blómkál

400 g spergilkál
400 g blómkál (nota má eingöngu aðra tegundina) salt
4 msk. ólífuolía
1 hvítlauksgeiri, pressaður
2 tsk. ferskt rósmarín eða 1/2 tsk. þurrkað nýmalaður pipar

Spergilkálið og blómkálið snyrt og skipt í kvisti. Soðið í saltvatni í 3-4 mínútur og síðan látið renna vel af því. Olía, hvítlaukur, rósmarín, pipar og salt sett í skál og hrætt saman. Spergilkálið og blómkálið sett í skálina og blandað vel. Látið standa nokkra stund og hrætt öðru hverju. Grillið hitað. Kálið sett í wok-pönnu fyrir grill (með götum), í vírgrind eða á grillbakka úr áli og grillað við góðan hita í nokkrar mínútur, eða þar til það er farið að brúnast og komið grillbragð af því. Hrætt eða snúið nokkrum sinnum á meðan. Borið fram heitt með grilluðu kjöti, kjúklingi eða fiski.

ÍSLENSKA MÆLINGASTOFAN ISLAS GÁ 2005 06/2005

Fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur á www.islenskt.is

VK KICK: Ódýrasti áfengi gosdrykkurinn

Framboð á áfengum gosdrykkjum eykst sífellt og fram koma ódýrari drykkir, en hingað til hafa drykkirnir verið í dýrari kantinum. Nú eru komnir í sölu í Vínbúðum bresku drykkirnir VK Kick. Þeir eru framleiddir af fyrirtækinu GBL á Bretlandseyjum og eru í hópi vinsælustu áfengu gosdrykkja á Englandi auk þess að hafa náð fótfestu á meginlandi Evrópu.

VK Kick eru 4% að styrkleika og þykja tegundirnar allar mjög bragðgóðar og njóta sín vel í fallega hönnuðum 275 ml glerflöskum. Hér eru á ferðinni ódýrustu áfengu gosdrykkirnir í Vínbúðum.

Fást í Heiðrúnu og Kringlunni og kosta 197 kr.



NESE:
nframleiðandi ársins á Ítalíu

se hefur verið valinn vínframleið-
rsins á Ítalíu af hinum virta Luca
i sem gefur árlega út bókina „Guida
ni Italiani“ þar sem hann fjallar um
stu vín sem framleidd eru á Ítalíu ár
Maroni flokkar tuttugu bestu fram-
lurna eftir verði og gæðum. Í ár
aði hann tólf vín frá Farnese og var
einkunn þeirra töluvert hærri en
iðandans sem lenti í öðru sæti.

ega hófst sala á tveimur vínum frá
se í tveimur stærstu Vínbúðunum til
u eins og það er kallað þegar ný vín

eru sett í sölu. Reyndar er um að ræða
sama vínið í mismunandi sölueiningum,
annars vegar 3 lítra kassa og hins
vegar 75 cl flösku. Vínið sem heitir
Farnese Sangiovese er gert úr
sangiovese-þrúgunni sem kemur
frá Abruzzo-svæðinu á mið-Ítalíu.
Vínið er mjög ávaxtaríkt og
mjúkt og hentar mjög vel með
pastaréttum, kjöti og ostum.
Fást í Heiðránu og Kringlunni og kosta 990
kr. í 75 cl flösku og 3.250 kr. í 3 l kassa.



TINGASTAÐURINN
É KIDDA RÓT SUNNU-
K 2, HVERAGERÐI



ómantískir
imborgarar

D Hvernig er stemn-
ingin? Staðurinn er
rómantískur og kósí en
einnig er þar á staðn-
Mikil áhersla er lögð á að
i verðinu niðri og fá fleiri við-
ævini í stað þess að hækka
ag og uppskera færri við-
ævini. Mismunandi myndlistar-
gar eru á veggjunum og
g eru tveir veggir þar sem
lir eru af frægu fólki sem
mætt á staðinn.

seðillinn: Svokallaða róman-
hamborgara er að finna á
eðlinum. Auk þeirra eru pitsur
heita í höfuðið á bílategund-
iusturlenskur matur, salöt og
onar bakkelsi og tertur. Um
r er boðið upp á belgískar
ir, stórar og miklar með rjóma,
rberjum og sérstökum kanil-ís
öris sem fæst hvergi annars
r.

ælast: Hamborgarnir eru
